

## Efni Súlna 2015:

	Bls.
	Forsíðumynd – ritstjórnarspjall ..... 3
	Tvennir tímar ..... 5
Ása Marinósdóttir	Hver var Jóhannes Óli Sæmundsson?..... 22
Helgi Hallgrímsson	Dulheimur Árskógsstrandar ..... 31
Þorsteinn E. Arnórsson	Miðgarður, sumar- og vetrarskáli..... 64
Gísli Guðmundsson	Kláðastríðið 1856-60 ..... 69
Margarete Hüter	Minningar frá stríðsárunum á Akureyri.. 88
Diðrik Jóhannsson	Sauðfjárvarsla á Glerárdal..... 99
Sigurjón Sigtryggsson	Carl Júlíus Grönvold á Siglufirði..... 107
Magnús Aðalbjörnsson	Miðbæjarlíf á Akureyri um miðja síðustu öld ..... 115
Friðrik Rafnsson	Þekkingarleitinn eilífa ..... 136
Eiður Guðmundsson	Fénaðarfellir í Skriðuhreppi 1801-03 og 1822..... 144
	Lögmannshlið – Óvenjulegt minningarmark..... 155
	Skýrsla stjórnar fyrir árið 2014..... 159

SÚLUR XLI: 2015

# Súlu

## NORÐLENSKT TÍMARIT



Félagsheimilið og barnaskólinn að Árskógi, Árskógsströnd

# SÚLUR

---

NORÐLENSKT TÍMARIT

---

*XLI. árg.*  
54. HEFTI 2015

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:  
BJÖRN TEITSSON

---

Eigandi og útgefandi:  
SÖGUFÉLAG EYFIRÐINGA

Ritnefnd Súlna  
skipa:

Ása Marinósdóttir  
Björn Teitsson  
Jón Hjaltason

Sögufélag Eyfirðinga  
Hjalteyrargötu 4, 600 Akureyri  
Sími / símsvari: 462 4024

ISSN 1670-3170

UMBROT OG PRENTUN: ÁSPRENT, AKUREYRI  
Akureyri 2015

## Forsíðumynd – ritstjórnarspjall

Forsíðumyndin á þessu hefti er frá Árskógi á Árskógsströnd. Húsið lengst til vinstri var upphaflega byggt sem skólastjóraíbúð, en í september 1985 var settur þar á stofn leikskólinn Leikbær sem var starfræktur sem slíkur til hausts 2012 er hann var sameinaður grunnskólanum á staðnum. Síðan kemur miðhúsið, þar fer nú fram nær öll kennsla. Litla húsið með dökka þakinu (fjærst) er eign Ungmennafélagsins Reynis og er aðstöðuhús fyrir íþróttavellina. Elsta húsið, Árskógur, sem er í forgrunni (sést einnig á mynd á bls. 24 í þessu hefti) var fyrr eina skólahúsið en er nú notað til íþróttakennslu, þar er einnig mötuneyti skólans, en jafnframt er þetta félagsheimili og samkomuhús.

Myndina tók Soffía K. Höskuldsdóttir á Dalvík.

Þessi forsíðumynd tengist grein Ásu Marinósdóttur um Jóhannes Óla Sæmundsson á bls. 22-30 hér á eftir. Um byggingu elsta hússins er rætt á bls. 25.

Öllum höfundum efnis í þessu hefti er þakkað fyrir góða samvinnu. Ljósmyndadeild Minjasafnsins á Akureyri hefur sem fyrr útvegað ýmsar myndir sem hér með er einnig þakkað fyrir. Myndirnar þrjár með frásögn Margarete Hüter komu frá henni til Jóns Hjaltasonar fyrir allmörgum árum.

Þess er óskað að sem flestir leggi Súlum lið og sendi til ritnefndarmanna þjóðlegan fróðleik og frásagnir af ýmsu tagi, einkum varðandi eyfirska sögu. Stuttir þættir eru sérlega vel þegnir. Netfang ritstjóra er: [banna@simnet.is](mailto:banna@simnet.is). Heimasími hans er 456 4119.

*Ritnefnd*



Gnúpufell um 1987. T.h. fremst er nýja íbúðarhúsið, en bursstinnar tvær fyrir miðju eru gamla bærin sem brann að innan 1956, nú geymsla.  
Mynd úr Byggðir Eytaljarðar 1990.

# Tvennir tímar

## –Viðtal við Ingibjörgu Bjarnadóttur í Gnúpufelli

*Að Gnúpufelli í Eyjafjarðarsveit, áður í Saurbæjarhreppi, hefur Ingibjörg Bjarnadóttir verið húsfreyja frá árinu 1949. Nú býr hún þar ein, eftir að maður hennar Daníel Pálmason andaðist 1999. Börnin eru farin burt.*

*Ingibjörg féllst góðfúslega á að veita Súlum viðtal og fer það hér á eftir. Henni eru færðar kærar þakkir fyrir greið og góð svör.*

*Hvaðan ert þú ættuð, Ingibjörg, og hvað viltu segja okkur um bernskuheimilið?*

Eg er ættuð úr Dýrafirði í Vestur-Ísafjarðarsýslu og fædd í Innri-Lambadal 22. september 1926. Faðir minn Bjarni Sigurðsson (1868-1951) var frá Botni í Dýrafirði, en móðir mín, Sigríður Gunnjóna Vigfúsdóttir (1881-1964) var frá Leiti við Alviðru í sama firði. Eg var yngst af fjórtán alsystkinum. Með fyrri konu sinni Rannveigu Margréti Sveinsdóttur (1880-1901) eignaðist faðir minn eina dóttur, en Rannveig dó þegar dóttirin fæddist. Sú fékk nafnið Rannveig Sigríður og hafði hin deyjandi móðir beðið grannkonu sína Sigríði Þórðardóttur í Meira-Garði að sjá til með barninu fyrst um sinn, en það loforð var efnt svo rækilega að nefnd Sigríður og maður hennar Kristján Júlíus Ólafsson ólu Rannveigu systur mína upp. Þess má geta að Kristján í Meira-Garði var hálfbróðir Rögnvalds Ólafssonar arkitekts (1874-1917). Rannveig systir mín varð síðar húsfreyja í Stóru-Sandvík í Flóa. Foreldrar mínir bjuggu fyrst í Alviðru, síðan um skeið í Minna-Garði en fluttu að Fjallaskaga 1912 og þaðan inn í Lambadal vorið 1926.

Jón bróðir minn (f.1917) sagði mér eitt sinn af fæðingu minni, sem bar að snemma morguns. Móðir okkar var lögst fyrir þegar

pabbi hvarf út í kolsvart haustmyrkrið á hestinum sínum, honum Bleik, til að sækja yfirsetukonuna, Hansínu Guðjónsdóttur á Kotnúpi. Svo fór að rigna og bærinn lak, svo að allt varð blautt, líka í rúminu hjá mömmu. Þegar Hansína kom tók hún sængina ofan af hinni fæðandi konu og þá lak ofan á hana, en ljósmóðirin greip stórt grátt gæruskinn sem til var og breiddi yfir hana, og setti svo hendurnar inn undir og dró mig grenjandi út undan gærinni. Hansína skammaði pabba allan tímann sem hún stóð við, fyrir að vera ekki búinn að gera við bæinn.

Móðir okkar sem var mjög bókhneigð las fyrir okkur á kvöldvökum og var þá alltaf með þrjónana sína í höndunum, enda annáluð fyrir handavinnu sína. Hún var glaðlynd og átti yfirleitt ráð við öllu. Kvik var hún í hreyfingum, þriffin og sívinnandi. Hún var dökkeygð, svarthærð og smávaxin.

Bænum sem ég fæddist í og var óttalegt hreysi, hefur verið ágætlega lýst í bók bróður míns Guðmundar Bjarnasonar, „Frjálsa glaða líf“, sem kom út í Reykjavík 1993. Þessi bær var í raun sex metra löng og þriggja metra breið tóft, veggir naktir, úr torfi og grjóti og moldargólf niðri en baðstofa uppi, þiljuð og með skarsúð. Við bæinn var svo gert síðar og til þess tók faðir minn peningalán, en svo dundi kreppan á 1930. Varð þetta til þess að pabbi þurfti að þiggja sveitarstyrk um tíma og missti við það kosningarétt eins og þá tíðkaðist. Þetta tók hann mjög nærri sér. „En annað er ógleymanlegt og óvenjulegt: Það var fyrsta verk elstu bræðranna að borga þessa sveitarskuld þegar þeir fóru að vinna annarsstaðar“, skrifaði Ingimar Jóhannesson, fóstbróðir Rannveigar systur minnar, í Tímann 21.12.1951. Þetta var erfið lífsárátta hjá foreldrum mínum með þennan stóra barnahóp, enda varð oft að sætta sig við knappan aðbúnað.

Í rúmunum sem börnin sváfu í voru þó nokkar fylltir af heyi sem dýnur, en foreldrarnir höfðu ofan á heypokunum svolitlar undirsængur með fiðri sem hirt var af sjófuglum sem veiddir voru til matar. Eitt vandamálið var óværan, verst var að eiga við veggjalús, sem var í einhverjum torfbæjum í sveitinni, hún var sögð hafa borist til Dýrafjarðar með norskum hvalveiðimönnum. Þessi lús var rauðbrún, ögn áþekk færilús, býsna stór og sérstök lykt af henni. Kvikindið bjó í timburklæðningu bæjarins en ásótti fólkið um nætur. Mikið var reynt að berjast við þennan ófögnuð, og loks var veggjalúsinn í okkar bæ drepinn með blásýrugasi, líklega sömu tegund og nasistar notuðu við útrýmingu Gyðinga. Þetta var viðá-



*Innri-Lambadalur í Dýrafirði, neðri bærinn, þar fæddist Ingibjörg, göngin eru horfin, t.h. skemma, t.v. kálgarðurinn.*

*Ljós. líkl. Vigfúsína Bjarnadóttir, um 1945.*

mikil aðgerð, og varð fólkið á meðan að sofa úti í hlöðu í nokkrar nætur.

*Segðu okkur eitthvað af sjósókninni sem svo mikið var stunduð fyrir vestan.*

Faðir minn hafði stundað sjóinn frá unga aldri eins og svo margir við Dýrafjörð. Hann var við sjóróðra í Hnífsdal þegar stóra snjóflóðið féll þar í febrúar 1910. Gæftir voru vondar um þetta leyti og vermenn ekki rónir þegar flóðið kom að morgunlagi. Menn úr hans verbúð voru með þeim fyrstu á slysstað. Grafíð var og leitað allan daginn, mörgum var bjargað, sumum meira og minna slösuðum, en 20 manns fórust og mörg líkin voru hræðilega sundurtætt og illa útleikin. Faðir minn, sem var vel að manni og um skeið talinn annar sterkasti maður í Dýrafirði, þótti standa sig frábærlega við þessar voðalegu kringumstæður. Okkur var stranglega bannað að spyrja hann um atburði þessa dags, þögnin var áfallahjálþ þeirra tíma.

Þegar eg man eftir var faðir minn orðinn of fullorðinn til að róa til fiskjar á haf út. Bræður mínir, sem voru sjö, voru hins vegar oft margir samtímis á sjónum. Sífelld snerist hugsun og tal fólksins heima um sjó, skip, aflbrögð og hvort menn kæmust heilir heim. Pabbi svaraði alltaf með því að skýra hvernig vindurinn stæði og



samkvæmt því hvar menn myndu leita vars af þessu eða hinu miðinu. Hann þekkti vindstöðu og sjólag úti fyrir öllum Vestfjörðum og gat oftast róað mömmu og okkur hin.

Á árum seinna stríðsins var mjög erfitt að eiga ástvini sína á sjónum. Þá var fátt um fréttir og skeytasamband við skip mjög takmarkað vegna hættunnar á árasum. Svo var siglingaleiðinni og miðunum frá Fjallaskaga við Dýrafjörð norður að Geirólfsfnúpi lokað vegna tundurduflagirðinga. Samt var mjög fast ýtt á öflun fiskjar og að honum yrði komið til sveltandi bandalagsþjóðar. Stundum varð að láta brýnustu viðgerðir á skipum bíða úr hófi fram. Á þessum árum urðu mörg hræðileg sjóslys við landið. Eg tók lauslega saman slysatölur síðustu sjö árána, sem eg var í Dýrafirði og þótt eg hefði alls ekki nægileg gögn, sýndist mér að það væru um 300 manns sem fórust á sjó þessi ár, þar af 25 menn sem eg þekkti meiri eða minni deili á. Þann 26. nóv. 1943 fórst MB. Hilmir frá Þingeyri. Með þeim báti fórust tveir bræðranna frá Kjaransstöðum, þeir voru næstu nágrannar okkar handan fjarðarins og báðir í blóma lífsins. Það var haldin minningarathöfn á Þingeyri. Kirkjan var svo troðfull að það stóð maður við mann í hverjum krók og prestarnir sr. Þorsteinn Björnsson og sr. Eiríkur J. Eiríksson á Núpi stóðu hlið við hlið fyrir altari og sinntu þjónustunni. Síðan fórst einn bræðra minna, Sæmundur, snemma á jóladagsmorgun 1944 af togaranum Karlsefni. Á því skipi voru þá einnig Jóhannes bróðir og Sölvi maður frænku okkar. Þeir voru að fiska á Halamiðum. Það var stórsjór, trollið hafði rifnað en ekki mátti stoppa. Þeir voru allan aðfangadaginn og jólanóttina að gera við, máttu fara sem fljótast niður að borða á aðfangadagskvöld, en bræðurnir voru svo að stelast til skiptis niður í stigann til að hlusta á messusönginn í útvarpinu. Sæmi lenti svo út um brotna lunnunguna þegar holskefla reið yfir. Við gátum engar nánari fréttir fengið um afdrif annarra skipverja eða hvernig slysið bar að fyrr en löngu síðar. Það er enginn vafi á því að allar þessar blóðfórnir sem urðu þessi árin og svo það, að um sorg og missi mátti aldrei tala við neinn, settu mark sitt á allt mitt líf.

*Gekksstu ekki í barnaskóla og fórst snemma að syngja?*

Faðir minn kenndi mér að lesa. Ellefu ára gömul fór eg í barnaskólann, sem var í húsi sem var nefnt Lambahlað og stóð eitt sér, nokkuð miðsvæðis milli Gemlufalls og Glórugils. Þetta hús var rúmgóð forstofa og ein kennslustofa þar sem öllum aldurshópunum var kennt samtímis, en loft var í risinu, að vísu illa manngengt,

en þar var hitað á prímusum kaffi og kakó, þegar ungmennafélagið hélt jólatréssamkomur. Útikamrar voru bakatil. Kolaofn var í skólastofunni. Þetta var farskóli, kennarinn þurfti einnig að kenna á Núpi og Ingjaldssandi, svo að hver hópur fékk þriðjung úr vetri. Kennarinn hét Guðmundur Hermannsson. Söng kenndi okkur Guðjón Davíðsson, hann var einnig organisti í Mýrakirkju, eg man hann stundum koma í skólann berandi orgelið sitt á bakinu. Mér var komið fyrir hjá Gísla Sighvatssyni og Jónu Elíasdóttur á Höfða yfir kennslutímann þessa vetur. Þar var gott að vera.

En talandi um söng, þá vil eg minnst bræðrana sem komu úr Eyjafirði. Nokkru fyrir aldamótin 1900 kom búfræðingurinn Kristinn Guðlaugsson að norðan til að leiðbeina bændum við ræktun. Hann átti hljóðfæri og starfaði að söngmálum. Kona hans, Rakel, söng vel og tók þátt í tónlistarlífinu. Þá var stofnað „Söngfélag Mýrahrepps“ sem starfaði af krafti nokkur ár. Árið 1904 kom bróðir Kristins, sr. Sigtryggur, vestur og tók við prestsembættinu. Hann var mikill umbótamaður á sviði fræðslumála, svo sem þekkt er. Sigtryggur setti fljótlega á fót það sem móðir mín kallaði söngskóla, eitthvað var hugað að raddbeitingu, en þetta var í raun blandaður kór og þarna kynntust foreldrar mínir. Pabbi hafði verið forsöngvari í Mýrakirkju, hann hafði fagra tenórrödd, og þrátt fyrir erfiðleika var sönggleðin ávallt fyrir hendi hjá foreldrum okkar. Á hverjum vetri kom sr. Sigtryggur í húsvitjun, gangandi hreppinn á enda. Hann leit á skrifbækur okkar barnanna og prófaði lestrar-kunnáttu. Svo stakk hann upp á því að farið yrði að syngja og spurði hvort við hefðum lært eitthvað nýtt. Hann byrjaði kannski á „Ó fögur er vor fósturjörð“ og brátt var búið að syngja mörg lög fullum hálsi. Sr. Sigtryggur vildi að við syngjum við messur og hátíðahöld og eg tel að sú ýtni hans hafi verið áhrifavaldur í lífi okkar. Það er ógleymanlegt, þegar hann tónaði eitthvað úr hátíðasöngvum Bjarna Þorsteinssonar og við börnin innan við fermingu máttum taka þátt í að svara því sem við gátum. Eg og systkini mín mörg vorum í áratugi í kirkjusöng, þar sem við áttum búsetu.

Eg var ekki orðin tíu ára gömul þegar eg söng fyrst við kistulagningu, ásamt móður minni, það var í Hærribænum í Innri-Lambadal, en þar hafði dáið gömul kona, sem var niðurseta. Fyrir þetta tækifæri lærði eg „Hin langa þraut er liðin“ eftir Valdimar Briem. Mér er þetta svo minnisstætt, því ókunnugu mennirnir sem komu, tóku allir í hendurnar á okkur mömmu og þökkuðu fyrir sönginn.

*Þig mun hafa langað til að komast meira til náms?*

Já, eg vildi komast til mennta. Á þeim tíma var ekki völ á mörgu, allra síst þar sem eg var stúlkubarn, kannski helst ljósmóðurnámi eða húsmæðrakennaranámi. En þá var talið að bókvitið yrði ekki í askana látið og pabbi var farinn að heilsu og kröftum. Eg átti ekki neitt til neins. Sæmundur bróðir hjálpaði mér að komast í Héraðsskólann á Núpi haustið 1944, og ætlaði að styðja mig áfram, en svo fórst hann á jólanóttina það ár. Eg þráði mjög heitt að læra að spila á hljóðfæri, fyrst reyndi eg við hárgreiðu, svo laumaðist eg eitthvað afsíðis með spýtu og eina sögina hans Sigga bróður. Og þegar eg var um sextán ára aldur, samdi eg við Guðmund bróður, sem bjó þá með sauðfé á neðri háflendunni í Lambadal, um að eg skyldi hjálpa vinnumanni hans sem var ári yngri en eg og hét Pétur Jónsson, við að koma fénu heim og inn þegar vont veður væri, en í staðinn gæfi Gummi mér munnhörpu. Eg beið vorsins í ofvæni, því þá kæmi Gummi heim úr Grindavík. Þegar eg loksins sá hann gangandi heim túnið einhverntíma eftir 11. maí, hentist eg af stað á móti honum, og spurði um munnhörpuna, en æ, hann hafði sent hana en gripurinn skilaði sér ekki. Þegar eg kom svo í Núpsskólann falaðist eg eftir að fá tilsögn á harmoníum hjá Hauki Kristinssyni á Núpi. Hann tók mér ljúfmannlega, en þegar eg mætti í fyrsta tímamann, var Haukur orðinn fárveikur af mænusótt og eg mátti ekki einusinni koma þar inn fyrir dyr.

Daginn sem eg kvaddi heima og fór í Núpsskólann, kallaði pabbi mig á eintal. Hann stóð fyrir framan mig á miðju gólfi og sagði eitthvað á þessa leið: „Nú ert þú að fara alfarin úr þessu skjóli sem þú hefur átt hér og út í heim sem er harður og viðsjáll. Gættu vel að þér. Þú verður nú að standa á eigin fótum og bera algerlega ábyrgð á sjálfri þér. Vertu heiðarleg, segðu ávallt satt, segðu heldur ekkert ef svo stendur á. Taktu ekki lán því sá sem er í skuld er ófrjáls maður.“ Þessi kveðjuorð föður míns hafa fylgt mér síðan og verið mér heilladrýgri en fúlga fjár frá hans hendi. Eg var í tvo vetur á Núpi og í kaupavinnu í Dýrafirði sumarið á milli.

*Viltu segja frá einhverju fleiru minnisstæðu frá árunum fyrir vestan?*

Eg var á lýðveldishátíðinni á Hrafnseyri 17. júní 1944. Ríkisstjórnin hafði sent varðskip á firðina til að safna fólki saman og fara með til Hrafnseyrar og auðvitað fóru allir sem vettlingi gátu valdið. Það var norðaustan kaldt og rigningarsuddi en enginn lét það á sig fá. Í Dýrafirði komu flestir á litlum opnum bátum til

Þingeyrar, og síðan var þröng á þingi í litla varðskipinu. Þegar kom út undir Hafnarnesið var talsverður veltingur. Mér var kalt og iðrakveisa og ógleði hrjáði ýmsa. Þegar kom inn að Lokinhömrum, Arnarfjarðarmegin, var sjór orðinn næstum sléttur en það rigndi heil ósköp. Þegar hátíðahöldin byrjuðu var kominn þarna mikill mannfjöldi. Þeir sem höfðu gengið Bakkusi á hönd voru vafðir inn í gömul segl af þjóðarskútunni og settir inn í hesthúsið á staðnum. Haldin var þjóðarþögn. Þá sat Þjóssi málarí í blautu grasinu rétt hjá mér og reyndi, undir stjórn Bakkusar, nýja útsetningu af laginu „Ljúfur aftanblærinn blíður“. Friðargæsluliðum hafði sést yfir hann en hann var nú hógvær, greyið. Menn sem áttu hatta, eins og Halldór á Kirkjubóli, létu sig hafa það að standa berhöfðaðir undir þögninni þó að regnið rynni þá niður í hálmálið. Svo fór Guðmundur Ingi í ræðustólinn og flutti sitt Íslandsljóð sem endar svona: „Og nú er það vort að vera menn, og verðskulda þetta land.“<sup>1</sup> Og eg var að springa af stolti og hét því að reyna að standa mig.

Meðal þess góða fólks sem eg kynntist voru einmitt systkinin á Kirkjubóli í Bjarnardal, þau Guðmundur Ingi, Halldór og Jóhanna, sem sendu mér bækur sínar og sýndu mér margskonar sóma.

*Hvernig stóð á því að þú fluttist hingað norður í Eyjafjörð?*

Undir vorið seinni veturinn minn á Núpi fékk eg bréf frá Árnýju systur minni í Hvassafelli í Eyjafirði. Maður hennar hét Aðalsteinn og Benedikt bóndi þar hafði ráðið hann til sín. En nú var eitthvað ekki í lagi hjá Árnýju og því vildi hún fá mig til sín norður. Síðar kom í ljós að hún var með hvítblæði sem hún dó svo úr frá fjórum ungum börnum. Eg fór norður ásamt móður minni með fiskibáti frá Þingeyri til Akureyrar og var sumarið 1946 í kaupavinnu í Árgerði, stutt frá Hvassafelli. Mamma fór með næstu skipsferð aftur vestur.

Eg sá engin ráð til þess að komast meira í skóla, en þetta sumar kom norður Vigfúsína systir mín sem var saumakona í Reykjavík. Hún var vinkona Guðbjargar dóttur Þorsteins M. Jónssonar skólastjóra Gagnfræðaskóla Akureyrar og Guðbjörg tók að sér að tala mínu máli við föður sinn. Eg fékk viðtal við Þorstein sem tók mér mjög vel. Úr varð, fyrir orð Guðbjargar, að eg fékk inni í húsi á Akureyri næsta vetur gegn því að eg hjálpaði stúlku sem þar átti

<sup>1</sup> Þessi frásögn birtist áður í Eyvindi, 1. árg. 1. tbl., nóvember 1992, bls. 10, í grein eftir Ingibjörgu.



*Aðalsteinn Magnússon og móðir hans Helga Árnadóttir á leið heim í Hvassafell með heyaki.*  
*Ljós. Vigfúsina Bjarnad. 1946.*

heima við nám í 1. bekk skólans en sjálf settist eg í 3. bekkinn og tók gagnfræðapróf næsta vor. Þá var farið í skólaferð suður á land, m.a. í Næfurholt og sáum við þá Heklugosið sem stóð yfir.

Þorsteinn M. var merkur maður og kenndi okkur margt, m.a. Íslandssögu. Eitt sem hann sagði var að enginn gæti vitað eða munað alla skapaða hluti, en sönn menntun væri fólgin í því að vita hvar þekkingarinnar ætti að leita.

Sumarið 1947 var eg aftur í Árgerði en næsta haust fór eg til Reykjavíkur og fékk vinnu hjá Mjólkursamsölunni. Þá var mjólkinni ausið upp úr dunkunum með lítersmáli og kostaði kr. 1,94 lítrinn. Oft var engin mjólk til og svo þegar fréttist að vörur hefðu borist að norðan var biðröð langt út á götu og þá þurfti maður að vera handfljótur að afgreiða. Mér er minnisstæður fullorðinn maður sem sótti mjólk fyrir sex heimili. Hann var alltaf klæddur þykkum ullarfrakka, svona pipar og salt-gráum og með sterka taug um mittið. Í þessa taug voru festir tveir 5 lítra brúsar og svo var hann með tvo minni í hvorri hendi. Elsku karlinn, honum var stundum mjög kalt þegar hann var búinn að bíða lengi í röðinni. Mér var fljótt sýndur mikill trúnaður á þessum vinnustað og lofað stöðuhækkun ef eg vildi vera lengur, en vorið kallaði á mig. Mér



*Hjónin Ingibjörg Bjarnadóttir og Daniel Pálmason. Ljós. Páll Pálsson.*

hálfleiddist í Reykjavík og fór aftur norður því að Ármann Ingimarsson á Hálsi var búinn að biðja mig að hjálpa þeim og þar var eg þetta vor og sumar. Um það gerði eg löngu síðar vísu:

*Hér lifir í minningu mannvit og þor  
og mýkt hinna hljóðlátu náttu.  
Hér kom eg og átti mitt kátasta vor  
á kvistinum 48.*

*En leið svo ekki að því að þú gerðist húsmóðir að Gnúpufelli?*

Þetta sumar 1948 sótti eg um inngöngu í Húsnaðraskólann á Laugalandi og fékk jákvætt svar. Um það leyti voru margs konar nauðsynjavörur skammtaðar og fékk fólk þá skömmtunarseðla. Eg átti að hafa með mér sérstök skólaföt, kjóla og fleira en vantaði efni í þetta. Eg þurfti í margar búðir á Akureyri til að fá það sem þurfti og átti stofnauka nr. 13 af þannig álnavöruseðli.

Til að geta skipt þessum stofnauka í smærri einingar þurfti eg að fá aðstoð oddvita hreppsins, því að ríkisstjórnin skikkaði þá til að sjá um þessi mál. Daníel Pálmason var oddviti, við vorum eitt-hvað málkunnug svo að eg skrifaði honum vegna þessa. Hann

leysti vanda minn og vildi að eg héldi áfram að skrifa sér og við skrifuðumst svo á allan veturinn. Þegar eg hafði lokið náminu vorið 1949 gerðist eg ráðskona í Gnúpufelli og hef verið hér síðan, það eru að verða 66 ár.

*Hvað viltu segja okkur um heimilishaldið og búskapinn?*

Þegar við Daníel hófum búskap, voru í heimili hjá honum Pálmi faðir hans (1886–1956) og Birgir hálfbróðir Daníels, sem var fatlaður. Daníel átti fjögur hálf systkini, sem voru öll yngri en hann. Bræður hans, Þórður og Þorsteinn, voru smiðir á Akureyri en Sigríður systir hans var gift Steingrími Níelssyni, þau bjuggu á Æsustöðum sem er í tveggja kílómetra fjarlægð frá Gnúpufelli.

Daníel var lengi oddviti í sinni sveit, sem var mikið starf á þeim árum, til dæmis þurfti hann að sjá um að gera allar skattskrár sem var tafsamnt og ólaunað. Hann var líka hreppstjóri um tíma en losaði sig við það starf, aðallega vegna slæms augnsjúkdóms. Hann var í sýslunefnd og deildarstjóri hjá KEA. Deildarfundir voru oftast haldnir hér heima og má nefna að á aðalfundi Saurbæjardeildar 11. mars 1961 var hér 31 fundarmaður, allt karlar. Þá var Daníel löngum í skólanefnd og komu þá mál skólans oft á hans könnu. Í byrjun marsmánaðar 1966 fraus fyrir vatn í skólahúsinu í Sólgarði og var illt í efni. Niðurstaðan varð sú að taka skólann heim í Gnúpufell og fór skólahaldið fram heima hjá okkur í þrjár vikur. Borð og stólar skólans voru borin inn og alls 42 börnum kennt í þremur deildum, þ.e. eldri börnum 10-15 ára gömlum, en litlu börnin komu ekki. Það var ánægjulegt að geta bjargað þessu. Þá voru aðalkennarar skólans Angantýr H. Hjálmarsson og Edda Eiríksdóttir.

Auðvitað gekk oft á ýmsu hjá okkur í búskap og heimilishaldi. Það var mikið annríki og gestagangur, og mjög erfitt að fá vinnufólk. Til dæmis var það á fyrstu búskaparárunum eitt sinn síðdegis, að tveir menn kvöddu dyra og báðust gistingar. Þar voru komnir sýslunefndarmennirnir Brynjólfur í Efstalandskoti og Eiður á Þúfnavöllum. Eg bauð þá velkomna. Skömmu síðar kom annar bíll og þeir Þórarinn á Tjörn í Svarfaðardal og Björn á Laugalandi bættust í hópinn. Það var töluvert þúsl að koma fjórum næturgestum fyrir með engum fyrirvara og svo þurftu þeir kvöld- og morgunverð, en þó að þröng væri á þingi var glatt á hjalla og þessir ljúfu og margfróðu eldri herrar reyttu af sér sögur og brandara um kvöldið og kvöddu hressir og kátir næsta morgun. Þannig stóð á ferðum þeirra að nýtt fasteignamat var í smíðum og þessir menn



*Um miðja 20. öld voru vetur snjöpungir. Mjólk var flutt á ýtusledum niður að Grund.*  
Ljós. Ingibjörg Bjarnad. 1951.

fóru á milli bæja til að taka út allskonar byggingar. Svo var líka alltaf margt í heimili hjá okkur. Til okkar komu gamlir menn og dvöldu meðan dagar entust. Guðjón Einarsson (1879-1958) var kominn alkominn til okkar nokkru áður en hann kvaddi. Og Tómas Benediktsson (1883-1980) af Hvassafellsætt var hjá okkur í átján ár. Frá samverunni við hann á eg margar dýrmætar minningar. Hann var sannkallaður afi heimilisins. Á þessum árum var Stefán í Skjaldarvík að byggja þar upp, af miklum dugnaði og kærlleika. Úrræði fyrir aldraða voru ekki mörg og þörfin mjög brýn. En hvað búskapinn varðar, var æðislega gaman að vera til og taka þátt, allir máttu framleiða eins mikið og þeir framast gátu og framfarirnar voru mjög örar. Daníel minn sagði mér að Hólsbúið á Siglufirði, Gnúpufell og Möðruvellir í Saurbæjarhreppi hefðu verið fyrstu búin í Eyjafjarðarsýslu sem fengu mjaltavélar, og það má segja að árlega hafi nýngar í vélvæðingu komið fram. Það var byggt yfir menn og málleysingja, ræktað og sáð, t.d. var langur biðlisti til að fá skurðgröfu eða jarðýtu. Oft unnum við fjórtán til sextán tíma á dag, alla daga vikunnar, sumarfrí þekktust ekki. Það má segja að héraðið allt hafi fengið nýjan búning á örfáum árum og reyndar vorum við hér að byggja upp alveg til 1969 að Daníel missti heilsu að töluverðum hluta. Féð var skorið niður 1948



vegna mæðiveiki, og eftir það voru ærnar ekki nema svona 80-90 þegar flest var, en mjólkurframleiðsla var aukin eftir föngum.

Við Daníel vorum svo lánsöm að eignast fimm börn á árunum 1950-67 og svo voru fósturbörn eftir því sem hægt var. Börnin okkar eignuðust öll fjölskyldur og eg er löngu orðin langamma.

*Hér varð húsbruni í ykkar tíð. Ertu til í að segja dálítið frá þeim atburði?*

Já, fyrst þú spyrð, þá skrifaði eg ögn niður á meðan allt var í fersku minni. Þetta gerðist á sunnudagskvöldi þann 6. júlí árið 1956. Heyskapur hafði byrjað um sólstöður þetta sumar, fjóshlaðan var orðin veggjafull og líka komin nokkur hlöss í nýbyggða fjárhúshlöðuna. Íbúðarhúsið sem við bjuggum í var frá árinu 1930, tvær burstir, tvær hæðir og kjallari, steyptir útveggir en innréttingar, gólf og stigar úr timbri. Við vorum tíu í heimili á þessum tíma, m.a. sjö ára dóttir hinnar veiku Árnýjar systur minnar og átta ára gamall drengur, sonur vinafólks. Kunningi okkar hafði litið inn í kvöldkaffi í eldhúsi. Um tíuleytið um kvöldið fór hann. Áður var eg búin að koma yngstu börnunum í ró. Fyrir stundu var búin að slökkva á díselvélinni sem sá okkur fyrir orku til að súgþurrka heyið, mjólka kýrnar og svo voru orkuminni not innanhúss. Á efri hæðinni bjó erlend vinnukona sem þá var hjá okkur, í sérstöku herbergi, og þar kom eldurinn upp. Það virðist hafa kviknað í út frá rafleiðslu. Eg sá reykjarhnoðra koma út með herbergishurðinni, en konan var ekki í herberginu heldur niðri í stofu með bók í hönd þegar þetta uppgötvaðist. Við fórum í símann og stöðin svaraði við fyrstu hringingu, konan þar sagði strax: „Ég er búin að hringja á slökkviliðið, við sáum reykjarmökkinn standa upp úr þakinu hjá ykkur fyrir stundu, en á ég ekki að hringja hérna á bæina eftir hjálp?“ Jú, við þáðum það. Flestir sváfu uppi, eg þaut inn til barnanna og við komumst með þau niður stigann þó að orðið væri nokkuð heitt, en reykurinn var ekki mjög mikill, og út á hlað komumst við klakklaust. Daníel gat hjálpað föður sínum, sem svaf niðri í herbergi inn af eldhúsinu. Börnin voru sett inn í fjölskyldubílinn og þeim eldri sagt að gæta þeirra yngri.

Nágrannana dreif að úr öllum áttum, það hvein í hertrukkum, vörubílum og allskyns farartækjum sem streymdu heim veginn með bensínið í botni. Sumir fóru að stífla skurð í grenndinni til að fá nægilegt vatn. Aðrir fóru að bera út það sem hægt var að bjarga, þeirri vinnu stjórnaði húsbóndinn. Eg hljóp upp í svefnherbergið okkar til að reyna að ná einhverjum fötum á börnin, þar var þá

umtalsverður reykur og gólfíð farið að hitna. Eg tók stól og rak hann af afli í gluggann, það kom reyndar gat en glerið var tvöfalt svo að eg sá að það tæki of langan tíma að ná því úr, þannig að eg tróð fötum og smærra dóti út um lausafagið, vafði svo því sem ég gat inn í æðardúnssængina mína sem var í raun eini verðmæti hluturinn sem eg hafði lagt í búíð og fór í loftköstum út. Karlmenirnir voru að bera út úr stofunni. Eg hljóp í eldhúsið og greip þar bala af eldhúsbekknunum með einhverjum flíkum af börnunum. Með balann æddi eg að búrhurðinni, það heyrðust brak og brestir og þungur niður yfir höfði mér, og þegar eg opnaði inn í búíð logaði þar austurveggurinn, en það var ekki mikill reykur því að hann lagði upp. Mér tókst að ryðja dálitlu af leirtaui í balann og komst með þetta út. Inn fór eg enn, nú í eldhúsið til að sækja áhöld, þar var ekki farið að loga, og sneri eg til dyra með fangið fullt. Þá var spurt hvort allir væru komnir út, eg gat svarað því játandi. Um leið rann af mér berserksgangurinn, því mér varð hugsað til nággranna minna, sem höfðu misst heimili sitt og þrjú stúlkubörnin í hræðilegum eldsvoða réttum tveimur árum áður, en allt mitt fólk var komið út.

*En kom svo ekki slökkviliðið?*

Jú, því að rétt í þessu beindist athygli allra að rauðu ferlíki sem kom æðandi neðan flatann svo að mölin spýttist í allar áttir undan hjólunum. Þetta var nýi stóri slökkvibíllinn sem hafði verið keyptur tveimur árum fyrr með sameiginlegu átaki hreppanna og Akureyrarbæjar og komið á götuna 13. október 1954. Nú sagði mágkona mín sem var komin á vettvang að eg gæti komið heim til hennar með börnin, sem voru farin að gráta, og verið yfir nóttina. Í sömu andrá kom maðurinn minn hlaupandi og bað mig að færa bílinn, sem væri fyrir, og það væri best að eg færi með Sigggu. Próflaus, ringluð og í hálfgerðu losti settist eg undir stýrið á hinum tíu ára glæsivagni, og með fimm börn í aftursætinu og mágkonuna við hliðina á mér ók eg af stað. Í sömu andrá sprungu út rúðurnar í norðurburst hússins, þar sem eldurinn var mestur. Þetta voru eins og skothvellir og það síðasta sem eg man eftir af vettvangi var að eg sá út undan mér blómstrandi rauðu og gulu begóníurnar mínar sem einhver hafði borið út úr stofuglugganum, pottarnir ultu fram og aftur innan um allt dótið á hlaðinu.

Mágkonan, Sigríður á Æsustöðum, lét okkur eftir hjónaherbergið sitt og gerði allt sem hún gat fyrir okkur. Það var komið undir miðnætti og eg háttaði öll börnin niður í hjónarúmið. Sá

yngsti sofnaði fljótt en hin þurftu að spyrja margs. Eg lá á blástokknum framan við þau og þau þurftu helst öll að halda einhversstaðar í mig.

Næsta morgun fór eg með barnahópin heim. Þá stóð maðurinn minn við fjósdyrnar og var búinn að mjólka kýrnar. Hann hafði fleygt sér út af í hlöðunni eftir að hjálparmenn voru farnir en ekki getað sofnað. Hann sagði að íbúðarhúsið væri líklega ónýtt en tekist hefði að verja fjós, mjólkurhús og hlöðu. Næsta hálfmaánuðinn sváfum við í fjárhúsunum. Þar eldaði eg á gasvél og framreiddi máltíðir fyrir 12-15 manns eftir því hve margir smiðir og hjálparmenn voru. Með þakklæti í huga minnst eg þeirra sem mest og best hjálpuðu okkur. Meðal margra vil eg nefna Tryggva á Krónustöðum, sem þrátt fyrir þungt heimili rétti okkur oft hönd á meðan var verið að hreinsa til, Þórð Friðbjarnarson, sem var að byggja Sólgarð en hafði samt tíma til að sjá um smíði íbúðarhússins okkar, Þórð Pálmason og Ólaf Sigfússon frá Forsæludal, sem báðir voru listasmíðir og gengu ekki hart eftir daglaununum. Gamla húsið stendur enn, það hefur verið notað sem geymsla, en í húsinu sem byggt var eftir brunann bý eg síðan.

Þetta sama haust þann 8. nóvember dó Pálmi tengdafaðir minn í fanginu á mér hér heima. Við fengum að vísu brunatjónið að töluverðu leyti bætt frá tryggingum, en nú þurftu að fara fram arfaskipti sem reyndu mjög á fjárhag heimilisins, enda var auk annars nýbúið að byggja fjárhús og hlöðu á jörðinni.

*Hvað fannst þér ábugaverðast í búskap og heimilishaldi?*

Það var auðvitað þetta æðisgengna stökk sem þjóðin tók frá kyrrstöðu til framfara. Eg leyfi mér að fullyrða að engin kynslóð Íslandssögunnar hafi lifað meiri breytingar á lífsháttum og öllum aðstæðum en fólkið sem fæddist á fyrri hluta síðustu aldar. Nánast allt umhverfi til sjávar og sveita hefur gjörbreytt, það er alveg sama hvert er litið. Nefna má til dæmis rafmagnsið, við höfðum um tíma, í Gnúpufelli, díselstöð en svo kom raflínan um 1963, og þetta gjörbreytti öllu vinnuferli bæði utan húss og innan. Eg lifði það sem barn og unglingur að hjálpa til við að mylja húsdýraáburðinn í taðkvörn og ausa svo á túnbleðilinn úr trogi og síðan sem fullorðin kona að dæla úr mykjuþró og dreifa á rennsléttar grundir með stórrí dráttarvél. Eg man líka eftir okkur Árnýju yngstu systrunum í Lambadal sitjandi flötum beinum á litla hvítkúraða gólfballinum framanvið eldavélina hennar mömmu og borða af sama diskinum rauðan jólagraut með rúsínum og nota við það öðuskeljar því að



*Ingibjörg á baki á einum hesta sinna, á töltgangi að temja.*

*Ljós. Sævar Sigurðsson, upp úr 1980.*

matskeiðar voru ekki til, ekki heldur borð né stólar. Eg man fólkið í Reykjavík sem veturinn 1947-48 norpaði blátt af kulda í biðröð úti á götu, til að freista þess að geta keypt skyrspón og mjólkurdropa, þegar fréttist að sending hefði komið að norðan. Það kom fyrir að fólk kom með tilvísun frá lækni til að fá einn eða tvo desílítra af rjóma, sem að sjálfsgöðu hafði þá forgang. Stundum fóru þeir síðustu tómhentir heim þó enginn fengi meira en vanaskammtinn, en þá reyndum við að taka ílátin þeirra og láta fyrst í þau úr næstu sendingu. Og svo er núna hægt að horfa á allan þennan munað, sem fólk lifir við. Það er gott að allir eiga sér skeið til að borða með og mat á diskinn, en mest gleðst eg yfir öllum þeim tækifærum sem ungt fólk, einkum konur, hafa til allslags menntunar. Minnug er eg þess að á sínum tíma sótti dóttir okkar Anna Rósa (f.1950) um námsdvöl á Bændaskólanum á Hvanneyri en var hafnað á þeirri forsendu að þar væri ekkert rými fyrir kvenkyns nemendur. En hvað sjálfa mig varðar þá er móður- og uppalandahlutverkið það langstærsta og mikilvægasta sem mér hefur verið gefið.

Eg lít svo á að það stórkostlegasta sem manneskjan fær að sjá sé lífríkið, sköpunin, þessir dásamlegu kraftar, fegurð þeirra og mikil-leikur. Fæðingin er undursamlegt kraftaverk. Að fylgjast með nýju

lífi koma, hvort sem það er mansbarn eða einhver önnur tegund, fyllir mann lotningu gagnvart öllu sem til er.

*Viltu nefna einhver sérstök ábugamál þín?*

Eg eignaðist hryssu út af hinni frægu Torfna-Jörp Ásbjarnar Árnasonar. Sú hryssa var ásetugóð en viljinn dálítíð harður. Hún gaf mér dýrmæt afkvæmi, eg átti þennan ættboga í 55 ár og það var erfitt að láta frá sér síðasta afkvæmið. Eg reyndi að komast stundarkorn á bak að kvöldinu svona tvisvar til þrisvar í viku. Einnig hafði eg mikla unun af að syngja, var í fjörutíu ár í kirkjukórnum, lengst undir framúrskarandi stjórn frú Sigríðar G. Schiöth. Við sáum um kirkjusöng í Saurbæ, á Möðruvöllum og vorum með við hátíðleg tækifæri í Grundarkirkju. Stöku sinnum fór eg og hjálpaði til í kirkjunni á Hólum, og ef elsta dóttir mín var heima fór hún gjarnan með.

Fljótlega eftir að eg kom hingað varð eg formaður í Hjúkrunarfélaginu Hjálpinni, eins og það hét þá. Eg fór á aðalfund Sambands norðlenskra kvenna með þeim frú Sigríði Einarsdóttur á Eyrarlandi og frú Guðrúnu Jónasdóttur á Möðruvöllum, það voru stórmerkilegar konur. Frú Guðrún var í fyrstu stjórn Hjúkrunarfélagins Hjálparinnar en það var stofnað 25. október árið 1914. Eg varð þó að biðjast undan störfum vegna brunans, en varð formaður félagsins aftur síðar, og um tíma gjaldkeri, en starfaði minna en efni stóðu til á þeim vettvangi, vegna alvarlegra heilsufarsáfalla. Eg skrifaði samanþjappaða starfssögu félagsins árið 2002-03 í Eyvind, sveitarblað Eyjafjarðarsveitar. Eg átti sagnir alveg frá fyrstu hendi um tilurð þessa félags og hugmyndarinnar um að koma á fót berklahæli í Kristnesi. Maðurinn minn var uppeldissonur föðurömmu sinnar Guðlaugar Jónasdóttur (1864-1940) húsfreyju í Gnúpufelli. Eftir henni og sögnum fullorðinnar vinnukonu á heimilinu hafði hann þennan fróðleik. Guðlaug og systursonur hennar sr. Jónas Jónasson á Hrafnagili höfðu setið lengi dags inni í suðurhúsi baðstofunnar í Gnúpufelli og rætt hvernig ráðast mætti gegn berklaveikinni sem óð hér uppi og tók blóðuga tolla, og einnig öðrum sjúkdómum svo sem sullaveiki og barnaveiki. Niðurstaðan varð sú að tala við helstu áhrifakonur hreppsins um stofnun hjúkrunarfélags, sem myndi ráða sér lærða hjúkrunarkonu til þjónustu á heimilum, þar sem þörfin væri brýnust. Þessi hugmynd fékk geysimikið fylgi og þó að þetta væri hugsað og stofnað sem kvennafélag, varð þetta í raun öflug fjöldahreyfing á sviði lýðheilsu. Presturinn á Grund sr. Þorsteinn Briem gekk í félagið, og athuganir

frú Lilju í Gullbrekku sýna að stúlkubarn innan við fermingu var skráð í félagið, svo sjálfsgöð þótti þátttakan. Konur hér í sveitum reru líka að því öllum árum að berklahæli yrði reist á svæðinu og árið 1926 þegar hornsteinn Kristneshælis var lagður, lét frú Guðlaug söðla hest sinn og reið til athafnarinnar með Daníel fósturson sinn að skósveini og hann sagði mér að amma sín hefði grátið gleðitárum við þá athöfn. Í dag velkist víst enginn Eyfirðingur í vafa um að tilkoma Kristnesspítalans var stórviðburður.

Ingibjörg Bjarnadóttir fæst við ljóðagerð. Hún leyfir okkur að birta eitt ljóðanna að lokum.

### **Vorið og eg**

*Nærtæk er gleðin, hún gefst mér heima  
er geng eg út.  
Ástsjúkar léttfleygar lóur sveima  
og leika bít  
úr kantötu lífs, hún er langtum betri  
og laglegra spil  
en hljómkvíða sú er hörðum vetri  
heyrir til.*

*Eg fer til að skoða litlu lerkin  
loðin og græn  
og þakka horfnu vinunum verkin  
í varmri bæn.  
Gráleitur sandurinn glitrandi af djásnum  
gull sín mér ber.  
Vorið gekk blējandi um á ásnum  
á undan mér.*

*Pungfærar gæsirnar grundina þramma,  
grænkuna slá.  
Hrafnar í gilinu grannana skamma,  
í gogg þarf að fá.  
Annríkið breiðist um daladrögin,  
dýrð á minn veg,  
og viðkvæm raulum við vöggulögin  
vorið og eg.*

ÁSA MARINÓSDÓTTIR

## Hver var Jóhannes Óli Sæmundsson?

### Dálítið um ævi hans og smásaga eftir hann

*Ása Marinósdóttir er fædd árið 1932 á Krossum á Árskógsströnd. Foreldrar hennar voru Marinó Þorsteinsson bóndi í Engiblíð og kona hans Ingibjörg Einarsdóttir ljósmóðir. Ása starfaði sem ljósmóðir frá því er hún útskrifaðist árið 1953 og til ársins 2002, ýmist á sjúkrabúsum eða sem umdæmis- og heilsugæsluljósmóðir. Hún flutti í Ytra-Kálfskinn árið 1959 og stundaði þar búskap með manni sínum Sveini Jónssyni allt til ársins 1998. Þau eiga núna heima á Hauganesi.*



Fyrir 44 árum kom út fyrsta heftið af tímaritinu „Súlum.“ Það voru tveir athafnamenn, Jóhannes Óli Sæmundsson og Erlingur Davíðsson, sem ákváðu að gefa út rit með frásögnum af atburðum sem gerst höfðu á Norðurlandi og komu tvö fyrstu heftin út árið 1971. Árið 1975 hætti Erlingur sem meðritstjóri Jóhannesar, en við tók Valdimar Gunnarsson og voru þeir tveir ritstjórar þar til Jóhannes Óli andaðist 1982. Síðan þá hefur flokkur annarra góðra manna staðið vörð um þetta rit, *Súlur*.

Í fyrstu voru Súlur gefnar út af Fögruhlíð sf., en það var sam-eignarfélag þeirra tveggja, J.Ó.S. og E.D. Árið 1976 urðu eigendaskipti að Súlum, en þá tók við útgáfunni Sögufélag Eyfirðinga og er sú staða óbreytt í dag. Jóhannes átti hlut að stofnun Sögufélags Eyfirðinga árið 1971.

Þessir tveir menn, Jóhannes Óli og Erlingur (11/5 1912 – 17/7 1990), sem áttu heima á Akureyri 1971, voru báðir fæddir á Árskógsströnd og ólust þar upp. Erlingur var mjög fjölhæfur maður, lengi ritstjóri og þekktur fyrir að skrá bækurnar „Aldnir hafa orðið“ m.m. En sögu hans rek ég ekki hér. Ég fékk í hendur smá-

sögu, sem skrifuð var fyrir löngu síðan af Jóhannesi Óla og var hann þar að rifja upp aðdraganda jóla fyrir tæpum 100 árum síðan. Söguna skráði hann eftir minni 30 árum eftir að hún gerðist, en ég hef ekki dagsetninguna. Þessi saga lýsir nokkuð tíðaranda á þessum árum, um 1915 – 1917.

Það er ekki víst að yngra fólk í dag hafi hugmynd um hver maðurinn Jóhannes Óli Sæmundsson var og þess vegna ætla ég að segja svolítið frá honum. Ég vil samt benda á að til eru margar



*Jóhannes Óli Sæmundsson.*

greinar og frásagnir um Jóhannes, og þeim sem vilja vita meira um þennan merka athafnamann er bent á að lesa t.d. þátt í „Aldnir hafa orðið“, 7. bók, bls. 68. Þar sem hann var fyrsti ritstjóri Súlna skrifaði hann mikið í ritið á fyrstu árunum og þar er margan fróðleik að finna eftir hann og um hann og þar er einnig hægt að lesa minningargrein um hann eftir Erling Davíðsson.

Hér kemur stutt frásögn um ævi hans og styðst ég við margar heimildir, sem verður þó ekki getið um hér hvaðan eru, margar munnlegar og margar úr bókinni „Aldnir hafa orðið“.

Jóhannes Óli var fæddur í Stærri-Árskógi 10. júlí 1906. Foreldrar hans voru Sigríður Jóhannsdóttir (9/6 1873 – 15/8 1908) og Sæmundur Tryggvi Sæmundsson skipstjóri (16/1 1869 – 25/1 1958). Sigríður móðir Jóhannesar dó frá nýfæddu barni þeirra hjóna og var það áttunda barnið. Jóhannes, sem var næstýngstur var tekinn í fóstur í júní 1909. Fósturforeldrar hans voru Jórunn Margrét Kristjánsdóttir (29/8 1870 – 24/12 1929) og Jósteinn Jónsson (14/10 1860 – 4/1 1920). Þau áttu fyrst heima í Ytra-Kálfsskinni, svo í Syðra-Kálfsskinni. Jósteinn byggði sér síðan bæ og flutti þangað árið 1913. Þessi bæ var í fyrstu ýmist nefndur Ysta-eda Efstá-Kálfsskinn, en síðan, líklega frá 1914, Hátún og hefur það nafn haldist síðan. Fósturforeldrarnir reyndust Jóhannesi eins og bestu foreldrar og Hátún var hans heimili fram á fullorðinsár.





*Frá Árskógi. Stærri-Árskógskirkja nær, Árskógur, skólinn, fjær.*

*Mynd frá Ásu Marinósdóttur.*

Ekki stefndi hugur Jóhannesar þó til búskapar og á einhvern hátt tókst honum að komast í Kennaraskólann og að ljúka þar kennaraprófi vorið 1929. Seinna á því sama ári, eða á aðfangadag jóla 1929 andaðist Jórunn, sem hann alla tíð kallaði mömmu, en Josteinn fósturfaðir hans var farinn níu árum á undan. Jóhannesi bauðst kennarastaða hér í sveit strax um haustið 1929 og kenndi hann því börnum hér á Árskógsströnd í 24 ár sem lærður kennari, en hann var búinn að stunda eitthvað kennslu áður en hann fór í Kennaraskólann. Í fyrstu var um farskóla að ræða. Eftir að hann hætti búskapnum leigði hann herbergi, fyrst í Syðra-Kálfsskinni og því næst á Hellu. Jóhannes kvæntist Svanhildi Þorsteinsdóttur frá Litlu-Hámundarstöðum árið 1934 og bjuggu þau í fyrstu í Ásgarði á Hauganesi.

Alveg frá því að Jóhannes gerðist kennari haustið 1929 barðist hann fyrir betri aðstöðu til kennslu. Hann var sjálfur í farskóla og var þá kennt í 12 vikur í senn tvo síðustu veturna fyrir fermingu hans (1920) en átta vikur hvorn vetur þar á undan, var hann þá í „heimaskóla“ í Ytra-Kálfsskinni. Það mun hafa verið kennt á tveim stöðum í sveitinni. Norska húsið á Sandinum (Litla-Árskógssandi) var þinghús hreppsins, einnig leikhús, og var kennt þar. Í því húsi byrjaði unglíngaskóli haustið 1921. Í Stærri-Árskógi var lengi skólstofa og þar var kennt lengi og alveg þar til flutt var í nýja

skólann í Árskógi. Í þessari skólastofu í Stærri-Árskógi voru einnig haldnir fundir, þar voru veislur og stundum var dansað þar.

Það var mikið þrekvirki unnið þegar skóla- og samkomuhúsið í Árskógi var byggt. Mikið var karpað um staðsetningu og fyrirkomulag og stærð hússins og tók mörg ár að ákveða það. Jóhannes barðist mjög fyrir þessari byggingu ásamt forráðamönnum hreppsins. Hann var virkur í ungmennafélaginu Reyni, var formaður þess í nokkur ár bæði áður og eftir að hann fór í Kennaraskólann. Hann var seinna gerður að heiðursfélaga Reynis. Ungmennafélagið og kvenfélagið Hvöt lögðu fram peninga til húsbýggingarinnar og töldust því eignaraðilar að hluta lengi framan af.

Byrjað var á byggingunni árið 1937 og þann 26. október 1938 var fyrsta kennslan hafin í kjallaranum, lengra var byggingin ekki komin. Eftir það var unnið hörðum höndum og árið 1943 var risið eitt af myndarlegustu samkomu- og skólahúsum í sveit hér á landi á þeim tíma.

Mikil orka hlýtur að hafa búið í Jóhannesi Óla. Hann var skólastjóri hér til ársins 1953, ekki nóg með það, hann var líka nánast eini kennarinn. Kenndi öll fög nema handavinnu, leikfimi og sund. Meðfram þessu stofnaði hann barnastúkuna Baldursbrá og Skógræktarfélag Árskógsstrandar. Hann var upphafsmaður að því að trjáam var plantað í reit við Þorvaldsdalsá. Þar eru nú vaxin stærðar tré og alltaf er talað um skógræktarreitinn við ána, eða Brúarreitinn.

Jóhannes var fjölskyldumaður eins og fyrr segir, og kona hans Svanhildur Þorsteinsdóttir (5/12 1916 – 2/2 2003) var föðursystir mín. Þau bjuggu fyrst í Ásgarði á Hauganesi, en fluttu þaðan í kjallarann í Árskógi 20. september 1942. Síðar fluttu þau í íbúð á efri hæðinni þegar hún var tilbúin. Þau eignuðust dæturnar Fjólu Jórinni 17. apríl 1937 í Ásgarði og Sigrúnu Björk 17. október 1942 í Árskógi. Þar fæddist einnig 7. febrúar 1947 andvana drengur, dáinn nokkru fyrir fæðingu. Það var mikil sorg, en árið 1950 á gamlársdag eignuðust þau svo þriðju dótturina Sólveigu Unu, hún fæddist á Sjúkrahúsinu á Akureyri en þar þurfti Svanhildur að dvelja um tíma fyrir fæðinguna. Sigrún Björk átti við vanheilsu að stríða og lést 21. október 2002. Hún eignaðist einn dreng. Fjóra er gift Benedikt Sæmundssyni og búa þau í Reykjanesbæ, Sólveig er gift Frímanni Guðmundssyni og búa þau á Akureyri. Afkomendur Jóhannesar og Svanhildar eru nú 27 talsins. Svanhildur kenndi handavinnu stúlkna um árabíl í skólanum í Árskógi. Eftir að fjöl-



*Fjölskylda Jóhannesar. Frá v. Jóhannes Óli Sæmundsson, dæturnar Fjóla Jörunn, Sólveig Una og Sigrún Björk, Svanhildur Þorsteinsdóttir.*

*Mynd frá Ásu Marinósdóttur.*

skyldan hafði búið á Akureyri í átta ár lágu leiðir þeirra hjóna ekki lengur saman og slitu þau samvistum árið 1961.

Jóhannes var afar farsæll kennari, nokkuð strangur en sanngjarn. Engum datt í hug annað en að hlýða hans fyrirmælum. Hann var oft djúpt hugsi og skyldi engan undra, því margt þurfti að skipuleggja í hugarum. Ég var í skóla hjá Jóhannesi Óla alla mína barnaskólatíð, þekki því engan samanburð á kennurum. Stundum fékk hann okkur krakkana til að hjálpa sér við eitt og annað, svo sem að flokka bækur og raða þeim. Eitt sinn kom það í minn hlut og bað hann mig að vera örlítið lengur eftir skóla dag einn og raða í hillur í stóru stofunni. (Skólafurnar voru: Stóra stofa og litla stofa.) Ég gerði það og þegar hann var búinn að sýna mér hvað ég ætti að gera, labbaði hann út úr stofunni og *lesti* á eftir sér. Ég heyrði þetta og reyndi að kalla í hann en hann var farinn eitthvert. Eg var ekki svo lengi að ljúka við mitt verk og beið eftir að opnað væri, en tíminn leið, já, mér fannst það vera óratími, vissi ekkert hvað klukkan var því armbandsúr átti ég ekki. Á þessum árum voru þau börn heppin sem fengu úr í fermingargjöf. En ekki kom Jóhannes. Hann hefur verið djúpt hugsi einhversstaðar.

Loksins heyrði ég að síminn hringdi og Jóhannes svaraði. „Nei hún er löngu farin,“ heyrði ég að hann sagði, en það var móðir mín sem var í símanum. Síðan opnaði hann skólastofuna mér til mikils léttis og þá sá hann að ég var þar enn. „Nú, - læsti ég?“ sagði hann. Það var bara svo vanalegt að hann læsti öllu og passaði upp á hlutina, að þetta var ósjálfrátt. Ég labbaði heim, frelsinu fegin, en ekki man ég hvað ég sagði foreldrum mínum, reyndi þó að sannfæra þau um að ég hefði ekki verið látin „sitja eftir.“

Jóhannes Óli var hér við kennslu og skólástjórn til ársins 1953. Þá flutti fjölskyldan til Akureyrar. Ég ætla bara að stikla á stóru með framhaldið, það væri örugglega til efni í heila bók ef segja ætti sögu hans. Hann fór sína einu ferð til útlanda árið 1954, en þá fór hann í námsferð til þriggja Norðurlanda um veturinn. Í marsbyrjun 1955 var hann settur námsstjóri á Austurlandi og skipaður í það embætti árið 1957 og starfaði við það í 7–8 ár.

Hann byggði hús fyrir fjölskylduna á Akureyri og setti þar líka á stofn verslun með bækur og ritföng sem varð svo seinna forn bókasala. Hann tók þátt í að stofna Styrktarfélag vangefinna á Norðurlandi ásamt Jóhanni Þorkelssyni lækni og var frumkvöðull að byggingu Vistheimilisins Sólborgar á Akureyri. Hann hafði geysimikinn áhuga á að skrá örnefni og hafði gaman af dulrænum frásögnum. Hann hafði líka gaman af söng og spilaði á orgel. Jóhannes keypti á fullorðinsárum orgel sem faðir minn Marínó Þorsteinsson átti. Jafnframt öllu þessu sem upp er talið, kenndi hann í skólum á Akureyri og á Þelamörk eftir að hann flutti til Akureyrar.

Þótt ég hafi ætlað að kynna Jóhannes Óla Sæmundsson með nokkrum orðum, fór það svo að orðin urðu fleiri en ég ætlaði í upphafi, en færri en þyrftu að vera, því mjög margt er ótalið. Jóhannes Óli andaðist 17. janúar 1982.

Eftirfarandi saga fannst á blaði, handskrifuðu af Jóhannesi Óla og þar segir hann söguna hafa gerst fyrir 30 árum síðan. Það er samt ekki alveg vitað hvenær sagan hefur gerst, en Jóhannes var þá smástrákur og átti heima í Hátúni á Árskógsströnd hjá fósturforeldrum sínum. Gæti það hafa verið árið 1915, þá hefur Jóhannes verið 9 ára, en hugsanlega einu eða tveim árum seinna. Hér kemur svo sagan sem heitir:

### Á aðfangadegi fyrir 30 árum

Jólin voru að koma þrátt fyrir allt. Sex, fimm, fjórir, þrír, tveir, einn. Alltaf styttist biðin og þó óskuðu sumir eftir því að hún lengdist líka.

Lengi var ég búinn að hlakka til jólanna, margar vikur og þó átti ég ekkert jólatré og bjóst ekki við að eignast það. En ég vissi fyrir víst að ég hlyti að fá „í það minnsta kerti og spil.“ Vafalaust fengi ég nýja bryddaða sauðskinnsskó, e.t.v. með nýjum stykkjóttum eða röndóttum illeppum. Sennilega nýja sokka, nýjan stakk eða peysu. Svo gat svo sem viljað til að ég fengi eitt eða tvö jólakort og eitthvert sөлgæti, ólíklegt var þó að mikið yrði af því og um jólagjafir frá öðrum en mömmu og pabba gat naumast verið að ræða.

En vikuna fyrir jólin sló nokkrum skugga á jólagleðina, eða jóla-tillhlökkunina. Tíðarfarið fór síversnandi því nær sem dró hátíðinni. Alltaf snjóaði og oft var hvasst af norðri og austri, svo allt var að fara á kaf í snjó.

Jólakaupstaðarferðirnar héðan úr sveitinni voru þá allar farnar á árabátum inn til Akureyrar og stundum var hætt á að fara ekki fyrir en rúmri viku fyrir jól, til þess að sem mest væri hægt að senda af smábandinu, en smábandsvörurnar, svo nefndar, voru iðulega aðal-gjaldeyrir heimilanna til jólainnkaupa. Oft var mjög undir þessu komið, hve margt og mikið kom úr kaupstaðnum fyrir jólin. Allir sem „vettlingi gátu valdið“ hjálpuðu því til við tóskapinn og kepptust við, alla jólaföstuna. Og þó að ég yrði aldrei duglegur að þrjóna og kamba, þá þæfði ég snemma, einkum vettlingana og tvinnaði mikið á halasnældu, einkum rökkurstundirnar og á vökunni. Og meðan verið var að þessum störfum gat maður æft jólalögin og sálmana, eða þá annan söng og áreiðanlega sparaði ég það ekki. Því ég var snemma endalaust syngjandi og mamma kenndi mér fjölda ljóða og laga.

Í þetta skipti hafði verið dregið fram á seinustu stund að fara jólaferðina og iðraðist margur þess. Kaupstaðarmennirnir hríð-tepptust á Akureyri, með allar jólavörurnar. Sumir bátarnir héðan utan að komust eitthvað á leið og sátu svo þar. Ýmsir voru farnir að óttast um að þeir kæmust ekki heim fyrir jól, nema þá „lausir og lið-ugir“ þ.e.a.s. gangandi og allslausir, en slíkt óyndisúrræði geymdu menn sér þangað til öll von var úti um að komast heim á bátunum.

Pabbi minn hafði ekki farið í kaupstaðinn að þessu sinni, því að hann fékk engan til að annast fyrir sig um skepnurnar, svo að hann samdi við einn nágranna sinn um að gera fyrir sig jólainnkaupin og versla með smábandið. Þetta gerðu fleiri og sumir nábúar fóru til skiptis í kaupstaðarferðir að vetrinum.

Á hverjum einasta degi var aðalurnæðuefnið alltaf það sama. Alltaf veðrið og kaupstaðarmennirnir. Ekkert fréttist af þeim, því

ekki var sími nema á einum bæ í sveitinni, en ófærð mikil og harðneskjuveður flesta daga. Það var því ekki um neitt annað að gera en bíða, gefa veðrinu gætur og geta sér til um eitt og annað í þessu sambandi.

Seinni hluta Þorlákisdags var stilltara veður, en fannkoma töluverð. Austanáttin hafði náð yfirtökunum í bili. En loftvogin stóð illa og talað var um að skyndilega gæti versnað upp úr svona útliti. Þetta varð þó ekki og logndrífa hélst um kvöldið og nóttina og alllangt fram eftir aðfangadeginum. Mikið hafði dregið úr kvikunni, svo sjóveður var sémilegt þessa daga tvo, þó að útlitið væri talið slæmt og allir teldu upp á stórhrið aftur og líklega verri en fyrr.

Sjómennirnir létu ekki þessa sljá fram hjá sér fara, þeir gripu samstundis tækifærið og héldu heimleiðis, þó að engum blandaðist hugur um að útlitið væri í mesta máta tvísýnt. En þetta tókst. Allir komust heim, en sannarlega var það á síðustu stundu, a.m.k. fyrir þau heimili sem vantaði eitt og annað af óhjákvæmilegum efnum í jólabaksturinn. Það var seint að byrja á að baka á aðfangadag, þegar ævinlega var mest að starfa að hreingerningum. Víða var því tekið það ráð að baka aðeins örlítið af hverri tegund, rétt til að nota á sjálfum jólnunum, en hefja svo aðalbaksturinn milli jóla og nýárs.

En mikið voru allir glaðir yfir því að kaupstaðarmennirnir skyldu hafa komist heim. Verst af öllu var ef þeir hefðu teppst innfrá yfir jólin. Í ljósaskiptunum á aðfangadaginn var aftur að vaxa hriðin og einnig að hvesa af norðri. Mamma var að fægja lampann, en pabbi var að brytja beinin handa kindunum til jóla-anna. Hann barði alltaf mikið af hertum þorskhausum, smáum og óupprifnum og brytjaði svo og reytti niður í ílát og geymdi þannig. Svo gaf hann kindunum mikið af þessu og hestunum líka. Til þess svo að þurfa sem minnst fyrir þessu að hafa um hátíðarnar, barði hann og brytjaði mikið síðustu dagana fyrir jólin. Ég hygg að þessi bein hafi verið mesta kostafóður. A.m.k. lagði pabbi mikla vinnu og fyrirhöfn í þau og hann var athugull og hygginn búmaður og þaulvanur fjármaður.

Já, það var farið að dimma þegar allt í einu var barið að dyrum. Pabbi fór til dyra og kom að vörmu spori aftur með gest, sem hann sagði að yrði að fá duglega hressingu, áður en hann héldi lengra. Mamma fór þá undir eins frá sínu verki til að hita kaffið handa komumanni. Það stóð nú yfirleitt ekki á henni til þeirra hluta, því hún var með afbrigðum greiðasöm og góðviljuð. Gesturinn aflæddist ekkert, verkaði bara af sér snjóinn og man ég eftir

að pabbi rak á eftur kaffinu eftir örfáar mínútur, því þeir voru að tala um að veðrið mundi versna með kvöldinu, en ferðamaðurinn átti eftir að kjaga yfir Kötluháls, vestur Gvendarbrekkur, fram fyrir Hávarðarstaðatóftir, þar yfir Þorvaldsdalsá og upp að Grund í Þorvaldsdal. Þetta var bóndinn þaðan.

Mamma var fljót með kaffið og ég var alltaf að líta út um gluggann. Mér fannst svo óttalegt að maðurinn skyldi þurfa að vera á ferð í vondu veðri svona nærri því á sjálfa jólanóttina. En ég vissi líka að þýðingarlaust var að biðja hann að gista. Hann átti mörg börn og konu langt frammi í dal. Þar voru jólin líka að koma, en jólavarningurinn – jólagjafirnar, það allt var í pokanum á baki heimilisföðurins, sem um hádegi á aðfangadag kom róandi á árabáti frá Akureyri ásamt fleirum. Aðaljólavörurnar, hveiti, sykur og þvílík þungavara, það var eftir niðri við sjó að undanskildum fáeinum pundum af hvoru, sem auk kerta, spila og annars smávarnings hékk á öxl ferðamannsins og sem varð að komast alla leið.

Svo var líka annað. Enginn af þeim sem heima biðu á Grund hafði minnstu hugmynd um hvort líkur voru til þess að húsbóndinn kæmist úr kaupstaðarferðinni heim fyrir jólin. Þess var jafnvel meiri von að svo yrði ekki og líklega verra veður frammi í dalnum. Það myndi því verða óblandin ánægjustund er hann kæmi heim rétt áður en helgi jólanna setti svip sinn á heimilið. Já, það yrði yndisleg stund. Bara að Guð gæfi að honum gengi greitt fram dalinn og allt færi vel. Um þetta var ég lítill snáði þungt hugsandi þetta jólakvöld. Ég var alltaf að tala um veðrið og spyrja pabba um hve langt maðurinn myndi nú kominn. Veðrið versnaði ekki verulega og pabbi taldi mér trú um að Grundarbóndinn myndi vera að burstu af sér snjóinn, þegar ég var að láta á mig sauðskinnsskóna nýju, með fannhvítu bryddingunum.

Jólavöldið varð indælt þótt úti væri hrið. Mér fannst ég fá mikið, þó að ýmsum ykkar myndi hafa þótt það lítið núna.


Grundarbóndinn komst heim fyrir klukkan sex og allt fór vel.

*Jóhannes Óli Sæmundsson.*

HELGI HALLGRÍMSSON

## Dulheimur Árskógsstrandar

*Helgi Hallgrímsson fæddist 1935 í N.-Múlasýslu. Stúdent frá MA 1955. Stundaði líffræðinám í Göttingen og Hamborg í Þýskalandi 1955-63 (ekki samfellt). Stundakennari við MA um skeið til 1969. Safnvörður við Náttúrugripasafnið á Akureyri um skeið frá 1963. Búsettur á Víkurbakka á Árskógsströnd 1966-74 og hélt þar rannsóknarstöð. Býr nú á Egilsstöðum. Hefur talsvert sinnt ritstörfum.*



Árskógsströnd nefnist nú sá hluti vesturstrandar Eyjafjarðar, sem liggur milli Fagraskógar (Torfness) og Hámundarstaðaháls (Háls-höfða), en það er um 12 km loftlína. Svæðið skiptist nokkurn veginn til helminga af Þorvaldsdalsá, í Suður- og Norðurströnd, og er Suðurströndin hluti þess svæðis er frá fornu kallast Galmaströnd. Upp af miðri Ströndinni gengur Þorvaldsdalur, um 20 km langur, suður í gegnum fjallgarðinn. Sitt hvoru megin við mynni hans standa Krossafjall og Kötlufjall, nálægt 1000 m á hæð, eins og völdugar öndvegissúlur.

Árskógsströnd hefur um aldir verið sérstök kirkjusókn (Stærra-Árskógssókn), ásamt Hrísey, en tilheyrði samt tveimur hreppum, Arnarneshreppi og Vallahreppi (Svarfaðardal). Árið 1911 varð Ströndin að einum hreppi, Árskógshreppi, ásamt Hrísey, er síðan varð að sérstökum hreppi 1930. Árið 1998 var Ströndin sameinuð Svarfaðardal og Dalvík, í sveitarfélagið Dalvíkurbyggð, og 2004 sameinaðist Hríseyjarhreppur Akureyri. Ströndin hefur lengi verið þéttbýl, og þar mynduðust á síðustu öld tvö sjávarþorp, Hauganes og Litli-Árskógssandur, og það þriðja í Hrísey, en byggð í Þor-



valdsdal lagðist niður. Miðstöð sveitarinnar er í Stærri-Árskógi, þar er kirkja, barnaskóli, félagsheimili og nokkur iðnaðarhús.

Dulheimur Árskógsstrandar er býsna fjölbreyttur. Þar gerðist merkileg landnámssaga, þar er einskonar fjallvættur, meintur konungshaugur, furðulegir skálasteinar, huldufólk nánast á hverjum bæ, sæmenn og sæskrímsli við ströndina, og grunur um nykur í einni tjörn. Draugar hafa gert vart við sig á Ströndinni, en verða ekki tíundaðir hér, enda teljast þeir ekki til vætta.



*Jóhannes Óli Sæmundsson við dranginn „Þórhall“ hjá eyðibýlinu Þórhallastöðum í mynna Þorvaldsdals, 10. ágúst 1969. Ljós. Helgi Hg.*

Helsta heimildarrit þessa þáttar er kverið *Örnefni í Eyjafjarðarsýslu I, 1, Árskógsbreyppur*. Ak. 1978, 136 bls., sem Jóhannes Óli Sæmundsson ritaði og gaf út á eigin kostnað. (Til þess verður vitnað hér eftir sem „*Örnefni í Árskógsbreyppi*”). Áður hafði hann safnað örnefnum og örnefnasögum í allri Eyjafjarðarsýslu, og skráð þau eftir bæjum og hreppum. Lét Ungmennasamband Eyjafjarðar fjölrita það safn í nokkrum eintökum, aðallega til að dreifa á bæina og afla viðauka og leiðréttinga, sem allmargar bárust, og er þetta safn nú geymt í Héraðsskjalasafninu á Akureyri, og bíður frekari úrvinnslu, en aldrei kom meira en Árskógsströnd út á prenti. Jóhannes var fæddur og upp alinn á Ströndinni og var lengi barnakennari þar. Hann var áhugasamur um þjóðleg fræði og ritaði nokkrar greinar um þau efni í tímaritið *Súlur*, sem hann stofnaði, ásamt Erlingi Davíðssyni 1971. Ég kynntist Jóhannesi á efri árum hans á Akureyri og átti við hann góð og gagnleg samskipti. Má skoða þennan pistil sem framlag til minningar hans.

### Landnámssagan

Fá eru þau héruð sem eiga sér jafn glæsilega landnámssögu og Eyjafjörður, og þar er Árskógsströnd í lykilhlutverki. Svo má heita að hvert mannsbarn á Íslandi sem komið er til vits og ára þekki þessa sögu, enda var hún til skamms tíma í námsefni barnaskóla.

„Helgi enn magri fór til Íslands með konu sína og börn; þar var og með honum Hámundur heljarskinn mágur [tengdasonur] hans, er átti Ingunni dóttur Helga. Helgi var blandinn mjög í trú; hann trúði á Krist, en hét á Þór til sjófara og harðræða. Þá er Helgi sá Ísland, gekk hann til fréttu við Þór, hvar land skyldi taka, en fréttin vísaði honum norður um landið... Helgi tók land fyrir utan [vestan] Hrísey, en fyrir innan Svarfaðardal; hann var enn fyrsta vetur á Hámundarstöðum. Þeir fengu vetur mikinn. Um vorið gekk Helgi upp á Sólarfjöll; þá sá hann að svartara var miklu að sjá inn til fjarðarins, er þeir kölluðu Eyjafjörð, af eyjum þeim er þar lágu úti fyrir. Eftir það bar Helgi á skip sitt allt það er hann átti, en Hámundur bjó eftir.“<sup>1</sup>

Helgi sigldi síðan inn í fjarðarbotn, og þar hófst hin dæmigerða landnámssaga. Hann lenti við Galtarhamar (Festarklett?) og skaut

<sup>1</sup> *Íslensk fornrit I. bindi, 1968, bls. 250-252.*

svínapari á land, er síðan margfaldaðist í Sölvadal, var næsta vetur á Bíldsá, en flutti svo bú sitt að Kristnesi, og á leið þangað fæddi Þórunn kona hans dótturina Þorbjörgu hólmasól á Þórunnareyju í Eyjafjarðará. „Helgi kannaði um sumarið hérað allt og nam allan Eyjafjörð, milli Sigluness og Reynisness, og gerði eld mikinn við hvern vatnsós, og helgaði sér svo allt hérað.“

Einar Pálsson fræðimaður, hefur ritað um þessa landnámssögu, og telur hana táknræna, einskonar goðsögu, og eiga hliðstæður víða um heim. Örnefnið Sólarfjöll þekktist ekki lengur en hefur orðið mörgum íhugunarefni. Telja flestir að það muni eiga við *Krossafjall* (Krosshnjúk), sem er um 990 m y.s., en *Kötlufjall* (964 m) kemur líka til greina, þaðan sést betur inn eftir héraðinu. Líklegt er að bæjarnafnið *Krossar* tengist dvöl Helga magra á Árskógsströnd.

### Fjallvætturinn Katla

Önnur goðsaga e.t.v. álíka gömul og landnámssagan, greinir frá vættinni Kötlu, er segja má að hafi tileinkað sér landið austan Þorvaldsár, þar sem örnefni eru við hana kennd, og mynda heiðið mótvægi við Krossa og Krossafjall vestan ár. *Kötlubóll* er innst og efst á *Kötlubálsi* norðan undir Kötlu fjalli.

„Hóll Kötlu hreykir sér efst á hálsinum eins og meiri háttar mannvirki, sem snýr gafl til byggðar á Galmaströnd, en baki í Þorvaldsdalinn. *Kötlubóllinn* og *Kötlufjallið* eru forn örnefni. Þar segir sagan, að Þorkatla hin gamla hafi verið deydd og grafin (Svarfdæla saga). Munnmæli segja dys hennar sunnan við hólinn, þó að engin sjáist þess merki.“<sup>2</sup>

Svarfdælasaga gefur þessa skýringu á nafni Kötlu fjalls: „En Þorkatla hin gamla var móðir Hrana, er Kötlu fjall er við kennt, því Helgi hinn magri deyddi hana þar, og kól hana í hel, svo hann sat henni þar mat, þar til hún dó.“ Hrani bjó í Birnunesi og var bróðir Birnu sem bærinn er kenndur við. Hann var ójafnaðarmaður, sem beitti á engjar og akra Þórarins á Hellu, og fyrir það lét hann líf sitt. Ástæða þessarar meðferðar á Þorkötlu var líklega sú að hún var talin göldrótt, þó ekki komi það skýrt fram í sögunni, sem talin er rituð á 14. öld.<sup>3</sup>

<sup>2</sup> *Jób. Óli Sæm.: Örnefni í Árskógsbreyppi, bls. 78.*

<sup>3</sup> *Svarfdæla saga. Útg. Jónasar Kristjánssonar, Rv. 1966, bls. 25.*

Jón Jónsson prestur í Stærra-Árskógi ritar í Fornleifaskýrslu sína 1821:

„... tjáist kerling nokkur, nafnkunnug að töfrum og forneskju... vera heygð í hólí þessum [Kötluhólí]... gamlar sagnir segja að hún [Katla] hafi átt hellir stóran í fjallinu, með steinhurð að sunnan, þar sem fjallið endar við Reystarárskarð... Hellirinn tjáist náð hafa eftir endilöngu fjallinu, svo sem mílu vegar, út í næsta skarð, er Þorvalds-skarð heitir...“<sup>4</sup>

Kristian Kálund (1877/1986) tekur þessa sögu upp og ritar: „... um Kötlu þá, sem fjallið heitir eftir, segja munnmæli, að hún hafi verið tröllkona, sem bjó í helli sem náði gegnum fjallið. Á hún að vera grafin í Kötluhól við fjallsrætur.“<sup>5</sup>

Sveinn Jónsson fv. bóndi í Kálfsskinni hefur sínar eigin hugmyndir um Kötlu, sem e.t.v. byggjast á munnmælum. Hann gengur út frá því að Þorkatla hafi verið frumbyggi í Kálfsskinni, sem komst upp á kant við nágranna sína, er fóru að gruna hana um galdra.

„Þeir sem höfðu á einhvern hátt betra vald yfir hlutunum en aðrir, voru einfaldlega galdramenn, og reynt var að koma þeim fyrir kattarnef. Hvort sem þetta var ástæðan, eða einfaldlega ráðríki þeirrar gömlu, þá undu bændur nábylí hennar illa. Þeir leituðu til höfðingja síns, Helga magra, sem þá var fluttur að Kristnesi. Hans ráð voru þau að ekki væri annað að gera en koma gömlu konunni frá, því við hitt yrði ekki unað að hún nyti einhverra yfirburða. Sagt er að hún hafi verið færð upp á öxlina hér ofan við, og þar hafi verið dreginn skinnbelgur yfir höfuð henni og borið grjót að. Þannig hafi myndast sá Kötluhóll sem daglega er fyrir augum þeirra er búa í Kálfsskinni. Sannleiksgildi sögunnar er kannski ekki alveg hægt að reiða sig á. En í mínum huga hefur hún verið mér frekar til aðstoðar gegnum tíðina, gamla konan, og nábylíð við hana hefur verið gott.“<sup>6</sup>

Þessar tilvitnanir sýna að Katla er margbrotin persóna í þjóðtrúnni. Ef til vill var hún völva sem varð að gjalda fyrir þekkingu

<sup>4</sup> Sveinbjörn Rafnsson: *Frásögur um fornaldarleifar II*, bls. 542.

<sup>5</sup> Kr: *Kaalund: Ísl. sögustaðir III*, 78.

<sup>6</sup> Björn Ingólfsson: *Vasast í öllu. Endurminningar Sveins í Kálfsskinni. Ak. 2007*, bls. 14-15.

sína með því að vera svelt í hel. Annars minnir hún á ýmsa fjallvætti eða hálftröll, svo sem Ármann í Ármannsfelli og Bárð Snæfellsás, og bústaður hennar í fjallinu hefur ekki verið neitt smásmíði. Ekki laust við að Ströndungar beri virðingu fyrir henni, eins og fram kemur í orðum Sveins.

### Hrærekshóll og aðrir fornhaugar

*Hrærekshóll* á bænum Kálfskinni (Hátúni) er dæmi um svonefnda „fornhauga“, þ. e. staði þar sem því hefur verið trúað að fornmennt væru heygðir, oftast kunnar persónur úr Íslendingasögum. Þeir eru algengir um land allt og skipta mörgum hundruðum. Aðeins í Eyjafirði hefur höfundur skráð um 90 slíka fornhauga. Langt fram á 19. öld var það almenn skoðun að þeir væru merkustu fornminjar hérlendis. Þessi hjátrú leiddi til þess að oft var grafið í haugana í leit að fjármunum, og sjást þess víða merki, þrátt fyrir bannhelgi sem hvíldi á mörgum þeirra. Langoftast eru fornhaugar náttúrumyndanir, en ekki grafhaugar eða kuml úr heiðni.<sup>7</sup>

Hrærekur Dagsson var einn þeirra smákonunga er áttu ríki í Upplöndum í Noregi á tíma Ólafs Haraldssonar digra (helga), og réð ásamt bróður sínum yfir Heiðmerkurfylki. Ætluðu þeir að efla mótstöðu gegn Ólafi, en til þess kom ekki, því Ólafur kom þeim að óvörum á ráðstefnu og handtók þá fimm saman. Rak hann þrjá þeirra í útlegð, skar tungu úr einum, en Hrærek lét hann blinda á báðum augum, og hafði síðan við hirð sína, enda voru þeir frændur. Hrærekur gerði Ólafi allt til bölvunar og sat jafnvel um líf hans. Að lokum sá kóngur þann kost vænstan að senda hann í útlegð til Grænlands, en hann komst þó aðeins til Íslands, og lenti fyrst hjá Þorgilsi Arasyni á Reykhólum, en var síðan, fyrir tilmæli Ólafs, sendur Guðmundi ríka á Möðruvöllum fram í Eyjafirði.

„Tök Guðmundur vel við Hræreki, fyrir sakir konungs orðsendingar, og var hann með Guðmundi vetur annan. Þá undi hann þar eigi lengur. Þá fékk Guðmundur honum vist á litlum bæ, er heitir á Kálfskinni, og var þar fátt hjóna. Þar var Hrærekur hinn þriðja vetur, og sagði hann svo, að síðan er hann lét af konungdómi, að hann hafi þar verið svo, að honum hafi bezt þótt, því að þar var hann af öllum mest metinn. Eftir um sumarið fékk Hrærekur sótt

<sup>7</sup> Helgi Hall.: „Fornir haugar“ og féstaðir [í Eyjafirði]. *Dagur* 27. des. 1985. / *Fornhaugar í Eyjafirði, handrit um 1985.*



*Hrærekshóll við Kálfsskinn. Sveinn Jónsson við steininn 1995.*

*Ljós. Friða Freymósdóttir.*

þá er hann leiddi til bana. Svo er sagt að sá einn konungur hvílir á Íslandi.<sup>48</sup>

Talið er að Hrærekur hafi látist árið 1022. Að sjálfsögðu þótti þjóðtrúnni ekki annað hæfa en orpinn væri myndarlegur haugur eftir svo ættgöfugan mann, enda þótt kristni hefði þá verið lögtekin og farið að jarða menn í kirkjugörðum. Í fornleifaskýrslu sinni, 1821, hikar Jón Jónsson prestur ekki við að rita:

„Hrærekur andaðist á Kálfsskinni, og er heygður norðvestur, ei allskammt frá túninu, á holti nokkru er þar verður, á svokölluðum Kálfsskinsbrekkum. Haugur hans er að kringmáli (peripherie) 55 álnir danskar, en að þvermáli yfir miðja dysina 17 álnir. - Grafíð hefur verið í hauginn fyrir nokkrum árum síðan frá toppi hans niður að hellunni, komust þeir er grófu ei lengra, og hættu við svo búið.“<sup>49</sup>

Kom þar til að þeim þótti engin fjárvon vera í haugnum, og sú gamla hjátrú að haugbrot geti valdið mönnum ógæfu. Ólafur Olavius (1777) kallar hauginn *Hræreksleiði*. Jóhannes Óli segir í

<sup>48</sup> *Ólaf's saga helga. Heimskringla, Rvík 1948, bls. 98.*

<sup>49</sup> *Sveinbjörn Rafnsson: Frásögur um fornaldarleifar II, bls. 541.*

æviágrípi sínu: *Horft um öxl* (1978), að hann hafi í bernsku sinni verið nefndur *Hæringshóll*, en Jósteinn Jónsson, fóstri hans, hafi leiðrétt það og síðan var farið að kalla hann sínu rétta nafni, *Hrærekshóll*.

*Hrærekshóll* er á Brekkum utan og ofan Hátúnsbæjar, nú kominn í tún sem tilheyrir Syðra-Kálfsskinni. Þetta er lítill hóll, varla meira en 1 m á hæð og fáeinir m í þvermál, allur grasi vaxinn. Í honum miðjum er djúp dæld, og neðst í henni mótur fyrir steinarröð, sem virðist mynda ferhyrning. Dældin er líklega merki um að grafið hafi verið í hann, eins og Jón Jónsson segir frá. Annars líkist hann nokkuð hústóft. Jóhannes Óli segist hafa grafið í skálarbotninn á æskuárum sínum í Kálfsskinni.

„Ekki þurfti djúpt að grafa til að í ljós kæmu mjög lögulegir hleðslusteinar. Virtist mér hleðslan hringlaga, a.m.k. bogadregin, semsé greinileg mannaverk. Greip mig þá sektarkennd og hræðsla, ég hætti greftinum og bjó um aftur sem best ég kunni.“<sup>10</sup>

Hrærekshóll hefur aldrei verið rannsakaður af fornleifafræðingum. Hann var friðlýstur af Matthíasi Þórðarsyni þjóðminjaverði 1930, á honum er friðlýsingarmerki, og blágrýtissteinn með víðeigandi áletrun, sem Lions-klúbburinn Hrærekur á Árskógsströnd lét gera og setja upp árið 1976. (Mynd í æviminningabók Sveins í Kálfsskinni). Þar með fékk Hrærekur kóngur uppreisn æru. Þá má ekki gleyma ágætu kvæði sem Davíð Stefánsson orti um hann og líka er verðugt minnismerki. Til gamans má geta þess að Jóhannes Óli kallaði greinaflokk um dulræn fyrirbæri, sem hann ritaði í tímaritið *Súlur*, „Heyrt og séð á Hræreks-strönd.“<sup>11</sup>

**Purkhóll** er meintur fornhaugur í Stærri-Árskógi, sem séra Jón Jónsson lýsir nákvæmlega í fornleifaskýrslu sinni 1821, og segir þar m.a.:

„Hóllinn sjálfur er að öllu leyti lagaður sem fornmannahaugar, þar sem menn hafa verið skiplagðir... Hann er umhverfis 60-70 faðmar, en 30 yfir um þvert... Fýsn hefur mér mikil á verið að grafa í hól þennan, en þó enn ekki að því ráðist, fyrir þá skuld, að ég hefi alls engar fregnir fengið getað um haug þennan, hvört nokkur eða

<sup>10</sup> *Jób. Óli Sæm.: Horft um öxl. Sérprent úr „Aldnir hafa orðið“, Ak. 1978.*

<sup>11</sup> *Erlingur Davíðsson: Konungsgröfin að Kálfsskinni. Dagur; jólablað, 1969, bls. 15-16. Nánar í handriti mínu: „Fornhaugar í Eyjafirði“, 1985.*

hvörr hann byggja mundi, því enginn hefur kannast við Purk þann, sem hóllinn er viðkenndur.<sup>12</sup>

Samkvæmt örnefnabók Jóhannesar Óla (bls. 93) hefur Purkhóll verið suður af bænum, rétt fyrir innan Bæjarlæk, en hóllinn er nú horfinn vegna malartöku, sem þar hefur átt sér stað, og byrjaði fyrir nokkrum áratugum. Jón prestur hefur álitid að Purkhóllinn væri fornhaugur, og líklega dregid þá ályktun af líkingu hans við bát á hvolfi. Jóhannes Óli getur Purkhóls ekki sem fornhaugs, en telur nafn hans dregid af svínunum, sbr. örnefnið Purkey og enska *pork* = svín, og gæti það vísað til lögunar hans.

**Gyðingsleiði**, Birnunesi (Brimnesi). „Birnunesbærinn stóð vestast í túninu, vestan alldjúprar lægðar, sem heitir Leyningur. Út og fram frá bæ var nokkuð stór, mjög aflöng þúfa, kölluð Gyðingsleiði. Fylgdi því örnefni einhver furðusaga, sem nú er svo fallin í fyrnsku, að eigi er lengur tiltæk til skráningar.“<sup>13</sup> Líklega er nú búid að slétta leiðið.

## Kuml

Kuml eða dysjar nefnast grafir fornmannanna sem lifað hafa og látist í heiðnum sið eins og tíðkaðist á Íslandi á fyrstu öldum byggðar, ca. 874-1000, áður en farið var að jarða í kirkjugörðum. Kumlin láta oftast lítið yfir sér og hafa langflest fundist af tilviljun, en stöku sinnum hefur sést þúfa eða grjótdys á yfirborði. Kristján Eldjárn frá Tjörn í Svarfaðardal, þjóðminjavörður og síðar forseti Íslendinga, ritaði ágæta bók um kumlin, sem nefnist *Kuml og haugfé*, og kom fyrst út 1956 (2. útgáfa 2000). Þar er lýst öllum kumlum sem þá voru þekkt. Kumlin eru fornminjar en tengjast líka þjóðtrúnni.

**Kuml á Hámundarstöðum:** Árið 1930 fannst kuml í litlum melhóli, rétt við *Gullkeldu* á Hámundarstaðahálsi. Slakki var í yfirborði hólsins, er sýndi að í hann hafði verið grafið. Kristján Eldjárn Kristjánsson á Hellu lýsti kumlinu í bréfi til Kristjáns Eldjárns þjóðminjavarðar, og er hluti þess birtur í riti hans: *Kuml og haugfé*, bls. 132.

**Kuml í Kálfsskinni:** Sveinn í Kálfsskinni hefur „vasast í öllu“, eins og titill minningabókar hans vísar til. Á *Reiðmel* fyrir ofan Kálfsskinn hafði lengi verið grunur um kuml, enda sást þar votta fyrir grjóthleðslu, þar lá gömul reiðleið og fyrsti bílvegurinn um

<sup>12</sup> Jón Jónsson: *Fornleifaskýrsla 1821. Frásögur um fornaldarleifar II*, bls. 544.

<sup>13</sup> Jóh. Óli Sem.: *Örnefni í Arskógsbreyppi*, bls. 82.



Ströndina. Sveinn fékk Oddgeir Hansson fornleifafræðing til að annast þar uppgröft 2005, með hjálp sjálfboðaliða, en hann var eitt sinn sumarstrákur hjá Sveini. Parna fundust tvö kuml, sem sneru norður-suður, og í báðum hafði verið grafinn maður og hestur, en ekki fundust þar neinir gripir, enda líklega búið að ræna grafirnar.<sup>14</sup>

### Álagablettir og fleira

*Veðurálög* eiga að vera á bletti í túninu á Kálfsskinni, neðan við bæjarhólinn (Brekka) og sunnan við heimreiðina. Þótti óbrígdult að þá kæmu óþurrkar ef sá blettur væri sleginn, og því var jafnan reynt að slá því á frest. Þetta er haft eftir Jóni Einarssyni bónda í Ytra-Kálfsskinni, um 1970, og er eina dæmið sem mér er kunnugt um álagabletti á Ströndinni. Það er furðu fátt, t.d. miðað við Svarfaðardal, þar sem sláttubönn, veðurálög o.fl. eru sérstaklega algeng.<sup>15</sup> Reyndar er þess að geta að álagablettir eru fátíðir innar í Eyjafirði, og austur þaðan, en hins vegar algengir norðar og vestar. Virðist því sem einhver þjóðtrúarskil liggi um Eyjafjörð, milli Árskógsstrandar og Svarfaðardals.

**Gíslapollur** er uppsprettulind utan og neðan við Götu, nálægt merkjum við Selárbakka, hálfull af kísilgúr, og rann þaðan lækjarvætla, áður en þar var gert vatnsból fyrir Selárbakkabæ. Nafnið kvað vera þannig tilkomið, að Gísli nokkur hefði riðið út í pollinn og týndust þar bæði hestur og maður, en fundust nokkru síðar sjóreknir við Kambhólsnaust innan við Fagraskóg. Þótti því sýnt að pollurinn væri botnlaus og samgangur þaðan til sjávar. Gíslapolls er einnig getið í álfasögu um Klútana á Hillum (sjá síðar). Sagnir um botnlausar tjarnir þekkjast víðar.

**Hrossatjörn** nefnist grunn smátjörn, mikið vaxin stór, á *Vatnamýrum* í Kötlufljalli upp af Götu. „Þar þóttust menn hafa heyrt um eitthvert ókennilegt vatnadýr, og var það tengt þeirri bábilju, að samgangur væri þaðan við Gíslapoll og sjálfan Eyjafjörð!“<sup>16</sup> Í handriti Jóhannesar Óla í Héraðsskjalasafni á Akureyri getur hann þess að *nykur* hafi átt að vera í Hrossatjörn „og segir sagan að honum hafi stundum tekizt að ginna hross úr Vatnamýrastóðinu út til sín í tjörnina, og sé þannig til komið nafn hennar.“ Líklegri skýring er þó, að hrossum var mikið beitt á Vatnamýrar.

<sup>14</sup> Björn Inngólfsson: *Vasast í öllu. Endurminningar Sveins í Kálfsskinni. Ak. 2007.*

<sup>15</sup> Helgi Hall.: *Álagastadir í Svarfaðardal I-III, Norðurslóð, 10. árg., 2.-4. tbl., 1986.*

<sup>16</sup> Jóh. Óli Sæm.: *Örnefni í Árskógsbreppi, bls. 68.*

## Galdramál

Afleiðing hinna svonefndu siðaskipta í NV-Evrópu um miðbik 16. aldar varð sú, að trúin á tilvist galdra og illra afla jókst til mikilla muna, og þar sem menn voru sviptir hinum ýmsu náðarmeðulum kaþólsku kirkjunnar voru þeir mun berskjaldaðri fyrir þeim en áður. Því var þá almennt trúað að hægt væri að ná fram hverju sem er með hæfilegri kunnáttu í göldrum, hvort sem það var til góðs eða ills. Lúterska kirkjan hamaðist gegn þessari trú um leið og hún magnaði hana upp, og það leiddi til hins hryllilega ‚galdrafárs‘ sem gekk yfir okkar heimshluta á 17. öld, þegar tugþúsundir manna létu lífið fyrir meinta iðkun galdra, og voru oftast brenndir lifandi. Þetta æði náði einnig til Íslands, gegnum embættismenn þeirrar tíðar, og náði hámarki á seinni hluta 17. aldar á Vestfjörðum, en sneyddi að mestu hjá garði norðaustan- og austanlands.

Fram hjá því verður samt ekki litið, að fyrsta galdrabrenna á Íslandi fór fram í Svarfaðardal árið 1625, fyrir tilstilli Magnúsar Björnssonar sýslumanns á Munkaþverá, og fórnarlambið var *Jón Rögnvaldsson*, maður um þrítugt, sem þá átti líklega heima á Hámundarstöðum, og var bróðir Þorvaldar skálds á Sauðanesi á Upsaströnd. Jón var ákærður fyrir að hafa vakið upp draug og sent að Urðum í Svarfaðardal, þar sem hann gerði margan óskunda. Töldu sumir að Jón Guðmundsson á Hellu hefði verið upphafsmaður þessa fyrirtækis, en hann varð síðar þekktur fyrir galdra, þó að hann slyppi við bálið.

Jón Rögnvaldsson neitaði alltaf þessum áburði, en þegar blöð með rúnaristum fundust í fórum hans þótti sýslumanni ekki þurfa frekari sannana, og dæmdi hann til dauða. Fór brennan fram á Melaeyrum, í sjónmáli frá Urðum. Furðu litlar heimildir eru til um þetta mál, enda kom það ekki til kasta Alþingis. Þorvaldur á Sauðanesi minnst bróður síns í kvæðinu *Æviraun*, telur hann hafa verið dæmdan saklausan, og ásakar sig fyrir að reyna ekki að afstýra því. Næstu galdrabrennur á Íslandi áttu sér ekki stað fyrr en aldarfjórðungi síðar, um 1650, sú síðasta 1685, en þá höfðu 21 karl og ein kona hlotið þessi örlög, öll á vesturhluta landsins, nema Jón Rögnvaldsson.<sup>17</sup>

<sup>17</sup> Þorsteinn M. Jónsson skólastjóri á Akureyri samdi erindi um þennan atburð, sem flutt var á fundi í Rótarýklúbbsi Akureyrar vorið 1955, og gaf síðan út sem bækling (36 bls.), með titlinum *Brennan á Melaeyrum 1625*, og er hann hér aðalheimild.



*Forstöðumenn náttúrugripasafna hjá Kleifarsteini, 3. sept. 1983.*

*Ljós. Helgi Hg.*

### Skálasteinar

Á nokkrum stöðum í fjallshlíðum ofan Árskógsstrandar getur að líta einkennilega staksteina með reglulega kringlóttum bollum og skálum, allt frá nokkrum sm upp í um 50 sm í þvermál, og allt að 10-15 sm á dýpt, sumar með uppkúptum botni. Er engu líkara en þær hafi verið sorfnar með kvarnarsteini sem snúið var í hring. Flestar eru skálarnar á suður- og austurhliðum steinanna, óreglulega dreifðar um flötinn.

Stærsti skálasteinninn er framan í urðarhjalla upp af eyðibýlinu *Kleif*, í um 450 m hæð yfir sjó (Kleifarsteinn, kápumynd á Týli 13 (2), 1983). Annar minni steinn, með svipuðum skálum, er í berg-hlaupsurð (Kleifarklifi) inn af bænum, í um 250 m hæð. Nokkrir skálasteinar hafa einnig fundist í *Krossafalli*, einn þeirra er í 220 m hæð y.s., kallaður *Skjöldur*, því að skálarnar eru þar breiðar en grunnar og virðast raðast í hring.

Það var danskur maður, *Einar Georg Petersen*, sem var bóndi á Kleif 1944-1979, sem uppgötvaði þessa steina. Hann var mikill grúskari og áhugasamur um jarðfræði, sögu o.fl. Hann benti

fyrstur manna á að urðir þær sem kallast framhlaup eða berghlaup hefðu getað myndast við hægfara skrið, enda er Kleifarbærinn á einu slíku berghlaupi.

Einar áleit skálarnar vera gerðar af mönnum í trúarlegum tilgangi (söldýrkun), eins og svipaðar skálar sem eru alltíðar á Bretlandseyjum og víðar í Evrópu. Steinskálarnar voru tákn matarskála, að dómi Einars, ákall til guðanna um matinn. Hann hallast því að forsögulegri byggð á Íslandi, eins og ýmsir fleiri, og niðurstaða hans er þessi:

„Það er nær einróma dómur allra sem skoðað hafa steina þessa, að skálarnar geti ekki verið náttúrusmíð.[...] Erlendis hafa komið fram margar tilgátur um, hvers vegna menn hafi gert þessi tákn. Mér þykir líklegast að þau séu hluti hins hvíta galdurs, sem fornar akuryrkjuþjóðir beittu, til að æðri máttarvöld veittu þeim mat og hamingju, sem fyrir þessum þjóðum var nokkurn veginn eitt og hið sama. [...] Mín skoðun er reyndar sú, að þessar skálar séu gerðar af leiðangursmönnum, sem hafi komið hér fyrir um það bil 3500 árum, gagngert til þess að leita liðveislu guðs, sem sýndi mönnum eina hlið sína, sólina - ef þeir leituðu á réttum stað, á réttum tíma og á réttan hátt.“<sup>18</sup>

Þóroddur F. Þóroddsson jarðfræðingur gerði sérstaka rannsókn á umræddum skálasteinnum sumarið 1983, og birti grein um þá í Týli sama ár, og ritar m.a.:

„Óhætt er að segja að skálarnar eru sérstæð fyrirbrigði, ýmsar þeirra líkjast mannaverkum, sem þekkt eru erlendis, og ekki er hægt að útiloka að mannhönd hafi lagað einhverjar þeirra til, en náttúrgan uppruna tel ég nær ótvíræðan.“<sup>19</sup>

Hátt uppi í Krossahnjúki fann hann berglag með svipuðum myndunum, og dró þá ályktun að þaðan væru skálasteinarnir komnir. Hann veltir upp ýmsum möguleikum á myndun skálanna, útilokar m.a. að þær séu myndaðar af vatni (skessukatlar), en telur að veðrun af einhverju tagi sé nærtækasta skýringin, líklega í tengslum við berggerðina. Svipuð veðrunarfyrirbæri hafa aðallega fundist við

<sup>18</sup> Einar Petersen: *Um fornminjar á Sólarfjalli. Súlur 8 (1), 1978, bls. 9-16.*

<sup>19</sup> Þóroddur F. Þóroddsson: *Skálasteinar á Árskógsströnd. Týli 13 (2), 1983, bls. 41-46.*

sjávarsiðuna, t.d. á hinum vel þekktu Dvergasteini, hjá samnefndum bæ í Seyðisfirði eystra, á Álfsnesi á Kjalarnesi, og reyndar líka í Jökulsárgljúfrum, N.-Þing. Þau eru þó hvergi eins regluleg og í steinunum á Árskógsströnd, og e.t.v. eru þar ekki öll kurl komin til grafar.<sup>20</sup>

### Huldufólksstaðir

Árskógsströnd er rík af huldufólksögum. Það skýrist m.a. af því að hér hefur slíkum fróðleik verið haldið betur til haga en víðast hvar annarsstaðar, þökk sé Jóhannesi Óla sem var fæddur þar og uppalinn. Verður ósjaldan til hans vitnað hér á eftir. Merkilegt er þó að engar sögur fara af huldufólki í Þorvaldsdal, svo ritara sé kunnugt. Meðal huldufólksstaða er að finna einn eða fleiri kirkjustaði og tvo útgerðarstaði, og tvær sögur greina frá hyllingum álfa, önnur höfð eftir skáldinu Bólu-Hjálmari, af eigin reynslu.

#### Hagi (Hagajarðir)

Hagi var innsta stórjörð á Árskógsströnd, sem á síðari tímum var skipt í *Ytri-* og *Syðri-Haga* og nokkur smábýli. Þar á meðal var býlið *Hillur*; smájörð innst í landinu. Það stóð á lágum hjalla, upp af *Hillnavík*, spölkorn ofan núverandi þjóðveggar, og fór í eyði 1954. Á tímabilinu 1884-1927 var smábýlið *Hillnakofi* niður á víkurbakkanum, og 1897 var stofnað nýbýlið *Raudavík* utanvert við víkina. Upp við fjallið var býlið og jörðin *Gata*, og *Víkurbæir* á sjávarbakka neðan við *Hagaús*. Á öllum þessum smábýlum hafa menn sögur af huldufólki, að vísu flestar gamlar og líkjast sumar ævintýrum.

Um Hillur eru oft áberandi veðraskil, enda líka mun snjóþyngra utan við hreppamörkin. Því urðu margir að leita skjóls á Hillum og í Hillnakofa, hjá örsnauðri ekkju, Helgu Jónatansdóttur, sem þar bjó lengi. Þar við bættist að reimt þótti vera á Hillunum, og voru þar ekki færri en þrír draugar eða svipir, sem gátu birst þegar minnst varði og villt um fyrir ferðamönnum. Einn þeirra var kallaður „Siggi á Hillunum“, og heyrði ég hans getið þegar ég flutti á Ströndina 1966, en varð hans aldrei var.

**Klútarnir á Hillunum:** Þorsteinn Þorkelsson á Ytra-Hvarfi í Svarfaðardal skráði langa sögu með þessu nafni, sem birtist í rit safninu Grímu.

<sup>20</sup> H. Hall.: *Dvergasteinn í Seyðisfirði. Glettingur 16 (1), 2006.* (Jón Jónsson jarðfr. hefur stungið upp á að kalla þessi fyrirbæri „dvergasteina“).

Þar segir frá vinnuhjúum í Ytri-Haga, sem voru að giftast, og fór vinnumaður til Akureyrar að afla fanga til brúðkaupsins. Á leiðinni þangað sá hann nokkra dýrindis klúta úr lérefti og silki, sem breiddir voru á klöpp nokkra við svonefndan Vatnahjallaveg, ofan við bæinn á Hillum, sem Jóh. Óli kallar *Klútaklett*. Tök hann einn klútinn og gaf unnustu sinni, og þrátt fyrir viðvaranir í draumi og síðar hótanir, var klútnum ekki skilað. Fór svo að vinnumaður andaðist skömmu eftir brúðkaupið. Fluttist þá ekkjan að Götum, og bjó þar m.a. með systur sinni, sem lenti brátt í hremmingum og týndist að lokum við Gíslapoll, enda neitaði systirin að skila klútnum, þar til hún var að dauða komin og Árskógsprestur gekk í málið. Þar með höfðu þrjár persónur látið lífið vegna klútstuldsins. Þetta er dæmigerð saga um hefnd huldufóks, sem telur sig órétti beitt, en fjölmargar slíkar sögur eru þekktar um land allt. Þorsteinn skráði einnig langa sögu af hvarfi drengs á Selárbakka (sjá síðar), er talinn var numinn burtu af álfum í Kötluþfalli.<sup>21</sup>

**Silungstjörnin:** Tryggvi Jónatansson í Litla-Hvammi, Hrafnagilshreppi, skráði söguna „Silungurinn“, sem birtist í Súlum 1972. Sagan er svo hljóðandi:

„Ég var eitt sinn í bíl mínum á leið til Dalvíkur á björtum sumar-degi. Þegar ég var kominn rétt norður fyrir Hillurnar, sá ég hvar tveir strákar voru að renna fyrir silung í tjörn einni rétt við veginn. Um leið og ég fór framhjá fengu þeir sinn silunginn hvor, sæmilega væna silunga, rauðleita á kvið, en mjög dökka á baki.“<sup>22</sup>

Þetta gerðist um 1950. Þarna er engin tjörn og hefur aldrei verið, en sagan er gott dæmi um „huldulandið“ sem Tryggva hefur sem snöggvast opnast sýn í, án þess að gera sér grein fyrir því meðan á sýninni stóð. Það er ekki fátítt að huldufólk birtist í landslagi sem er frábrugðið því sem er á staðnum.

### Rauðavík

Þar hefur verið talið að huldufólk byggi í hólum eða klettum við sjóinn.

„Sjávarhamrarnir út þaðan [frá Rauðavíkurbæ], hafa ekki sérstakt

<sup>21</sup> *Gríma hin nýja*, 5. bindi, bls. 107–110.

<sup>22</sup> *Súlur* 2. árg., 1. hefti, 1972, bls. 124.



*Vikurbæir (Ytri-Vík, Vikurbakki og Sólbakki) á Árskógsströnd, um 1970. Töngin á miðri mynd, og Hákarlsbás upp af henni. Ljósmynd. Helgi Hg.*

nafn svo vitað sé, og er ótrúlegt, því að þar var talið að huldufólk byggji. Nafnið *Rúgbrauðsklettur* mun ég hafa heyrt, en hleinarstubbur undir hömrnunum er líka nefndur *Rúgbrauðsklettur*. Talið var heppilegt að skilja eftir brauðhleif eða annað matarkyns þarna á klettunum, og ævinlega hvarf allt slíkt, sem þar var eftir skilið. Trúðu menn því að huldufólkið launaði vel fyrir sig, m.a. með því að koma í veg fyrir slys í hinum vondu og viðsjálu lendingum þeirra Hagabænda.<sup>23</sup>

Stuttu utar er *Stekkjárvík*, þar eru lágir klettakkar með sjónum, og uppi á þeim var laust fyrir aldamót 1900 reist stórt íbúðarhús úr timbri, nefnt *Haganes* eða *Litla-Rauðavík*. Þann 20. sept. árið 1900 gekk afspyrnurok yfir Norðurland, kastaðist húsið þá fram af bakkanum og liðaðist sundur í fjörunni. Átta manneskjur voru í húsinu og meiddust flestar, tvö börn dauðrotuðust og það þriðja lést síðar. Ekki var þetta slys tengt huldufólki. Meðal barna sem björguðust var Valtýr Jónsson, síðar bóndi á Selárbakka.<sup>24</sup>

## Vikurbæir

*Töng* eða *Töngin* kallast lítill klettatangi, með bergbríukum og bás-

<sup>23</sup> *Jób. Óli Sæm.: Örnefni í Árskógsbreyppi, bls. 56.*

<sup>24</sup> Jóhannes Óli ritaði frásögn af þessum atburði í *Súlur*, 5. árg., 9. hefti, bls. 3-18.

um, sem gengur í sjó fram, innan og neðan við svonefnda *Víkurbæi*, þ.e. *Ytri-Vík*, *Víkurbakka* og *Sólbakka*, en þetta voru útgerðarbylí, sem byggðust úr Hagalandi upp úr aldamótum 1900, og höfðu einnig smábúskap. Á Ytri-Vík var á áttunda áratugnum rekin *Rannsóknastöðin Katla*, en nú er þar bændagisting og ferðapjónusta. „Töngin var talin huldufólksbústaður og bátavík huldufólksins sunnan undir henni,“ ritar Jóhannes Óli í örnefnaskrá sinni. Í fjöruna neðan við Víkurbakka safnast mikið af hvítum glerhöllum, sem sjórinn hefur slípað, og eru eftirsóttir skrautsteinar. Var ekki talið saknæmt að tína þá. Þegar við Kristbjörg Gestsdóttir bjuggum á Víkurbakka kringum 1970 var okkur sagt að mjór bás milli tveggja bríka utanvert við Töngina, hefði verið nýttur til að hengja upp hákarl, og því verið nefndur *Hákarlsbás*. Þar þóttust menn verða varir við huldubáta.

*Huldubátur í Hákarlsbás*: Margrét Gísladóttir og Tryggvi Ágúst Jóhannsson bjuggu á Víkurbakka 1911-1926 og Margrét átti þar heima frá æskuárum. Eitt sinn á útmánuðum, var matarskortur og fékkst ekki bein úr sjó, en reynt var að róa eftir því sem gaf. Reri Gíslí faðir hennar sem aðrir, en varð ekki var.

Eitt sinn kom Gíslí úr róðri árla dags, og fóru þær mæðgur niður í fjöru til að hjálpa honum að setja upp bátinn. Sótti þá á hann svefn svo mikill að hann lagðist í fjöruna og sofnaði á meðan þær gengu frá bátnum. Ekki hafði hann lengi sofið er hann spratt upp, glaðvakandi, og sagði sig hafa dreymt að til sín kæmi kona, sem kvaðst eiga heima í Hákarlsbásnum. Sagði hún bónda sinn búinn að róa og hafa fengið nægan fisk norðvestan við Hrísey, á svæði sem hún tiltók nánar. Ýttu þau nú bátnum aftur á flot og reri hann þangað sem konan vísaði til. Þar lenti hann í mokfiski og kom með hlaðinn bát til baka. Sagði Margrét að fiskur hefði verið sendur á alla næstu bæi, og bætt úr brýnni nauð. Oft kvaðst hún hafa orðið vör við athafnir huldufólks í Hákarlsbásnum, og brást ekki ef báti var ýtt úr básnum að fisk væri að hafa.

Ekki voru allir jafn trúaðir á þetta, og kvaðst hún oft hafa deilt um það við Einar Jóhannsson bónda í Haga. Kvöld eitt í rökkurbyrjun bar svo við að Einar kom á Bakkann, og ætlaði að hitta Tryggva sem þá var á sjó. Margrét var að brenna kaffi sem ofhitnaði, svo hún brá sér með pönnuna út á hlað, og gekk Einar út með henni. Þá heyrðu þau bæði að bátur var dreginn upp. Segir Einar þá að Tryggvi sé kominn og gekk niður í fjöru, en kom aftur hálf-sneyptur, því engra



manna varð hann var. Leið allgóð stund áður en Tryggvi kom að landi. Eftir þetta neitaði Einar aldrei tilvist huldubátsins.<sup>25</sup>

**Skinnhúfubarnið:** *Gata* er gamalt afbýli úr Haga undir neðstu hjöllum *Kötlufjalls* sem kallast *Götuhjallar*. Þar var síðast búið um 1958, en landið síðan nytjað frá Haga, og nú er þar sumarhús og skógrækt. Þar hét áður *Jónsgerði* eða *Skinnhúfugerði*, og til skýringar síðara nafnsins var sögð saga af barnshvarfi, sem Þorsteinn á Ytra-Hvarfi skráði og birtist í Grímu hinni nýju 1978. Meginefni hennar er á þessa leið:

Einu sinni bjuggu hjón nokkur á Hillum, og svo bar við að konan ól barn nær miðjum vetri, sem nauðsyn þótti að koma til skírnar að Stærra-Árskógi. Lagði bóndinn af stað með barnið, ásamt vinnukonu þeirra hjóna. Leið þeirra lá framhá Jónsgerði sem þá var í eyði en einhverjir kofar stóðu þar uppi, fóru þau inn í einn kofann, en skildu barnið eftir á bæjarkampi, og hvolfdi bóndi yfir það mikilli skinnhúfu, sem hann var með á höfðinu. Þegar þau komu út var skinnhúfan oltin niður af veggnum og barnið horfið. Fannst það hvergi þó leitað væri. Næsta sumar heyrði smalastúlka kveðna vögguvísu í steini einum miklum „þar út og upp á ásunum“ þar sem „skinnhúfubarnið“ var nefnt, og þótti þá víst að barnið hefði verið numið brott af álfum. Stór steinn er á holtinu neðan við Götum, og gæti sagan átt við hann.<sup>26</sup>

## Selárbakki

**Hvarf Snorra:** Þorsteinn á Ytra-Hvarfi skráði langa sögu af hvarfi drengsins Snorra Flóventssonar á Selárbakka um aldamótin 1800, sem einnig birtist í Grímu, 5. bindi. Fer ágríp sögunnar hér á eftir.

Þegar Snorri var 8-9 vetra var hann laugardagskvöld eitt um krossmessu sendur eftir gemlingi inn að Hillum. Fékk hann fylgd Helgu dóttur Hillnabónða, sem var lítið eldri, með gemlinginn „þar til þau áttu ekki eftir nema örstuttan spöl heim að Selárbakka. Þá skildi Helga við Snorra hjá hól einum litlum eða kennileiti.“ Hljóp Helga þá til baka án þess að gæta frekar að Snorra og gemlingnum. Um kvöldið var Snorra saknað á Selárbakka, en gert ráð fyrir að hann

<sup>25</sup> Kristbjörg Gestsdóttir skráði, eftir sögn Margrétar, á páskum 1982. Áður óbirt.

<sup>26</sup> *Gríma hin nýja, V. bindi, 1978, bls. 83.*

hefði gist á Hillum. Þegar hann kom ekki næsta morgun var sent að Hillum og sagði Helga þá frá ferð þeirra kvöldið áður.

Sneri Flóvent sér þá til Helga Benediktssonar prests í Stærra-Árskógi (1791-1809) og hitti hann rétt fyrir messu. Voru kirkjugestir þá settir til að leita að Snorra, og fór prestur með í leitina, en lítið urðu aðrir leitarmenn hans varir. Var leitað allan sunnudaginn og fram undir morgun á mánudag, því að nótt var orðin björt, en án árangurs. „En á mánudagsmorgun, þegar allri leit var hætt, sá einhver þá báða, prest og Snorra, koma lötrandi sunnan og ofan að Selárbakka.“ Prestur sneri þegar á leið heim til sín, en Snorri gekk til baðstofu, að hvílu sinni, lagðist fyrir í öllum fötum og svaf meginhluta dags og nóttina eftir. Mjög var hann fálátur eftir þetta, og fékkst ekki til að segja hvar hann hefði verið þessi þrjú dægur.

Haft var eftir presti „að einhver villa hefði komið yfir drenginn; hefði hann ráfað eitthvað upp undir fjallið, lagt sig fyrir í laut eða skorningi og sofnað þar.“ Þetta þótti heldur ólíkleg skýring. „Það var því eindregin skoðun manna, að drengurinn hefði verið numinn burt af álfum, en prestur hefði á einhvern hátt náð honum aftur frá þeim.“ Snorri var alltaf síðan fremur dulur í skapi, en stilltur vel. Hann bjó síðar á Böggvisstöðum og var formaður á hákarlaskipi er fórst með ellefu mönnum vorið 1842.<sup>27</sup>

### Kálfsskinn

Kálfsskinn er næsta stórjörð á Ströndinni utan við Haga, sem lengi hefur verið skipt í *Syðra-* og *Ytra-Kálfsskinn*. Árið 1914 var nýbýlið *Hátún* byggt úr Syðra-Kálfsskinni, heima við bæinn. Nokkrir staðir á þessari jörð hafa verið orðaðir við huldufólk, en ekki fara af því margar eða miklar sögur, ólíkt því sem rakið var á Hagabæjum og Selárbakka.

**Hvíthyrna:** Eina sögu hefur Jóhannes Óli þó ritað í fyrrnefndu æviágripi sínu (1978), um ána Hvíthyrnu, sem hvarf af heimatúni haustið 1916 (eða 1915), og fannst ekki, þrátt fyrir mikla leit, en birtist svo alveg óvænt vorið eftir, þegar rekið var til réttar „á Gerðinu“, þar sem nú er íbúðarhúsið í Hátúni.

„Já, hún birtist þarna fyrirvaralaust, nýrúin, ljómandi vel klippt! Varð nú uppi fótur og fit. Allir þurftu að skoða ána í krók og kring,

<sup>27</sup> *Hvarf Snorra. Gríma bin nýja, 5. bindi, 1978, bls. 86-88.*



Loftmynd af Kálfskinni.

Ljós. Marínó Sveinsson.

og enginn vafi lék á því að þetta var Hvíthyrna okkar. Eg man eftir því að sagt var við Jóstein, svo sem eins og þetta: „Það hefur einhver fóðrað rolluna fyrir þig, og hreint ekki illa, því hún er prýðilega framgengin.““

Það þótti helst skorta að ærin var lamblaus. Síðan var hún brenni-merkt og henni sleppt. Eftir það sást hún aldrei framur. „Huldufólkið hefur verið með glettingar við Jóstein, heyrði maður sagt - bæði í gamni og alvöru.“<sup>28</sup>

Hringurinn: Einnig segir Jóhannes frá giftingarhring, sem Jósteinn týndi, en fannst aftur við heyllöðu í Hátúni. Eftir dauða Jósteins eignaðist Jóhannes hringinn, og týndi honum í snjó í Lyngláginni í Ytri-Vík, en þar fundu börn hann, meira en áratug síðar, og skiluðu honum. Nokkrum sinnum hvarf hann aftur, en aðeins í stuttan tíma. Leit Jóhannes á hann sem verndargrip.

**Gerðisklöpp** eða *Ytri-Bæjarhjallaklöpp* er suðvestur af Kálfs-  
skinnsbæjum, ofan við *Kálfskinnsflóa*, sem nú er fyrir löngu búið  
að ræsa fram og gera að túni. Gerðisklöpp er „mikill huldufólks-  
bústaður“ að sögn Jóhannesar. Klöppin var kennd við afbýlið *Kol-  
beinstungu*, sem var fyrir mörgum öldum á þessum slóðum.<sup>29</sup>

<sup>28</sup> *Jób. Óli Sæm.: Horft um öxl. Sérpr. úr Aldnir bafa orðið 1978.*

<sup>29</sup> *Jób. Óli Sæm.: Örnefni í Arskógsbreppi, bls. 75.*



*Steinkotssteinn eða Huldukirkja á Árskógsströnd, júní 1987. Synir höfundar í anddyrinu.*  
Ljós. Helgi Hg.

**Selklettur** er SV af Kálfsskinni, upp undir Kötluþjalli. Þar voru tvö sel: *Efrasel* á Miðhjalla, *Neðrasel* neðst á Brattahjalla. „Þar ofan við gnæfir *Selkletturinn*, líkastur margra hæða háhýsi, enda viðurkenndur huldumanna-bústaður. Sunnan við hann eru merkin milli Kálfsskins og Selárbakka.“<sup>30</sup> Sveinn Jónsson bóndi og smiður í Ytra-Kálfsskinni segir fullvíst að huldufólk búi í Selkletti, og telur sig hafa orðið varan við það á ýmsan hátt, einkum á yngri árum, er hann sat þar yfir fé. (*Skráð 7.5. 1983*).

**Votuklettur** eru yst í Brekkunum í landi Hátúns, út við landamerki Stærra-Árskógar. „Í Syðri-Votakletti var talið að huldufólk byggi. Austan í honum er skápur, nauðalíkur bæjardyrum. Þar er *Votaklettslind* skammt sunnan við (bæjarlækur huldufólksins!).“<sup>31</sup>

**Villingaborg:** „*Villingaborg*, í landareign Hátúns og Syðra-Kálfsskins, var talin önnur annexía prestsins úr Prestsklöppinni [sjá Stærra-Árskóg]. Þessi klapparhæð er rétt ofan við gamla þjóðveginn, vestur frá hóli Hræreks konungs blinda. Heyrst hefur að klapparbúum þætti ónæði að umferðinni um veginn, og hefðu þeir það til að villa um fyrir mönnum, sem þar áttu leið um í dimmviðri.“<sup>32</sup>

<sup>30</sup> *Jób. Óli Sæm.: Örnefni í Árskógsbr., bls. 77.*

<sup>31</sup> *Jób. Óli Sæm.: Örnefni í Árskógsbr., bls. 73.*

<sup>32</sup> *Jób. Óli Sæm.: Örnefna- og huldufólkssögur (handrit).*

### Stærri-Árskógur

Þessari jörð tilheyrir landið milli Kálfsskinnsjarðar og Þorvaldsár, og náði það langt inn á Þorvaldsdal að austanverðu. Hér hefur snemma risið kirkja, líklega fyrst á fornþýlinu *Hávarðarstöðum*, í mynni Þorvaldsdals, en síðan á núverandi stað. Afþýlið *Hrafnagil* var inni á Þorvaldsdal, með afmörkuðu landi, fór í eyði 1925. Auk þess voru á jörðinni nokkur kot með stopulli byggð. Í Stærra-Árskógi eru tveir staðir sérstaklega orðaðir við huldufólk, *Prestsklöpp* og *Steinkotssteinn*, og átti það að hafa kirkju á þeim báðum.

**Prestsklöpp** er við Þorvaldsárgil, skammt neðan brúar „norð-austan í *Prestsklapparholti*, sem liggur að Breiðasundi norðarlega. Sterk huldufólkstrú var á Prestsklöppinni, og margir kunnu frá því að segja fyrir á dögum, að hafa heyrð þaðan sálmasöng og hljóðfæraleik, séð þar ljós og óskiljanlegar mannaferðir. *Þorvaldsárgljúfur* og *Þorvaldsárbrú* eru á næsta leiti. Þar hafa menn ótalsinnu séð bregða fyrir gangandi og ríðandi fólki. Eru af slíkum fyrirbærum margar sagnir skilgóðra nútíðarmanna, og hafa sumar á prent komist í bækur.<sup>33</sup>

„Ekki man ég hvaða kona það var, sem ég heyrði í ásku minni, að hlustað hefði á sálmasöng í Prestsklöppinni, en ég man glöggst hve mikið var um þann fyrirburð rétt. Sjálfur hef ég síðar séð huldumenn á ferðalagi rétt hjá klöppinni (sjá Bókamenn í Breiðasundi). Einu sinni lagði ég mig til svefns hjá Prestsklöpp og svaf þar talsverða stund. Ætlaði ég mér heldur en ekki að verða einhvers var, en annaðhvort hefur huldufólkinnu ekki geðjast að slíkri hnýsni, eða það hefur verið flutt þaðan burtu. A.m.k. eru margir áratugir síðan heyrzt hefur söngur úr klöppinni.“<sup>34</sup>

**Stúlkan við Þorvaldsdalsá:** Magnús Jóhannsson í Ytra-Kálfsskinni skráði eftirfarandi sögu 1907, og birtist hún í Þjóðsögusafni Odds Björnssonar.

„Þegar ég var á Hinriksmýri á Árskógsströnd, var það einn morgun snemma, sumarið 1898, að ég fór suður að Götu, til þess að slá þar um daginn. Þegar ég kom suður og upp undir brúna á Þorvaldsdalsá - en hún var þá ofar en hún er nú - þá sá ég stúlku, sem sat skammt fyrir neðan brúna, með stórröndótt sjal yfir sér og dökkklædd annars; ég

<sup>33</sup> *Jób. Óli Sæm.: Örnefni í Árskógsbr., bls. 90.*

<sup>34</sup> *Jób. Óli Sæm.: Handrit með álfasögum o.fl. í Héraðsskjalasafni, Ak.*

gekk fáa faðma frá henni. Ég var að hugsa um að heilsa henni, en af því varð þó ekki, því að ég var að flýta mér. – Svo gekk ég yfir brúna og suður á melbarð eitt, sem er sunnan við ána; þaðan sá ég ofan með ánni að utanverðu. Þá leit ég við til þess að gá að stúlkunni, en þá sá ég hana hvergi, og var þó enginn sá staður til, er hún gæti dulizt á. En mest sá ég eftir því að ég talaði eigi neitt við hana.<sup>35</sup>

**Huldumenn á skíðum** nefnist saga sem Jóhannes Óli skráði, eftir eigin reynslu, og birtist í Súlum 1975. Þar segir hann frá atburði er gerðist í Stærra-Árskógi 1936, er hann var bókavörður Lestrarfélagsins, ásamt Sigurði Traustasyni, frænda sínum. Safnið var geymt í kirkjunni og þar fóru útlán fram tvisvar í viku, en þeir áttu báðir heima á Hauganesi. Sunnudaginn 22. mars sáu þeir félagar þrjá menn á skíðum, sem stefndu til bæjar að norðan.

„Þar sem við sáum fyrst til mannanna voru þeir í rúmlega eins kílómetra fjarlægð, skammt austan við *Klofastein*, og höfðu horf til okkar yfir *Breiðasund*, og svo suðurendann á *Prestsklapparholti*, en allt eru þetta þekktir staðir þarna á Ströndinni. Eins og horfði gat ekki hjá því farið að mennirnir hyrfti sjónum okkar, meðan þeir voru austan í Prestsklapparholtinu, en hitt þótti okkur furðulegt, að þeir skyldu ekki skila sér upp á móana fyrir ofan. Við biðum drygklanga stund, en árangurslaust. Stigum svo á skíðin og héldum heimleiðis.“<sup>36</sup>

Á heimleiðinni tóku þeir félagar lykkju norður að Prestsklapparholti og gáðu að nýlegum skíðaförum en sáu þeirra engin merki. „Sporlaust voru þeir horfnir „bókamennirnir“ okkar.“ Jóhannes skráði atvikið samdægurs í dagbók sína, og rifjaði það upp með félag sínum áður en hann birti söguna í Súlum.

**Steinkotssteinn** (Grásteinn /Huldukkirkja) er gríðarlegt bjarg er stendur á flötu mólendi rétt fyrir norðan gamla Hauganesveginn, nálægt austurmörkum Stærra-Árskógs. Þar var smábýli sem hét *Steinkot*, og sjást vallgrónar tættur þess við steininn. Steinninn er 4–5 m hár og álíka í þvermál, þverhníptur öllu megin, en á einum stað er líkt og dyrahvelfing. Munu fáar sveitir eiga sér veglegri huldufólkskirkju. Í Þjóðsögum Ólafs Davíðssonar er þessi saga:

<sup>35</sup> *Þjóðtrú og þjóðsagnir*, 2. útg. 1977, bls. 71.

<sup>36</sup> *Þób. Óli Sæm.: Heyrt og séð á Hræreks-strönd IV. Súlum 5. árg. 2. hefti, 1975, bls. 224–226.*

„Steinn einn mikill stendur alllangt út og ofan frá Stærra-Árskógi á Árskógsströnd, og er hann nefndur Huldúkirkja. Þar á að vera kirkja huldufólks. Ólafur, sem nú er í Skriðu í Hörgárdal, og Jón faðir hans, áttu heima í Stærra-Árskógi fyrir allmörgum árum, og var þar þá vinnumaður einn, sem oft þóttist heyra hringingar og söng í steininum; þeir feðgar urðu aldrei varir við neitt þess háttar, þar til eitt kvöld að vetrarlagi. Þeir voru þá staddir í fjárhúsi einu þar á túninu og heyrðu sálmasöng í áttina til steinsins. Jón þekkti jafnvel lagið. Þeir fóru nú í annað hús og heyrðu ávallt sönginn. Nokkru seinna héldu þeir heim og heyrðu sönginn á heimleiðinni. Þá er þeir höfðu verið inni stundarkorn, fóru þeir út aftur, en heyrðu þá ekki neitt öðru nýrra. (Eftir sögn Hannesar Davíðssonar að Hofi í Hörgárdal, 1901, en hann hafði eftir sögn Ólafs sjálfs sama ár).“<sup>37</sup>

Jóhannes Óli álitur að þessi saga eigi að líkindum við Prestsklöppina, þar sem fleiri sögur bendi til álfakirkju en í Steinkotssteini.

**Önefndur steinn í Stærra-Árskógi:** Hannes Davíðsson á Hofi hafði líka þá sögu eftir Ólafi Jónssyni, um aldamótin 1900, að þegar hann var 10 ára gamall og sat yfir kvíaám í Stærra-Árskógi, hafi hann lagt sig uppi á stórum steini og sofnað. „Hann dreymdi þá að til hans kæmi kona roskin, og segði: „Farðu ofan af steininum.“ Við þetta vaknaði Ólafur og þóttist hann sjá konuna hverfa fyrir steinhornið. Hann sofnaði skjótt aftur, og dreymdi hann aftur sömu konuna. Hún kom til hans og sagði: „Farðu strax ofan af steininum strákur.“ Ólafur vaknaði og þóttist aftur sjá konuna glaðvakandi.“ Þetta endurtók sig í þriðja sinn, og þá fannst honum konan taka í annan fótinn og ætla að draga sig ofan af steininum. Er hann vaknaði var annar fóturinn krepptur. Hann fór þá ofan af steininum, og varð ekki meint af þessu. Ekki er getið um nafn á steininum, eða hvar hann var, en giska má á að hann hafi verið á hálsinum innan og ofan bæjar.<sup>38</sup>

**Líkfylgðin:** Þorsteinn Þorkelsson á Ytra-Hvarfi ritaði þessa sögu, sem birtist í *Grímu hinnu nýju* 1978. Þar segir frá sýn Ingibjargar Þorleifsdóttur, vinnukonu í Stærra-Árskógi um tvítugsaldur, sem var að hreinsa tún að næturlagi um vortíma. „Hún var á suðurtúninu, skammt frá bænum. Nokkurri stundu eftir háttatíma sá hún að líkfylgð var að koma og stefndi til bæjar... Ekki gerðu komumenn vart við sig á bænum, heldur gengu þeir rakleitt út í

<sup>37</sup> Ólafur Davíðsson: *Íslenzkar þjóðsögur I*, 3. útg. 1978, bls. 89.

<sup>38</sup> Ólafur Davíðsson: *Íslenzkar þjóðsögur I*, 3. útg. 1978, bls. 60.

kirkjugarð með kistuna.“ Hún sá mennina taka gröf og jarða kistuna, og „heyrði líka einkennilegan söng, á meðan moldinni var mokað ofan í gröfina, og svo hringingu á eftir. Að svo búnu fóru líkmennirnir sömu leiðina aftur. Enginn ávarpaði Ingibjörgu eða leit við henni.“ Henni varð mjög mikið um þetta og var nærri fallin í ómegin. „Hún hélt sjálf að þetta hefði verið álfafólk sem hún sá til og heyrði.“ Engin ummerki sáust í kirkjugarðinum. Eftir þetta var hún lengi undarleg. Nokkrum árum síðar lamaðist hún á neðri hluta líkamans og var síðan rúmföst, en gat þó unnið ýmis heimilisstörf. Hún lést á Jarðbrú í Svarfaðardal nálægt miðri 19. öld.<sup>39</sup>

Fáheyrnt mun vera að álfar nýti kirkjugarða manna til að jarðsetja sitt fólk. Þarna gæti eins hafa verið um fortíðarsýn að ræða.

### Birnunes - Brimnes

**Klofasteinn** er vestast í *Birnunesborgum* eða *-hæðum*, sem eru þyrping af ávölum klettaborgum suðvestur af bænum Brimnesi, og norður af þorpinu Hauganesi. „Á Klofasteinshóli stendur Klofasteinn, oft nefndur Klofi. Þar þótti fyrrum vissara að taka fullt tillit til huldufólksins, og vera ekki með nein ærsl eða læti nálægt steininum.“<sup>40</sup> Jón Bjarnason í Hátúni sagði mér (17.1.1984) að afi sinn, sem þar bjó, hafi nokkrum sinnum séð ókennt ljós í átt til Birnunesborga, og einu sinni miðað það út, og stemmdu það alveg við Klofastein.

### Brattavellir

**Stóristeinn** er líklega í svonefndum *Krókum*, neðan við *Brattavallahóla*, sem er gríðarstórt framhlaup úr Brattavallafjalli. Soffía Sigurðardóttir á Árskógssandi segir frá því, að hún og Sigurlaug systir hennar, sáu huldufólk, föt þess o.fl. við Stóristein. Einnig rakst Sveinn frændi þeirra eitt sinn á dularfullan hrút við steininn.<sup>41</sup>

### Krossar

*Álfkonan á Krossum*: Í Þjóðsögum og sögnum Torfhildar Þorsteinsdóttur Hólm (1962) er saga með þessu nafni, sem höfundur hefur skráð eftir Elísabetu Jónsdóttur frá Krithóli, Lýtingsstaðahreppi, Skagafirði, „en henni sagði Hjálmar sjálfur á næstsíðasta

<sup>39</sup> *Gríma hin nýja*, 5. bindi (1978), bls. 136-137.

<sup>40</sup> *Jób. Óli Sæm.: Örnefni í Árskógsbr.*, bls. 84. (Sbr. einnig „Huldumenn á skíðum“).

<sup>41</sup> *Víðtal í „Aldnir hafa orðið“ VIII*, bls. 18-19. Ak., 1979.



lífsári sínu.“ Hér er átt við Bólu-Hjálmar, skáld. Þetta er nokkuð löng saga, en ágrip hennar er á þessa leið:

Hjálmar var sem kunnugt er fæddur og upp alinn í Eyjafirði. Þegar hann var um tvítugsaldur var það eitt sinn að sumarlagi, árla morguns, að hann reri til fiskjar út eftir firðinum, ásamt tveimur unglingum. Þegar þeir komu að Krossum á Árskógsströnd sótti svo mikill svefn og máttleysi að Hjálmar að hann varð að róa í land.

„Þar var bjarg eða hamar framan í bakkanum, en snarbrött brekka lá niður að honum. Þar gekk hann upp og lagði sig út af svo sem 4-6 faðma uppi í brekkunni, fyrir ofan hamarinn, en drengirnir lögðu sig annars staðar niður í grasið. Honum finnst þá draga úr sér máttinn, eða líkast því að einhver dauðadofi kæmi yfir hann. Merkir hann það fyrst í fótunum, en síðan færðist það upp eftir honum, svo hann mátti sig hvergi hræra. Sá hann þá hvar kom tígulegur kvenmaður á dönskum búningi, í svörtum taukjól, með uppsett hár og gullnæli, og svo vel klædd, að hann þóttist aldrei slíka séð hafa. Hún gekk að fótunum á honum og tók að draga hann niður eftir, án þess að segja nokkuð. Hann fann að einlægt færðist þessi dofi hærra og hærra, og loksins fannst honum hann ætla að leggja fyrir brjóstið, en þess vildi hann ekki bíða. Tók hann þá á öllum kröftum sínum til að rísa upp og heppnaðist honum það loksins við illan leik. Voru þá fætur hans komnir fram af bjarginu til hálf. Sá hann að konan horfði mjög þunglyndislega til hans um leið og hún sleppti fótum hans, og sá hana hverfa inn í opið bergið. Hann varð svo skelkaður við þetta, að hann kallaði á fylgdarmenn sína, og reru þeir burt. Segir ekki meira af ferðum hans í það sinn, annað en það, að meira en viku eftir var hann mjög máttvana í kroppnum, en þó mest í fótunum.“

13-14 árum síðar var Hjálmar kaupamaður um sumartíma á Krossum. Þá var það eitt sinn er hann stóð við slátt í túni snemma morguns að á hann sótti svefn og máttleysi, svo að hann lagði sig niður milli þúfna. „Sá hann þá að sama konan kom til hans, en var miklu torkennilegri en í fyrra sinnið. Varpaði hún á hann orðum, og segir honum, að það hafi gjört gæfumuninn forðum, að hún hafi ekki náð honum ofan fyrir hamarinn, er hún átti svo lítið eftir, og margt hafi hún mátt líða fyrir það óhapp.“ Vildi faðir hennar gifta hana álfamanni, sem henni var nauðugt, „en eg hafði augastað á þér sem mesta gáfu- og atgervismanni, og móður minni var það líka ljúft.“ Þær mæðgur gerðu því seið að Hjálmar og ætluðu

að ná honum inn í bjargið, en það misheppnaðist. „Við það sárnaði móður minni svo að hún nam frá þér mestu gæfu þá, er þér var ætluð, og muntu óhamingjusamur verða. En mér er jafnan í þokka við þig, og eg ber það mein í gröfina, að eg ekki fékk þig.“ Sagði hún honum svo lífsferil sinn allan, og gaf honum minjagrip að skilnaði. Var það klútur sem lá hjá honum er hann vaknaði. Hjálmar hélt mikið upp á klútinn og geymdi jafnan í skjóðu undir koddanum. Þó var klúturinn skemmdur, óafvitandi, stuttu áður en Hjálmar dó. „Það þótti honum mikið illt“ og sagði sig gruna að afkomendur sínir yrðu gæfulitlir fram í 3.-4. lið.<sup>42</sup>

Ekki fer milli mála að í þessari sögu er átt við *Helluböfðann*, sem gengur fram að sjó neðan við bæina Krossa og Hellu, er standa með um ½ km bili ofan hans. Höfðinn nær um 30 m y.s., að mestu þakinn lyngmóum, en norðan í honum eru smávíkur með klettum í sjó fram á milli. Ein þeirra heitir Naustavík, gamall útgerðarstaður. Nyrsti hluti höfðans, við sjóinn, kallast Fagurhøfði, enda er þar bæði fagurt landslag og gróður. Varla er ástæða til að efast um sannleiksgildi þessarar sögu og að Hjálmar hefur tekið mark á samskiptum sínum við huldukonuna.

### Hámundarstaðir

Hámundarstaðir eru ysta jörð á Árskógsströnd, og landnámsjörð, hin fyrsta við Eyjafjörð, eins og fyrr var getið. Um 1700 var búið að skipta jörðinni í *Stóru-* og *Litlu-Hámundarstaði*, sem standa í sama túni. Auk þess er fornbylíð *Stóri-Háls (Hálskot)* á Hámundarstaðahálsi.

**Ljúflingshóll** er skammt norðan bæjar á Stóru-Hámundarstöðum, utan og ofan við svonefndar *Dagsláttur*, sem voru fyrrum engjaspildur, en hafa fyrir löngu verið gerðar að túni. Þetta er lágur og breiður hóll, algróinn grasi og lyngi, með dálitlum steini á kalli.

„Fyrir svo sem hundrað árum var fjármaður frá Stóru-Hámundarstöðum á heimleið með kindahóp. Allt í einu brast á dimmviðrishið og tapaði maðurinn áttunum. Þá birtist honum kvenmaður, sem benti út í sortann. Maðurinn vonaði að þetta væri góðviljuð vera og hlýddi henni, þó að illa gengi að hnika kindunum, því það var upp á móti veðrinu. Skyndilega rofaði svolítið til og hvarf þá konan, en jafnsnemma djarfaði fyrir fjárhúsunum. Sá maðurinn þá að hann

<sup>42</sup> *Torfildur Hólm: Þjóðsögur, bls. 170-172 / Sjá einnig Ritsafn Bólu-Hjálmars VI. bindi, Rvík 1960, bls. 231.*

hafði verið nálægt *Ljúflingsbóli* þegar konan birtist, en talið er að þar búi góðviljaðir álfar, hefur sú trú manna jafnan haldist síðan.<sup>43</sup>

Lengri gerð þessarar sögu, „Huldukonan í Ljúflingshóli“, birti Jóhannes í tímaritinu *Súlum*, VI. árg. 2. hefti, 1976, bls. 210. Efnislega er hún eins, nema því er bætt við að fjármaðurinn hafi átt fullt í fangi með að ná bænum eftir að hafa hýst féð, því að svo hafi veðrið versnað. Því hafi engu mátt muna að hann færist með fjárhópin.

**Sellág** nefnist krókótt lág, sem liggur eftir *Hámundarstaðabálsi* endilöngum, frá Þjóðvegi og út á sjávarbakka, meðfram henni að vestan er slitróttur jökulgarður og forn merkjagarður af mönnum gerður. Láginn er líklega mynduð af jaðarvatni á jökultímanum. „Þar eru selrústir. Gamalt fólk heyrði ég segja, að frá lág þessari rói huldumenn til veiða út á Hríseyjarsund, það væri beinlínis verstöð þarna í *Sellágarvíkunum*.“<sup>44</sup>

**Huldumannabáturinn.** Jóhannes Óli segir frá dularfullum báti er hann sá sigla að landi undan Hámundarstaðabökkum, þar sem hann var einn að snúa heyi í logni og blíðu. Nokkrir arabátar voru að veiðum á Hríseyjarsundi þennan dag og hafði Jóhannes auga með þeim. Hann veitti því athygli að einum þeirra var róið í átt að landi.

„Báturinn nálgadist óðfluga. Strákar tveir reru fram í, og þriðji maðurinn „stakk á“. Ég var spottakorn frá sjávarbakkannum, svo báturinn hvarf bak við bakkabrúnina nokkru fyrir en hann náði fjöru. Ég lauk við snúninginn um líkt leyti og bátinn bar að fjörunni, gekk svo fram á bakkann til móts við sjómennina. En viti menn! Þar var bara hvorki bát né menn að sjá! Mér brá nokkuð, og ekki sætti ég mig strax við þessi úrslit, svo að ég hljóp spölkorn út bakkann, ef vera kynni að sjómenn þessir hefðu sveigt út með fjörunni, en þar var enginn að heldur. Ég skimaði til hægri og vinstri og sannfærðist um að báturinn gat hvergi dulizt... Allir hinir bátarnir voru langt frammi á Sundi, og hvernig sem ég lagði höfuðið í bleyti gekk dæmið ekki upp. Síðar þegar þetta fyrirbæri bar á góma, sagði gömul kona: „Ég held að það sé nú ekki spánýtt þó að þeir rói til fiskjar í

<sup>43</sup> *Jób. Óli Sæm.: Örnefni í Arskógsbr., bls. 16.*

<sup>44</sup> *Jób. Óli Sæm.: Örnefni í Arskógsbr., bls. 16.*

'enni Sellág.' - Sellágin er litlu utar þarna með sjónum. Og var þá málið afgreitt.<sup>45</sup>

### Huldufólksstaðir í Hrísey

Ekki fer mörgum sögum af huldufólki í Hrísey, svo mér sé kunnugt, og engin þeirra getur talist ótvíræð. Nokkrar sögur tókst þó að fiska upp eftir tveimur heimildarmönnum, þeim *Arna Tryggvassyni* leikara og *Porsteini Porsteinsyni* sundlaugarverði á Akureyri, sem ég ræddi við í síma haustið 1984. Um er að ræða þrjá staði á suðvesturhorni eyjarinnar.

**Hafnarvíkurhóll:** „Vestan vökurinnar [Hafnarvíkur] eru *Hafnarvíkurklettur*; og ofan við hana *Hafnarvíkurhóll*. Þar var talinn mikill huldufólksbústaður.“<sup>46</sup> Þarna var hóll og smáklettur við veginn, syðst á Hrísey, nálægt húsinu *Hafnarvík*.

Porsteinn Porsteinnsson ólst upp í húsinu Hámundarstöðum, austast í þorpinu. Hann segir að þetta hafi verið gróinn hóll með grjóti eða smákletti efst. Hann var sprengdur vegna grjótnáms þegar Porsteinn var ungur drengur, og tókst þá svo illa til að hann molnaði allur í smátt og grjótnýlsnan þeyttist yfir allt þorpið og dundi á húsbökum, en ekki er getið um slys af því. Porsteinn segir álfatrúna á hólnum aðallega hafða eftir gömlum karli, Guðmundi Erlingssyni, sem bjó í húsi er nefndist *Asía*, og var rétt hjá Hafnarvík. Gerðu sumir gaman að þessari trú hans (*símtal 1984*). Árni Tryggvason leikari kvaðst hafa heyrt að þarna væri huldufólk í ungdæmi sínu á eyinni. Sagði hann hafa verið dálítinn skáp inn í klettinn, líkan dyrum. (sögn hans 8. 9. 1984).

**Selaklöpp** er í Selavík á SV-strönd Hríseyjar, milli Sandshorns (hafnarinnar) og Saltness, spölkorn fyrir utan og vestan þorpið. Að sögn Björns Ólafssonar, er lengi bjó á Selaklöpp, hafa menn fundið einkennilega lykt frá klöppinni, t.d. kaffilykt, og því álitur hann að þar sé huldufólksbústaður (Árni Tryggvason 8. 9. 1984). Að sögn Porsteins er nú grjótnám þarna, og líklega búið að sprengja klöppina, enda er þetta fast við hafnarstæðið.

**Saltnes:** Skyggn kona, Guðrún Vaage, kom í Hrísey um 1930-40, og sagði að utan við Saltnes, líklega í sjávarklettum, væri stór huldufólksbyggð. Þetta hafði Porsteinn eftir foreldrum sínum (*símtal 1984*).

<sup>45</sup> *Jób. Óli.Sæm.: Heyrt og séð á Hræreks-strönd. Sútur IV (2): bls. 227-228, 1974.*

<sup>46</sup> *Jób. Óli Sæm.: Örnefni í Hrísey, bls. 40.*

*Var það huldumaður?* Þetta er titill sögu sem Kristín Rögnvaldsdóttir frá Kvíabekk í Ólafsfirði ritaði og birtist í Lesbók Morgunblaðsins 1971. Efni hennar er á þessa leið: Kristín hitti ókunnann mann í sjófötum snemma morguns í húsi Jóhannesar Jörundssonar í Hrísey, en úti var vonskuveður og snjókoma. Gaf hún honum mjólk að drekka. Ekki vildi hann segja hver hann væri, og fór svo út. Spurnum var haldið uppi um manninn, en ekki fréttist að neinn hefði verið á ferð á eyinni þennan morgun. Var því ályktað að þetta hefði verið huldumaður. Styrktist það af sýn, er Kristín sá síðar á Kvíabekk og draumi er hana dreymdi næstu nótt þar á eftir. Samkvæmt þeim draumi var þetta sami huldumaður og hafði birst Kristínu sem drengur heima í Tungu í Fljótum, en ekki kom fram hvar hann ætti heima er hann birtist í seinni tvö skiptin.<sup>47</sup>

### Hafvættir

Íbúar Árskógsstrandar hafa ávallt verið í nánum tengslum við hafið og stundað sjósókn jafnhliða landbúskap, enda lengst af verið gjöful fiskimið í Eyjafirði utanverðum og sjónum þar fyrir utan. Það kemur því ekki á óvart að vart hefur orðið við ýmiskonar sjóvætti á Ströndinni og er nokkrar sögur um það efni að finna á prenti, aðallega í Þjóðsagnasafni Ólafs Davíðssonar á Hofi í Hörgárdal. Flestar þeirra birti hann einnig í fræðilegum greinum sínum: *Íslenzkar kynjaverur í sjó og vötnum, I-III*, í Tímariti Bókmenntafélagsins, 1900-1903, þar sem hann leitast við að finna eðlilegar skýringar á öllum þess háttar sögum, og gengur stundum furðu langt í því efni. Ennfremur birti undirritaður tvær greinar um hafvætti við Eyjafjörð í tímaritinu *Hulinn heimur*, 1. árg., 1.-3. tbl., 1988, þ.e. *Skrímsli í mannsmynd við Eyjafjörð og Grímsey* og *Sæskrímsli við utanverðan Eyjafjörð*. Þótt eitthvað af þessum fyrirbærum kunni að eiga við þekkt eða óþekkt dýr, hafa þau jafnan verið talin til dularheimsins, og því er viðeigandi að gera þeim nokkur skil hér.

### Skrímslið á Hillum

Í Þjóðsögum Ólafs Davíðssonar er að finna þessa frásögn:

„Um aldamótin 1899-1900 átti unglingspiltur einn leið um bæjargöngin á Hillum í myrkri, og var allur rifinn og táinn þegar hann

<sup>47</sup> *Lesbók Morgunblaðsins*, 22. árg. 1971, bls. 15.

kom inn. Bæði var hann rifinn í framan, og svo var treyja hans talsvert rifin. Hann sagði að eitthvað hefði ráðist á sig í göngunum og leikið sig svona grátt, og var þá talið líklegast að það hefði verið skrímsli. (Almenn sögn í Möðruvallasókn, rétt eftir að vart varð við skrímslið).<sup>48</sup>

Ólafur birti þessa sögu einnig í grein sinni um *Íslenzkar kynjaverur* 1903<sup>49</sup>, og segir líklegast „að það hafi verið ókunnugur hundur, því þeir eru oft í illu skapi og gjarnir að ráðast á menn.“ Nú vill svo til að einmitt um aldamótin 1900 varð vart við óþekkt dýr víða um land, sem komu úr sjó og hurfu í hann aftur, og voru nefnd „sæhundar“ eða „sæotrar“. Síðara nafnið fer líklega nær um eðli þeirra, því ekki er loku fyrir það skotið að *otrar* hafi getað slæðst hingað frá Bretlandi eða Noregi þar sem þeir eru algengir bæði í sjó og vötnum. Aldrei hafa otrar þó veiðst hér svo öruggt geti talist.<sup>50</sup>

### Skrímslið á Hellu

Gísli Konráðsson skráði eftirfarandi sögn af furðudýri á Hellu seint á 19. öld.

„Á Hellu á Árskógsströnd bar það til að kvöldi, þá konur gengu til fjóss, að skrímsli eitt kom þar heim túnið, á stærð við veiðihund danskan. Hringlaði í því sem skeljum væri glamrað. Hræddust konurnar og hlupu inn og kölluðu karla út. En við útkomu þeirra sáu þeir skepnu þessa, sem þær, halda að bænum. Við það góu hundar að því. Sneri það þá skjótt við á leið til sjóar, og eltu þeir það ofan á ás lítinn, milli bæjar og sjávar. Hvarf það síðan, er ofan fyrir ásinn kom, og hefir að líkindum undan þeim í sjó komist, því eigi varð vart við það síðan. Það segja menn að mjög muni skepnur slíkar hræðast hunda og gelt þeirra. (Er þetta eftir réttorðum mönnum og skrumlausum.)“<sup>51</sup>

Þessi saga er einnig í *Þjóðsögum Ólafs Davíðssonar* 1. bindi, og í fyrrnefndri ritgerð hans í *Tímariti Bókmenntafélagsins*, en með talsvert breyttu orðalagi. Ólafur getur þess til að þetta hafi verið klaka-

<sup>48</sup> Ólafur Davíðsson: *Íslenzkar þjóðsögur*, 3. útg., 1. bindi, bls. 133.

<sup>49</sup> Ólafur Davíðsson: *Íslenzkar kynjaverur í sjó og vötnum III. Tímarit Bókmenntafélagsins* 1903, bls. 34.

<sup>50</sup> Helgi Hall.: *Erú otrar á Íslandi? Kvískerjabók*, Höfn, 1998, bls. 121-147.

<sup>51</sup> *Syrpa úr ritum Gísla Konráðssonar. Þjóðsögur*, 1979, bls. 237.

brynjuð kind, en næsta ólíklegt er að sveitafólk villist á kindum, jafnvel þótt klókugar væru. Líklegra er að þetta hafi verið otur.

### Sæmaður við Birnunes

Jón Bjarnason fræðimaður í Þórormstungu í Vatnsdal hefur skráð eftirfarandi sögu, sem birtist í Þjóðsögum Ólafs Davíðssonar, undir heitinu „Sæmaður“.

„Flóvent, sem seinna var bóndi á Kálfskinni á Árskógsströnd við Eyjafjörð, var á sjó við selveiðar kringum 1840, í hálfriðkri, og reri fram með landi. Honum sýndist selur liggja á skeri við Birnunesnafir, og reri nær honum, en þegar hann var kominn í skotfæri, sýndist honum þetta líkara manni en sel. Honum virtist andlitið bera keim bæði af manni og sel, en þó vera líkara mannsandliti, og var stutt svart hár á höfðinu. Fæturnir virtust vera eins og á manni, og krosslagði dýrið þá, þar sem það sat á skerinu, en neri saman höndunum, sem líka virtust vera krosslagðar. Kvikindi þetta virtist vera dökkleitt að lit, en sást ógjörla vegna skuggsýnisins. Flóvent hikaði sér við að skjóta, því að honum kom til hugar að þetta kynni að vera maður, en allt í einu steypiti dýrið sér í sjóinn, og sáust boðaföllin af því meðan grynningar entust.“<sup>52</sup>

Þetta er greinargóð lýsing á *hafmanni*, en af slíkum verum fara allmargar sögur, einkum af norðausturparti landsins, og gátu þeir átt það til að elta fólk og skaða það. Ólafur hikar hins vegar ekki við að fullyrða að þetta hafi aðeins verið selur. Um svipað leyti sást hafmaður við Sauðakot á Upsaströnd, og er saga af honum í *Þjóðtrú og þjóðsögnum* Odds Björnssonar. Þeim „manni“ er lýst svipað og þessum við Birnunes.

### Skrímli í Hrísey

Frá Hrísey eru til allnokkrar skrímslasögur, sem virðast hafa gerst um eða eftir miðja 19. öld, og tengjast þeim tveimur aðalbæjum sem voru á eyinni, *Syðstabe* og *Ystabe*.

Sigfús Sigfússon þjóðsagnaritari hefur það eftir Sigurði Jónssyni Rangæingi, sem dvaldi í Hrísey á yngri árum, „að alltítt hafi verið, að sjóskrímsli hefðu þótt leita þar á land undan illviðrum, og legði þar uppi undir húsum og hæðum. Hefðu menn oft orðið þeirra

<sup>52</sup> Ólafur Davíðsson: *Ísl. þjóðsögur*, 3. útg. I., bls. 123. Einnig í *Íslenskar kynjaverur I*, bls. 175.

varir af óþef, er af þeim lagði, þráalykt og fýlu, og það þótt menn sæu þau eigi. Líka kvað hann menn oft hafa orðið að slökkva þar ljós fyrir návistir þeirra.<sup>53</sup> Sumar þessar sögur eru næsta ótrúlegar og bera þess merki að vera lygasögur. Samkvæmt þeim voru sum skrímslin hrikaleg að stærð, en aldrei sáu menn nákvæmlega hvernig þau voru löguð, enda varð þeirra ekki vart nema í rökkri eða myrkri. Þess voru sögð dæmi að þau eltu menn sem voru á ferð með sjó, en jafnan björguðust þeir á hlaupum, þó stundum munaði mjóu að skrímslin næðu þeim. Ávallt voru skrímslin horfin þegar birti, en stundum sáust för eftir þau. Hér verða þessar sögur ekki raktar, en vísað til greinar minnar 1988.<sup>54</sup>

*Tínt saman í jan. - mars 2012.  
Leiðrétt af Ásu Marinósdóttur og  
Sveini Jónssyni frá Kálfsskinni, í febr. sama ár.  
- H. Hall.*

<sup>53</sup> Fýluskrímslið. Sigf. Sigf.: Þjóðs. og sagnir, 2. útg. IV, bls. 140.

<sup>54</sup> Skrímsli við utanverðan Eyjafjörð. Halinn beimur 1. árg. 3. hefti 1988.



ÞORSTEINN E. ARNÓRSSON

## Miðgarður, sumar- og vetrarskáli

*Þorsteinn E. Arnórsson er fæddur 1947.  
Um æviatriði hans vísast að öðru leyti til  
Súlna XXXVIII. árg., 2012, bls. 69.*



Upp við Miðhúsaklappir stóð sumar- og vetrarskáli sem fékk nafnið Miðgarður. Hann gekk einnig undir nafninu Gefjunarskálinn og eftir að hann var seldur Barnaskólanum var hann stundum nefndur Barnaskólakofinn. Byggingu skálans má rekja aftur til ársins 1936 er starfsfólk Klæðaverksmiðjunnar Gefjunar stofnaði starfsmannafélag sem hlaut nafnið Starfsmannafélag Gefjunar. Ári síðar var starfsfólki Iðunnar boðin þátttaka í félaginu og nafni þess breytt í Starfsmannafélag SÍS, Akureyri. Tilgangur félagsins og markmið voru, eins og kemur fram í lögum þess, að vekja áhuga á og iðka allskonar íþróttir, og að halda fræðslu- og skemmtifundi innan félagsins svo oft sem við verði komið. „Þessum tilgangi sínum“ hyggst félagið ná meðal annars með því að halda fundi svo oft sem þurfa þykir til að hvetja meðlimi til áhuga og starfsemi í íþróttum, að halda málfundi sem jafnframt yrðu fræðslu- og skemmtifundir, að gefa út skrifað blað sem lesið væri upp á félagsfundum, að vinna að því að allir sem starfa við verksmiðjuna, jafnt konur sem karlar, gerist meðlimir félagsins, að vinna að því að afla félagsskapnum fjár á einn eða annan hátt til nauðsynlegrar starfsemi. Strax á fyrstu árum starfsmannafélagsins kom fram áhugi fyrir byggingu skála í nágrenni bæjarins þar sem félagsmenn

gætu stundað útiveru í skemmtilegu umhverfi. Mikið starf var í kringum byggingu skálans.

### Skálinn reistur

Sambandið gaf félaginu skíði á fyrsta starfsárinu og svo mikil var aðsóknin í að fá skíðin að settar voru reglur um að aðeins félagsmenn gætu fengið þau lánuð. Fyrstu heimildir um byggingu sumar- og vetrarskála er að finna í fundargerðum starfsmannafélags SÍS frá því í nóvember 1938. Þar er rætt um að unnið hafi verið við byggingu skíðaskála, og virðist því sem byrjað hafi verið á smíðinni áður en land fékkst fyrir skálann og má áætla að efnis hafi þá verið aflað og einhverjar einingar smíðaðar og settar saman. Arnþór Þorsteinsson tók til máls og skýrði frá því helsta sem gerst hafði í þessu máli. Að lokinni ræðu hans kom eftirfarandi tillaga frá honum: „Fundurinn samþykkir að byggingu sumar- og vetrarskála félagsins skuli haldið áfram og felur sömu nefnd og unnið hefur að málinu til þessa að halda áfram undirbúningi málsins, svo sem innheimtu gefinna peningaloforða, útvegum á landi undir skálann, og annast önnur störf í þessu sambandi er málinu mega verða til framgangs.“ Tillagan var borin upp og samþykkt í einu hljóði.

Á aðalfundi 1939 talaði Arnþór enn um skálabygginguna og að þúsund krónur væru komnar á bók sem væri farin að safna vöxtum. Sagði hann lifandi áhuga vera á byggingu þessari því að daginn áður hefði einn maður lagt inn 200 krónur og að öll framlög hafi verið þess eðlis að ekki þyrfti að hugsa sér að öllum erfiðleikum yrði ekki hrundið úr vegi er hefjast skyldi handa við bygginguna. Vonaðist hann einnig til að leyfi fengist til byggingar hjá landeigendum.

Á fundi í janúar 1940 er enn rætt um skálabygginguna. Lesið var bréf frá skálanefnd þar sem skýrt er frá því að loks hafi tekist að fá leyfi til að byggja skála á hinum fyrirhugaða stað og væri hlutverki nefndarinnar lokið. Eftir nokkra umræðu var samþykkt að kjósa fimm manna nefnd sem átti að annast undirbúning að því að hafist yrði handa við hina fyrirhuguðu skálabyggingu með vorinu. Kosnir voru Arnþór Þorsteinsson, Herbert Tryggvason, Ingólfur Kristinsson, Aðalsteinn Tryggvason og Björn Guðnason.

Ingólfur Kristinsson formaður sagði á fundi sem haldinn var í nóvember 1940 að fyrir fáum dögum hefði leikfímiskennarinn hr. Hermann Stefánsson talað við sig og tjáð sér að það væri ósk ÍRA



*Skálinn Miðgarður.*

*Ljós. Jón Viðar Gunnlaugsson.*

(Íþróttaráðs Akureyrar) að Starfsmannafélagið ætti fulltrúa í skíðanefnd Íþróttaráðs og væri óskað eftir því að fulltrúinn mætti á fund er halda skyldi þá um kvöldið. Kallaði formaður stjórnina til fundar og var samþykkt að formaðurinn myndi mæta á fundinn. Ingólfur var síðan kosinn til að starfa með skíðanefnd ÍRA. Sigfús Jónsson skýrði frá gjörðum skálastjórnar. Skálanum var gefið nafnið Miðgarður. Tillaga kom frá skálanefnd um að bæta tveimur stúlkum í stjórnina sem var samþykkt og voru þær Anna Pétursdóttir frá Gefjuni og Ragnheiður Stephensen frá Iðunni einróma samþykktar.

Á sameiginlegum fundi stjórnar skálabyggingarnefndar og stjórnar Starfsmannafélags SÍS á Akureyri þann 10. febrúar 1942 var samþykkt að falla frá því að gerð yrði tilraun til að selja skálabyggingu félagsins. Jafnframt var ákveðið að bæta inn í lög félagsins á næsta aðalfundi að hverjum starfsmanni verksmiðjanna skyldi vera skylt að greiða árlega gjöld er renni til rekstrar og viðhalds



*Starfsmenn SÍS í skíðaferð. T.v. Baldur Arngrímsson, í miðju Herbert Tryggvason.*

skálabýggingunni. Ákveðið var að gjaldið yrði fyrst um sinn kr. 5.00 pr. mann. Félagsfundur sem haldinn var stuttu síðar sá sér ekki fært að samþykkja þessa beiðni frá skálanefndinni, en samþykkti að að veita allt að kr. 500.00 á starfsárinu. Á aðalfundi þann 11. október 1942 var tekin fyrir tillaga Hafliða Guðmundssonar um að Arnþóri Þorsteinssyni yrði falið að skipa menn í skálanefndina til að finna lausn á rekstraröðugleikum skálans.

### Skálinn seldur

Í maí 1943 er rætt um sölu eða leigu á skíðaskálanum og var kosin þriggja manna nefnd sem í sátu Arnþór Þorsteinsson, Þorsteinn Davíðsson og Jón Helgason.

Af einhverjum ástæðum náði Miðgarður aldrei hylli félagsmanna og var hann seldur Barnaskóla Akureyrar árið 1944. Á aðalfundi sem haldinn var í nóvember það árið var sagt frá því að skíðaskálinn hefði verið seldur Barnaskólanum. Fundargerð aðalfundarins er aðeins hálfskrifuð, aðeins er minnst á inntöku nýrra félaga, lestur síðustu fundargerðar og sagt að formaður hefði lýst starfsemi liðins starfsárs. Þar með lýkur fundargerðinni sem tók ½ blaðsíðu og er næsta síða auð þannig að ekki sést á hvaða verði Miðgarður var seldur.

Í örnefnalýsingu Glerárdals og nágrennis í Ferðum, blaði

Ferðafélags Akureyrar, segir Magnús Kristinsson meðal annars að hesthúshverfi Akureyringa sé í Breiðumýri. Þar fyrir framan eru Miðhúsaborgir eða Miðhúsaklappir. Austan í Miðhúsaborgum eru Miðhúsabrekkur, niður undan eyðibýlinu Miðhúsum sem stóð sunnan í borgunum. Á Miðhúsatóftum hafi áður staðið skíðaskáli Starfsmannafélags SÍS, kallaður Gefjunarskálinn.

### Örlög Miðgarðs og myndaleit

Vorið 1951 fékk nýstofnaður Vinnuskóli á vegum Akureyrarbæjar um sex hektara lands sunnan við Miðhúsaklappir og umhverfis skíðaskála Barnaskólans til kál- og kartöfluræktunar. Tveir hektarar voru ætlaðir til kartöfluræktunar, en einn og hálfur hektari fór undir rófur og gulrætur. Hver nemandi fékk um 100 fermetra til eigin ráðstöfunar, þannig fengu 20 til 30 krakkar vinnu og voru greiddar 3 krónur fyrir hverja klukkustund sem unnin var fyrir skólann.

Um örlög Miðgarðs má svo lesa í blaðinu Tímanum frá 1960, þar segir: „Á laugardag 30. júlí var vígt nýtt sæluhús í Herðubreiðarlindum. Er skálinn eign Ferðafélags Akureyrar. Er hér um að ræða flutning á skálanum „Miðgarði“ sem var eign Barnaskóla Akureyrar. Vinna við að reisa húsið hófst vorið 1958 og var mikið af efni til hússins gefið af einstaklingum og fyrirtækjum, en húsið að öllu leyti reist í sjálfboðavinnu.“


Tildrög þessarar greinar eru að höfundur var beðinn um að útvega mynd af Miðgarði. Haft var samband við á þriðja tug einstaklinga. Loks fannst myndin þegar mér var sýnt myndaalbúm Steinunnar heitinnar Guðmundsdóttur. Þar sást skálinn og fólk við hann. Myndin var skemmd því að eitthvað hafði farið fyrir linsuna. Hvít rönd var skáhallt frá efri gluggum og niður á jörð. Til að vera viss um að þetta væri rétti skálinn hafði ég samband við Jón Viðar Gunnlaugsson sem var á einni myndinni. Hann þekkti skálann þegar hann sá myndina og spurði hvar ég hefði fengið hana og bætti svo við: „Ég tók hana.“

Ásgrímur Ágústsson ljósmyndari lagaði myndina sem fylgir greininni.

GÍSLI GUÐMUNDSSON

**Kláðastríðið 1856-60**

*Gísli Guðmundsson fæddist 2. des. 1903 á Hóli á Langanesi og andaðist í Reykjavík 4. nóv. 1973. Hann varð stúdent í Reykjavík 1926 og nam um skeið íslensk fræði við Háskóla Íslands. Gísli var alþingismaður fyrir Norður-Pingeyjarsýslu og síðan Norðurland eystra 1934-45 og frá 1949 til dauðadags. M.a. var hann var ritstjóri Tímans 1930-40, frumsamdi fáein rit og þýddi ýmis skáldverk á íslensku.*



*Um skeið var Gísli forseti Rímnafélagsins. Fremsta greinin í 1. hefti Súlna 1971 er eftir hann.*

**Nýr fjárkláði kemur**

Blaðið „Þjóðólfur“ í Reykjavík, eitt af fyrstu blöðum Íslendinga og aðalblað landsins á þriðja fjórðungi 19. aldar, flutti hinn 27. sept. 1856 svohljóðandi frétt á fremstu síðu:

„Fjárkláðinn er nú aftur farinn að koma í ljós, einkum í Miðdal í Mosfellssveit og svo á bæjunum þar í grennd: Pormóðsdal, Reynisvatni, Helliskoti og Hólmi. Langmest ber samt á kláða þessum í Miðdal, en þaðan hefur hann smámsaman læst sig fyrir samgöngur fjárins á hina næstu bæi, því nú þykir mega ganga úr skugga um að hann er næmur og jafnvel svo að heilbrigð kind verður slegin af honum ef hún legst í bæli þeirrar sem veik er...“

Hinn 14. okt. sama ár heldur blaðið áfram á þessa leið að segja fréttir af vágestinum:

„Fjárkláðinn kemur nú í ljós æ víðar og víðar austanfjalls, ekki aðeins í næstu sveitunum fyrir austan fjallgarðinn, Ölfusi og Grafn-

ingi, heldur og um Flóann hið efra, Skeiðin og Ytrahrepp; segja og nokkrir að við hann sé nú orðið vart á einstaka bæ í Grímsnesi og jafnvel einnig ofan til á Rangárvöllum...“

Við fréttina bætir blaðið m.a. þessu:

„Kláði þessi er vel lækandi og það án neins teljandi tilkostnaðar eða margbreyttrar fyrirhafnar, eins og sýnir „leiðarvísir“ þeirra landlæknisins Dr. J. Hjaltalíns og dýralæknis Teits Finnbogasonar, er fylgir með þessu blaði til flestra sveitakaupenda Þjóðólfs í Suðuramtinu.“

Það má öllum ljóst vera, er þetta lesa, að hér er verið að segja frá tíðindum, sem einhvern aðdraganda höfðu haft, og að sá aðdragandi hafi verið lesendum blaðsins kunnur og því ekki þurft frá honum að segja, enda var það svo. Nokkra hugmynd um þennan aðdraganda er hægt að fá með því að lesa það sem Norðri á Akureyri, sem byrjaði að koma út 1853, hefir um málið að segja nokkru eftir að síðari fréttin birtist í Þjóðólfi. En Norðra segist svo frá í nóvember 1856:


„Um fjárkláðapestina, sem nú gengur um mestan hluta Suðurlands og nokkurn hlut Vesturlands, höfum vér fengið þessar fréttir: Í vor eð var fór að brydda á fjárkláða í Miðdal í Mosfellssveit, og skipaði stiftamtmaður landlækni vorum að skoða hann. Skoðun þessi fór fram 6. maí og voru þá, eftir því sem næst varð komist, 20 kindur með kláða á þessum bæ. Landlæknirinn réði til að skilja þær undir eins frá, halda þeim út af fyrir sig og bera í þær kláðasmyrslu unz kláðinn væri horfinn... Hann réði til að setja niður nefnd manna, er skyldi sjá um að kláðinn væri með öllu horfinn áður en rekið væri á fjall. Stiftamtmaður breytti þessu á þann hátt, að hann skipaði hreppstjóranum í Mosfellssveit að hafa gætur á þessum fjárkláða... Snemma í júlímánuði skrifaði nefndur hreppstjóri landlækninum, að kláðinn væri horfinn og ný ull komin á kindurnar. Þegar leið á sumarið, reyndist þetta öðruvísi, því þá var bæði kláði kominn í búsmalann í Miðdal og líka sást kláði á kindum sem komu af afrétt“. - Síðan segir, að um réttir, er kláðinn kom betur í ljós, hafi landlæknir viljað láta hefja lækningar sem fljótast og skipa nefnd, en stiftamtmaður hafi þá skipað að skera niður „allt kláðafé“.

Ritstjóri Norðra taldi sér ekkert að vanbúnaði að taka afstöðu til málsins og var ekki myrkur í máli um úrræðin. Hann segir:

„Álit vort um þetta mál er það, að besta ráðið og hið einasta er dugi, sé að stráðepa niður allan fénað þar sem hún (þ.e. fjárkláða-

pestin) byrjar... Vér vonum að Norðlendingar láti sér nú víti Sunnlendinga í þessu efni að varnaði verða.“


Parna voru þá þegar fram komnar, í blöðunum norðanlands og sunnan, þær tvær meginstefnur í kláðamálinu sem skiptu mönnum í flokka lengi síðan í þessu máli. Það kom raunar fram síðar, að ritstjóri Þjóðólfs, Jón Guðmundsson þingmaður Skaftfellinga, ein fremsta þjóðfrelsiskepna þessara tíma, var engan veginn sannfærður um, að lækningastefnan væri einhlít. En ritstjóri Norðra, Sveinn Skúlason, síðar þingmaður Norður-Þingeyinga (1859-67), hélt niðurskurðarstefnunni jafnan fast fram, enda var fylgi við hana á Norður- og Austurlandi miklu eindregnara en fylgi við lækningastefnuna sunnanlands. Höfðu og Norðlendingar og Austfirðingar von um að geta varist pestinni, og gerði það að sjálfsögðu afstöðu þeirra ákveðnari.



*Sveinn Skúlason, ritstjóri og alþingismaður.*

### **Kom kláðinn með enskum hrútum?**

Margir töldu og telja enn að fjárkláðinn hafi að þessu sinni borist til landsins með 4 enskum lambhrútum, sem sr. Sigurður Thorarensen í Hraungerði flutti inn haustið 1855, en voru um hríð geymdir í Miðdal áður en þeir voru fluttir austur. Mönnum var minnisstætt að 1761 hafði fjárkláði einmitt, að því er talið var þá, borist hingað með útlendum hrútum, er Hastfer barón á Elliðavatni, er þar rak kynbótafjábú á vegum konungs, útvegaði Brynjólfi Sigurðssyni sýslumanni í Hjálmholti. Þá varð ekki unn-



*Jón Hjaltalín, landlæknir.*

inn bugur á kláðanum fyrir en niðurskurður var fyrirskipaður árið 1772. Var óspart vakin athygli á þeirri endurtekningu sögunnar, er nú ætti sér stað, að því er varðaði uppkomu kláðans vegna innflutnings og á sömu slóðum og fyrir, og varð þá mörgum svo sem af sjálfu sér efst í huga það úrræðið er dugað hafði á 18. öld, niðurskurðurinn. Aðrir sögðu, að með nýjum tímum kæmu ný úrræði, lækningarnar. Þeirri skoðun fylgdi land-




læknirinn, Jón Hjaltalín, sem þá var nýtekinn við embætti, ötull maður og áhugasamur, fast fram frá öndverðu, svo og Teitur Finn- bogason er fyrr var nefndur, sem var járnsmiður í Reykjavík en hafði siglt til Kaupmannahafnar og numið þar dýralækningar í fjögur ár og stundað þær síðan með iðn sinni. Hinir fáu læknis- fróðu menn í landinu fylgdust þó ekki að í þessu máli, því að norð- lenzku læknarnir Jón Finsen á Akureyri og Jósep Skaftason á Hnausum voru fylgjandi niðurskurði. En danskir dýralæknar, er til voru kvaddir voru allir á máli landlæknis. Þegar deilan tók að harðna komu fram mismunandi læknisfræðilegar skoðanir um uppruna sýkinnar, og verður síðar að því vikið.

### Niðurskurður fyrirskipaður

Stiftamtmaður yfir Íslandi var um þessar mundir Trampe greifi, sem frægur er úr sögu þjóðfundarins 1851. Hann var jafn- framt amtmaður í Suðuramti. Amtmaður í Vesturamti var Páll Melsted, sá hinn sami er verið hafði forseti þjóðfundarins. Hann, en ekki Trampe, var um þessar mundir konungsfulltrúi á Alþingi. Amt- maður í Norður- og austuramti var Pétur Hafstein. Á valdi þessara þriggja manna var það fyrst um sinn, hvað gera skyldi í kláðamálinu af hálfu hins opin- bera. Yfirstjórn landsins var fjarlæg, í öðru landi, en vetur fór í hönd, lítið um samgöngur milli Íslands og Danmerkur. Alþingi var aðeins ráðgefandi og átti ekki að koma saman fyrr en á næsta ári. En mikið var í húfi. Niðurskurðartilskipunin frá 1772 var enn í gildi, og eftir henni var amtmönnum heimilt að fara, meðan ekki komu ný boð frá hærri stöðum. Um haustið 1856, er ljóst var að kláðinn hafði breiðst út sunnanlands, urðu við- brögð amtmanna þessi: Stiftamtmaður mælti svo fyrir í sínu umdæmi, að allt sjúkt fé skyldi skorið niður. Austanfjalls varð kláða fyrst vart í Bitru í Hraungerð-



*Páll Melsted, amtmaður.*



*Pétur Hafstein, amtmaður.*

ishreppi. Þrjú kláðalömb þaðan fundust í réttum Hreppamanna. Þangað fór Þórður sýslumaður Guðmundsson á Litla-Hrauni, lét slátra lömbunum og bannaði Rangæingum að flytja fé úr réttum austur yfir Þjórsá. Bóndi úr Árnassýslu fór búferlum austur og flutti með sér fé án leyfis yfir ána. Talið var að með því fé hefði kláðinn borist inn í Rangárvallasýslu, en bóndi kvað fé sitt hafa smitast af sauð ofan af Rangárvöllum.

Páll Melsted mælti svo fyrir að fé skyldi skoðað og því slátrað er eigi yrði læknað, en í hans umdæmi varð kláðans vart allvíða í nóvember. Pétur Hafstein bauð með bréfi 17. nóv. sýslumönnum í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum að nefna til menn í hverjum hreppi að skoða fé allt, og skyldi þegar í stað slátra öllum kindum, er sjúkar væru eða grunsamlegar. Eftir áramótin ritaði hann svo stjórninni í Kaupmannahöfn og mælti með niðurskurði.

Landlæknir lét ekki sitt eftir liggja. Hinn 29. okt. ritaði hann beint til stjórnarinnar og hélt fram sínu sjónarmiði um lækningarnar. Rétt fyrir áramótin barst svo stiftamtmani fyrsti stjórnarboðskapurinn í þessu máli. Var honum þar boðið að láta fara fram rannsókn á útbreiðslu veikinnar, og fól hann Teiti dýralækni að ferðast um Suðurland og framkvæma þá rannsókn þar. Síðar um veturinn gaf stiftamtmaður svo út nákvæmar reglur um lækningar í amtinu og lagði til við stjórnina að ekki yrði skorið niður a.m.k. fyrst um sinn. Þar með hafði stiftamtmaður, þrátt fyrir niðurskurðarfyrirmælin um haustið, nú látið að orðum landlæknis, enda hafði engin niðurskurðarskipun borist frá Kaupmannahöfn. Leið nú fram til sumars 1857.

Ýmislegt bar til tíðinda á þessu sumri. Út komu tveir danskir dýralæknar sendir af stjórninni. Amtmenn héldu fund í júní. Alþingi kom saman 1. júlí og tók afstöðu til kláðamálsins. Lækningamenn hófu útgáfu blaðs, sem nefndist „Hirðir“, en ritstjórar þess voru Jón Hjaltalín landlæknir og Halldór Kr. Friðriksson, kennari og alþingismaður Reykvíkinga.

Hér verður nú fyrst skýrt frá fundi amtmanna. Sá fundur var haldinn að konungsboði og var amtmönnum ætlað að semja lagafrumvarp er leggja skyldi fyrir Alþingi. En amtmenn urðu ósamála og varð Trampe í minnihluta. Hinir amtmennirnir tveir lögðu til við Alþingi og landstjórn að skera skyldi niður að loknum fjallgöngum en fyrir jólaföstu á þessu ári (1857) allt fé í Borgarfjarðarsýslu, Gullbringusýslu, Kjósarsýslu og Árnassýslu. Sömdu þeir ýtarlegt frumvarp um þetta efni og fylgdi því greinargerð. Í

frumvarpinu voru m.a. ákvæði um rof og hreinsun fjárhúsa og um fjárskipti. Hverjum fjáreiganda utan niðurskurðarsvæða átti að vera skylt að selja það af fé sínu sem til þess þyrfti að hver fjáreigandi á niðurskurðarsvæði gæti fengið helming ærtölu sinnar eins og hún var fram talin árið 1856, og skyldi féð greitt samkvæmt verðlagsskrá og því nokkru lægra en á gangverði. Þar var því um einskonar skatt að ræða á hina ósýktu landshluta. Að öðru leyti voru ekki skaðabótaákvæði í frumvarpinu, en gert ráð fyrir að yfirvöld gengist fyrir samskotum til útbýtingar á niðurskurðarsvæðum. Trampe vildi ekki ganga lengra en svo að skorið yrði niður veikt og grunað fé. Lagði hann til að munurinn á sláturverði og kaupverði fjár á fæti yrði bættur með því að leggja skatt á lausafé og fasteignir um land allt, þó þannig að helmingur skattsins legðist „á það amt sjálfst sem álíta má að mest varði um niðurskurðinn“. Ekki vildi hann skylda menn til fjársölu á þann hátt sem meirihlutinn lagði til.


Í greinargerð Péturs Hafstein og Páls Melsted segir, að þeir séu þeirrar skoðunar, að „þó sjúkdómur þessi ekki sé verra eðlis en svo að lækna megi hverja einstaka kind er sýkist, ef góður læknir er til staðar, næg meðöl eru fyrir hendi og nákvæm hirðing viðhöfð, muni það þó, eftir því sem til hagar hér á landi, verða öldungis ókljúfanda og ómögulegt með lækningum að útrýma og gerygða fjárkláðasýkinni öðru vísi en með fullkomnum niðurskurði í þeim sýktu héruðum, og með því bæði að rjúfa og hreinsa fjárhús og eyða öllu því er fjárkláðæfni getur dulist í.“

Í för með Péttri amtmanni voru 4 bændur norðlenskir, einn úr hverju lögsagnarumdæmi, þeir Sigurður Guðnason bóndi á Ljósavatni, Stefán Jónsson bóndi og alþingismaður á Reistará, Ari Arason stúdent, bóndi á Flugumýri, og Erlendur Pálmason bóndi í Tungunesi. Fóru hinir norðlensku bændur um Suðurland og kynntu sér ástandið þar. Að boði amtmannanna tveggja, er fylgdust að í málinu, voru þá um sumarið settir verðir milli héraða: Úr Húnavatnssýslu 28 menn á línu milli Hrutafjarðar og Langjökuls og 4 milli Langjökuls og Hofsjökuls. Úr Mýrasýslu 29 menn meðfram Hvítá og loks 4 menn milli Hofsjökuls og Tungnafellsjökuls. Virðist þá hafa verið gengið út frá því að ekki væri enn kláði í Mýrasýslu.

Amtmaðurinn í Vesturamtinu hélt enn áfram að mæla fyrir um niðurskurð eftir að víst var, að kláðinn var kominn í Mýrasýslu. Hinn 4. jan. 1858 ritar hann sýslumanni svo í embættisnafni: „Þeim

mönnum, sem eiga fé sjúkt af pestnæmum kláða má hvað skyldur og réttindi áhrærir að nokkru leyti skipa í flokk með þeim sem ala upp hjá sér óargadýr, er rífa niður og eyðileggja hjarðir annarra manna, sé þeim lausum sleppt og ekki í varðhaldi haldið.“

Svo er frá sagt að um haustið 1857 og framan af vetri hafi verið skornar niður á kláðasvæðinu sunnan- og suðvestanlands um 100 þúsundir fjár. Var og víða skorið niður á Suðurlandi, þó ekki væri um það fyrirmæli yfirvalds. En í Mýrasýslu kom



*Stefán Jónsson, alþingismaður á Reistará.*

nú til andmæla gegn skipunum amtmanns vestra. Í febrúar 1858 rituðu 13 bændur í Hvítársíðu amtmanni og mótmæltu niðurskurði þar í sveit. Hinsvegar buðust þeir til að selja amtinu fé sitt fullu verði. Fór svo um síðir að Páll Melsted þreyttist á að halda niðurskurði til streitu, enda óhægara um vik er útbreiðsla kláðans hélt áfram vestur um sveitir og samheldni bænda ekki til staðar á sama hátt og norðanlands eða austan. Kom þá og fleira til.

### Umfjöllun á Alþingi 1857

Skal nú að því horfið að skýra frá undirteknum Alþingis sumarið 1857, en þá tók þingið í fyrsta sinn afstöðu til málsins.

Frumvarp amtmannanna var af konungsfulltrúa lagt fyrir þingið og gefið í skyn að tillögur þess kynnu að verða staðfestar sem bráðabirgðalög. Var sýnilega að því stefnt að reyna að ná samkomulagi við þingið og gera það ábyrgt fyrir framkvæmdum, þótt ráðgjafarþing væri. Sú varð þó ekki raunin á. Að vísu fór svo að mikill meirihluti þings stóð saman um þá afgreiðslu sem málið hlaut og samdi frumvarp til laga, en aldrei hlaut það frumvarp lagagildi. Þetta frumvarp hefir á síðari tímum verið túlkað svo, að það hafi verið niðurskurðarfrumvarp, en í rauninni var það þess efnis að fara skyldi fram það sem kalla mátti takmarkaðan niðurskurð haustið 1857 í sýslum þeim er tilgreindar voru í frumvarpi amtmanna. Slátra skyldi öllu geldfé, sjúku og ósjúku (nema nauðsynlegum fjölda hrúta), svo og þeim dilkum er á afrétti hefðu gengið. En setja mátti á kvíaær og veturgamlar ær, þó ekki fleiri en 100. Sú undanþága var hér sett, að leyfa mætti að setja á „nokkur

gimbrarlömb“ ef sérstaklega stæði á, og kom þingmaður Borgfirðinga inn því ákvæði, en gæta skyldi þeirra með kvíaám næsta sumar. Ráðstafanirnar voru sem sé í því fólgnar að fækka fé og gera hirðingu þess og fóðrun (svo og lækningar?) þar með auðveldari, en skera niður það fé er ella myndi fara á afrétt og gæti því sýkt fé úr öðrum héruðum. En gengið var út frá að fé sem væri í heimahögum allt árið (kvíaær) myndi ekki breiða út veikina. Dygði þetta ekki, skyldi - ef veikin hefði ekki útbreiddst því meir - fara fram almennur niðurskurður haustið 1858. Gert var ráð fyrir 9000 ríkisdala skaðabótum úr ríkissjóði svo og samskotum. Hinsvegar kom fram í þinginu frumvarp flutt af Halldóri Kr. Friðrikssyni, sem aðallega byggði á lækningum en gerði þó ráð fyrir að einhver niðurskurður gæti átt sér stað, en alls ekki á heilbrigðu fé, og þar virðist aðalágreiðingurinn hafa verið. Með lækningastefnunni voru af þjóðkjörnum þingmönnum þeir Halldór og Guðmundur Brandsson hreppstjóri í Landakoti á Vatnsleysuströnd, og tveir konungkjörnir þingmenn, Helgi biskup Thordersen og Þórður yfirdómari Jónasson, aðrir ekki. Flokkaskiptingin kom gleggst fram við atkvæðagreiðslu með nafnakalli um niðurskurð geldfjárins. Á móti niðurskurði greiddu atkvæði fjórir fyrrnefndir þingmenn en 17 voru með: Sr. Guðmundur Einarsson þm. Dalamanna, Runólfur M. Ólsen þm. Húnvetninga, Ásgeir Einarsson þm. Strandamanna, sr. Eiríkur Kúld þm. Snæfellinga, Vilhjálmur Finsen landfógeti konungkj. þm., Þórður Guðmundsson sýslumaður í Árnessýslu konungkj. þm., Jón Guðmundsson þm. Skaftfellinga, Jón Hávarðsson þm. Sunnmýlinga, Jón Samsonarson þm. Skagfirðinga, Jón Sigurðsson þm. Mýramanna, Kolbeinn Árnason þm. Borgfirðinga, Magnús Andrésson þm. Árnesinga, sr. Ólafur Sívertsen þm. Barðstrendinga, Páll Sigurðsson þm. Rangæinga, Pétur Pétursson síðar biskup konungkj. þm., Stefán Jónsson þm. Eyfirðinga og Vilhjálmur Oddsen þm. Norðmýlinga.

Hér vantar 5 í þingmannatöluna. Fyrir Norður-Þingeyjarsýslu og Vestmannaeyjar var enginn mættur á þessu þingi. Fjarverandi voru Bjarni Jónsson rektor konungkj. þm. og sr. Jón Kristjánsson þm. Suður-Þingeyinga, sem voru veikir og tóku ekki þátt í umræðunum. Jón forseti hafði vegna stöðu sinnar sem slíkur ekki atkvæðisrétt, en studdi eindregið lækningastefnuna og tók allmikinn þátt í umræðum. En svo eindregin var vantrú flestra þingmanna á úrslitaáhrif lækninga, að hann fékk þar litlu um þokað. Umræður urðu langar og á köflum harðar.

Svo fór að stjórnin bað stiftamtmannt að beita sér áfram fyrir lækningum á sýktu fé, og var þó einnig mikið um niðurskurð sunnanlands. Voru í þeirri lotu að líkindum skornar niður um 100 þúsundir fjár svo sem fyrr var sagt.

### **Kláðinn berst norður í land**

Á ofanverðu ári 1857 varð það kunnugt, að fjárkláðinn var kominn norður yfir Holtavörðuheidi. Þá var það á öndverðu ári 1858, að Pétur amtmaður tók til síns ráðs sem frægt er orðið. Hinna 20. jan. ritaði hann öllum prestum í Norður- og austuramti og bað þá að gangast fyrir því að allir fjáreigendur skuldbyndu sig til að leggja af mörkum sem svaraði 1/12 af fjárstofni sínum í skaðabætur vegna niðurskurðar í Húnavatnssýslu. Þar segir m.a. svo:

„Útlenda fjárkláðasýkin, sem fyrir nokkrum árum var flutt inn í Suðurland og hefir síðan verið alin þar með ónýtu lækningakáki, hefir nú þrátt fyrir allar varnartilraunir slæðst inn í Norðurland og er þegar búin að gera vart við sig á allmörgum bæjum um miðbik Húnavatnssýslu.“

Þessu næst boðaði hann til amtsfundar á Skagaströnd hinn 24. mars. Voru þar nefndir kosnar. Í samræmi við tillögur þeirra mælti amtmaður svo fyrir, að allt geldfé í Húnavatnssýslu skyldi án tafar niður skorið og skurði á sýktu og grunuðu fé síðan fram haldið, einnig tafarlaust, en „grunað fé meinast allt sauðfé á þeim bæ, hvar sýkin hefur gert vart við sig á einni kind eða fleirum“. Samtímis var út gefið „erindisbréf fyrir hina eiðsvörnu varðmenn á varnarlinunni frá byggð í Blöndudal meðfram Blöndu og við Jökulfallið“, en varðmenn þessir voru 20 talsins í sex hópum.

Niðurskurðurinn fór fram þegar á útmánuðum þennan vetur, og gekk þó ekki án andmæla. Til voru bændur sem neituðu að hlýða og ráku fé suður yfir heiðar. En ætla má, að með þessum röt-tæku aðgerðum hafi framrás kláðans norður og austur mjög verið tafin. Á Norður- og Austurlandi varð Pétur amtmaður mjög vinsæll um skeið af röggsemi sinni, þótt þær vinsældir færu síðar út um þúfur af öðrum ástæðum. En stjórnin í Kaupmannahöfn ritaði honum áminningarbréf og bauð honum að gefa gaum að lækningum. Amtmaður boðaði þá enn til fundar og nú á Akureyri, stóð sá fundur 12.-17. júlí og voru fundarmenn kjörnir á manntalsþingum. Kóngi var send bænarskrá og frumvarp, en þar segir svo í 1. gr.: „Ef fjárfaraldrið gerir hér eftir vart við sig í Norður- og Austuramtinu skal því útrýma þar með niðurskurði en alls engar læk-


ingatilraunir má þar við hafa.“ Undir þetta skrifuðu fundarmenn allir. Samskonar fundur var raunar haldinn á Vesturlandi og niðurstaða ekki ólík, þótt áhrifa þess fundar gætti minna.

Liðu svo tímar fram á næsta ár. Norðlendingar og Austfirðingar fóru sínu fram en á Suðurlandi var bæði læknað og skorið. Margt bar þar til tíðinda, og varð einna frægastur hinn svonefndi Eyfellingaslagur, er Eiríkur á Brúnum segir frá. Trampe boðaði bændafund undir Eyjafjöllum og mætti þar til fulltingis sýslumanni, er skipað hafði fyrir um böðun áður en fé væri rekið á fjall 1858. En bændur neituðu sem fyrr og létu ófriðlega. Varð fundurinn án árangurs. Voru nú viðsjár miklar með mönnum og flugu hnútur víða, svo að sjaldan mun þjóðmálabarátta hafa heitari orðið hér á landi.


Prennt var það sem lækningamenn héldu óspart fram, er hér var komið sögu. Í fyrsta lagi, að líkur bentu til að fjárkláði væri um land allt, aðeins misjafnlega skæður. En niðurskurðarmenn töluðu um tvær tegundir kláða: óþrifakláða, sem væri víða, og drepkláðann sunnanlands. Þá var það nú af lækningamönnunum talið ósannað og jafnvel ósennilegt að kláðinn hefði borist hingað með ensku lambhrútunum, og að hann myndi fremur hafa lifað í landinu frá 18. öld eða komið upp án smitunar utan að. Í ávarpi til almennings sem landlæknir, Teitur Finnbogason og dönsku dýralæknarnir gáfu út haustið 1857, segja þeir m.a.: „Vér skiljum sannlega eigi í því, hversvegna fjárkláði ætti ekki að geta magnast af sjálfum sér eins vel á þessu landi og öðrum.“ Um þennan eiginleika kláðans, að „magnast“ eða „kvikna“ af sjálfum sér urðu ritdeilur milli landlæknis og héraðslæknisins á Akureyri. Þarna hugðust lækningamenn færa gild rök fyrir því að niðurskurður kæmi að litlu haldi. Má af þessu annars vegar og hinsvegar af samþykktum Akureyrarfundarins gera sér í hugarlund, hve fast málið var sótt af beggja hálfu. Líka ber að geta þess að lækningamenn töldu niðurskurðarráðstafanir ganga of nærri eignarrétti bændu.

### Danska stjórnin sendir tvo erindreka

Þá gerðist það, að stjórnin í Kaupmannahöfn tók að gerast athafnasöm í þessu máli. Í fyrsta lagi beitti hún sér fyrir því að ríkisþingið danska veitti 30 þús. ríkisdali til útrýmingar fjárkláðanum á Íslandi. Í öðru lagi skipaði hún vorið 1859 tvo erindreka með fullu umboðsvaldi til að fara til Íslands og hafa umsjón með út-



*H.C. Tscherning yfirdýralæknir og prófessor.*



*Jón Sigurðsson, forseti.*

rýmingunni. Minnti þetta óneitanlega nokkuð á skipun þeirra Árna Magnússonar og Páls Vídalín í byrjun 18. aldar þó að verksviðið væri nú á öðru sviði og takmarkaðra. Þessir tveir menn, sem stjórnin skipaði, voru Tscherning yfirdýralæknir og prófessor í Kaupmannahöfn og Jón Sigurðsson forseti.

Með erindisbréfi þeirra tveggja 27. maí 1859 var þeim í þessu skyni veitt „ótakmarkað vald til að gera allar þær ráðstafanir sem ykkur kynni að þykja nauðsynlegar eða haganlegar til að ná því sem til er ætlað með ferð yðar eftir því, sem þið treystist til að ábyrgjast fyrir oss. Þannig er það og vor allra hæsti vilji og boð, að allir embættismenn vorir og þjónar á Íslandi, sem þér kunið að snúa yður til, skuli eigi aðeins gefa yður allar þær skýrslur og láta yður í té alla þá aðstoð, sem þið kunið að beiðast af þeim, til þess að þið getið rekið erindi það, sem ykkur er þannig á hendur falið, en einnig að þeir tregðulaust hlýði þeim tilskipunum, er þið kunið að telja nauðsynlegt að setja þeim í þessu skyni, og geri þeir

eigi svo liggur við missir náðar vorrar og hollustu eða aðför að lögum.“

Dr. Páll E. Ólason ræðir nokkuð um það í æfisögu Jóns Sigurðssonar, hversvegna hann hafi verið skipaður í þetta starf. Um það kemst hann svo að orði í IV. bindi æfisögunnar, bls. 88-89: „Í fyrsta bili kann það að þykja undarlegt, að stjórnin festi auga á ekki stjórnhollara manni til slíks starfs. En við nánari íhugun þarf engan að undra þetta. Jón Sigurðsson hafði sömu skoðanir um fjárkláðann og útrýming hans sem stjórnin. Í annan stað var allt í báli og brandi á Íslandi, hver höndin upp á móti annarri í þessu máli. Ef hrinda skyldi fram málinu, var því einsætt, að fá þyrfti þann mann til yfirstjórnar, er væri í senn einbeittur maður og þó vinsæll og mikils metinn í landinu sjálfu. Þessa kosti hafði Jón Sigurðsson til að bera um alla menn fram. Stjórnin sá það rétt, að hér



var sá maður, sem sigra myndi á lækningagrundvelli, ef nokkur væri sigurvon.“ Sjálfur hefir Jón orð á því í bréfi um þessar mundir, að nú sé víst farið að vandast málið, „þegar farið er að stinga upp á þesskonar körlum, sem ég er“, og bætir svo við: „Vissulega getur verið klókindalegt að hleypa þeim á foraðið“.

Efalaust er það, að Jón Sigurðsson vildi gjarnan stuðla að framgangi lækningastefnunnar. Dr. Páll E. Ólason telur, að fyrir honum hafi einnig vakað að stjórnin myndi, ef hann tæki að sér vandann, gefa orðum hans meiri gaum í sjálfstæðismálum Íslendinga, og rökstyður þá skoðun. Telur hann það verk Jóns Sigurðssonar, að ákveðið var um þetta leyti, að prentaður skyldi með undirskrift konungs íslenzkur texti laga er vörðuðu Ísland á undan danska textanum. En hér á landi var það jafnvel af mörgum samherjum Jóns Sigurðssonar óstinnt upp tekið að foringinn í sjálfstæðisbaráttunni skyldi koma hingað í danskri þjónustu til að hafa á hendi yfirstjórn kláðalækninga í andstöðu við meirihluta á Alþingi og meðal almennings, sem taldi önnur úrræði vænlegri. Glögggt kemur þetta fram í blöðum og þá einnig á Alþingi, sem síðar verður að vikið. Sr. Gísli Thorarensen kvað í „Kláðagloríu“:

*„En yfir stendur æðstur Jón  
sem allir bljúgir verða að hlýða.  
Hann elskaði áður frónið fríða.  
Nú ber hann sinn kross og býr oss tjón.“*

Erindrekararnir komu út snemma sumars, gáfu út ávarp til landsmanna, ferðuðust víða um land, einkum Tscherning, skoðuðu fé, ræddu við fjölda manns, gáfu fyrirmæli, opinber og munnleg og gerðu skýrslur um það, er í ljós kom og fram fór. Var nú fjölgað hinum dönsku dýralæknum er starfa skyldu að útrýmingu kláðans hér. Í skýrslum þeirra kemur fram, að þeim hafi yfirleitt verið vel tekið og vinsamlega og fyrirmælum þeirra um kláðabaðanir og aðra lækningameðferð hlýtt. Ekki þótti þeim þó Pétur amtmaður þægur ljár í þúfu, en ekki fékk hann nú lengur rönd við reist, þar sem erindrekararnir voru beinlínis yfir hann settir. Þeir Jón Sigurðsson og Tscherning störfuðu hér fram eftir hausti, en síðan var að tillögu þeirra skipuð 5 manna nefnd undir formennsku landlæknis, og hafði nefndin á hendi umsjón með útrýmingu kláðans árið 1860, en á því ári ofanverðu var talið að tekist hefði að vinna bug á sýkinni.

### Jón Sigurðsson hlýtur mótbyr

Á Alþingi sumarið 1859 átti Jón Sigurðsson við ramman reip að draga. Þar gerðust í fyrsta lagi þau tíðindi, að Jón féll við forseta-kosningu, samt aðeins með eins atkvæðis mun. Slíkur var and-byrinn og kom einnig glöggt fram í umræðum síðar. Atkvæðagreiðsla í kláðamálinu fór svo, að Jóni fylgdu að málum 8 þingmenn, þar af hinir sex konungkjörnu, en á móti honum í þessu máli og í meirihluta voru 15 þjóðkjörnir þingmenn. Í tillögum þeim er samþykktar voru var um það beðið að amtmenn fengju aftur vald sitt í þessu máli, að settir yrðu verðir á milli sýkra og ósýkra héraða, skorið niður í ofanverðri Borgarfjarðarsýslu og í Rangárvallasýslu vestanverðri eða fé flutt þaðan, og að Alþingi yrði veitt löggjafarvald í þessu máli árið 1861, ef sýkinni væri þá ekki að fullu útrýmt. Þá lýsti þingið yfir því að það teldi stjórnina bera ábyrgð á þeim framkvæmdum er hún nú beitti sér fyrir, þ.e. að þingið ætti ekki þátt í þeim. Þinginu höfðu borizt nokkrar bænarskrár varðandi þetta mál. Meðal þeirra var bænarskrá úr Eyjafirði, undirrituð af 241 kjósenda. Þar var fram á það farið, að skorið yrði niður næsta haust allt fé í Suðuramti og bætur greiddar af þeim 30 þús. ríkisdöllum, er ríkisþingið hafði veitt til útrýmingar fjárkláð-anum.

Alþingi það sem hér var um að ræða var nýkjörið þing (1858), og má gera ráð fyrir að kláðamálið hafi mjög borið á góma í kosningunum. Í þetta sinn kusu Vestmannaeyingar mann á þing í fyrsta skipti, en hafði eigi tekist fyrr sakir strangra skilyrða fyrir kosningarétti. Kosningu hlaut sr. Brynjólfur Jónsson. Þá var og í fyrsta sinn, samkvæmt nýrri tilskipun, kosinn sérstakur þingmaður fyrir Austur-Skaftfellinga, Stefán Eiríksson hreppstjóri í Árnanesi. Attu þjóðkjörnir þingmenn þá að vera 21, en enginn mætti úr Suður-Múlasýslu. Nýir þingmenn þjóðkjörnir voru 10 á þessu þingi. Meðal þeirra voru, auk fyrrnefndra, Arnljótur Ólafsson síðar prestur þm. Borgfirðinga, Gísli Brynjólfsson skáld þm. Skagfirðinga, Jón Sigurðsson á Gautlöndum þm. Suður-Þingeyinga, Sveinn Skúlason ritstjóri Norðra þm. Norður-Þingeyinga og sr. Halldór Jónsson á Hofi þm. Norðmýlinga, sem áður hafði verið konungkjörinn 1845-49 og á þjóðfundi. Jón landlæknir Hjaltalín sat nú sitt fyrsta þing sem konungkjörinn þingmaður, og stóð um hann styrr, enda talinn upphafsmaður kláðalækninganna. Hélt hann og þrumuræðu yfir niðurskurðarmönnum og var óstintt upp tekið.

Framsögumaður fjárkláðanefndar var Arnljótur Ólafsson. Allir nýju þingmennirnir stóðu að afgreiðslu meirihlutans nema sr. Brynjólfur í Vestmannaeyjum. Í minnihlutunum voru, auk konungkjörnu þingmannanna sex, Halldór Kr. Friðriksson, sr. Brynjólfur og Jón Sigurðsson þm. Ísfríðinga, sem nú var ekki forseti og hafði því atkvæðisrétt. Tók Jón og mikinn þátt í umræðum um mál þetta og hélt kappsamlega fram sínum málstað. Var þá ekki alltaf mjúklega að honum vikið. Guðmundur Brandsson var í þingnefndinni að þessu sinni, skrifaði undir nefndarálitið með fyrirvara, en var „genginn af fundi sakir lasleika“ er atkvæðagreiðsla fór fram. Hiti var í umræðum, beitti forseti stundum bjöllunni. Sú varð niðurstaðan þrátt fyrir lækningastörf erindrekanna, að skorið var niður í ofanverðri Borgarfjarðarsýslu og nokkuð í Rangárvallasýslu haustið 1859.

### Umræður á Alþingi 1859

Hér fara á eftir örfá sýnishorn af því sem fram fór í kláðamálinu á Alþingi sumarið 1859.

Jón Hjaltalín landlæknir mælti m.a. á þessa leið við síðustu umræðu málsins: „Allt frá dögum Rómverjanna og þangað til nú hefir fjárkláði ekki verið álitinn nein drepsótt í öðrum löndum, Íslendingar hafa gert þessa nýju uppgötvun; en sú uppgötvun varð dýrkeypt á fyrri öld, því hún kostaði Ísland fjórða hvert mannslíf á öldinni sem leið. ... Nú kemur hin sama trú ... og setur sig aftur upp á móti nýrri tíma reynslu. Það gengur nú svo ýtarlega, að menn þræta þvert ofan í hið æðsta lækna ráð í Danmörku... Reynsla tímans gabbar oss og hlær að oss... Hér er ennþá í rauninni engin fjárrækt... Menn hugsa alltaf hér á þá leið, að þó megnustu óþrif séu í fénu, þá gjörir það ekkert, þó vér fáum ekki nema 1/3 af ull og kjöti af okkar fé í samanburði við það sem aðrir fá af fé sínu... Ég þykist hafa gert skyldu mína í þessu máli allt fram á þessa stund; verkum mínum í því er nú lokið; ég hefi einungis eitt eftir þegar tímar líða, og það er eins og ég sagði áðan að skrifa kláðasöguna... Tíðin mun í ljós leiða, hver réttast hefir, en ég ætla ekki að leggja söguna í dóm Alþingis, heldur í annan dóm. Sú meðferð, sem á mér hefir verið höfð í þessu máli, er eins þræsleg og margt annað sem niðurskurðarmennirnir hafa gert í því; þeir hafa logið því upp á mig, að mér sé að kenna útbreiðsla kláðans, en ég lýsi því yfir frá þessum stað, að þetta eru ósannindi. Ég hefi aðeins gert það, er hver dýralæknir gerir, en þeir hafa niðurbrotið

alla skynsama meðferð á veikinni, drepið niður féð í einhverju æði, þó heilbriggt hafi verið, og þannig eru þeir skuld í þeirri eyðileggingu er hér er orðin... Eg hefi enga von um að orð mín hafi sannfært nokkurn þingmann, því miður. Ég hefi talað af sannfæringu, og þó ég ekki sé lærður, þá hefi ég þó betri þekkingu á þessu en flestir aðrir hér í salnum...”

Páll bóndi Sigurðsson í Árvörðum þingmaður Rangæinga sagði m.a. í svari til landlæknis: „Ég ætla nú að segja honum og það í fullri alvöru frá þessum stað í nafni þjóðarinnar, sem fulltrúi hennar, að öll sú óhamingja sem Íslendingar hlotið hafa og enn hljóta af meðferð þessa máls, er að sumra meining honum og í öndverðu honum einum að kenna, því það er eins og hann ekki viti, að hann er manna- en ekki dýralæknir, og þar af flaut ógæfan; hann þóttist í fyrstu þekkja kláðann en þekkti hann ekki, og því fékk sýkin að útbreiðast hans vegna; þessi vanþekking var nú fyrirgefánleg, þó hún yrði landinu dýrkeypt, því allir eru menn og getur því yfirsést. En þegar hann enn stálsýður heimsku sína með tómu embættisdrambi og reynir til að villa augu stjórnarinnar en ausa bannfæringum yfir þjóðina og þá beztu embættismenn hennar, sem hafa stjórnað í máli þessu vel og viturlega með beztu manna ráði og samkvæmt vilja hennar, þá sé ég alvarlega svívirðing foreyðslunnar standandi á helgum stað... Hefir nokkru sinni öflugur óvinur, sem vaðið hefir inn á lönd annarra, orðið út rekinn utan með eignatjóni, og einkum þegar hann hefir náð að leggja undir sig nokkurn hluta lands áður hann yrði á hæl rekinn? Og tjónið þótti ætíð léttbærara ef sigurs varð auðið og hann út flæmdur... En hvað er eignatjón Norðlendinga að meta á móti eignatjóni Sunnlendinga? Norðlendingar hafa unnið sigur á sýkinni og hafa þar með sameinuðum kröftum hjálpað sér sjálfir... En hvernig stendur nú hagur Sunnlendinga?... Nú er ekki lifandi í þessum lækningasýslum meira en 8 kindur af hundraði hverju...”

Um Halldór Kr. Friðriksson þingmann Reykvíkinga sagði Páll, að hann hefði ekki „betra vit á þessu máli en kláðakind“, og um ritstjóra Hirðis, að bændur „virða minna þetta óp þeirra en Þrændur virtu forðum gól hundsins Sauris, þegar hann var settur í háseti konungs þeirra að þeim nauðugum“. Á allt annan hátt mælti þessi ræðumaður til Jóns Sigurðssonar, og hefir Jóni þó sennilega ekki orðið um sel eins og aðstaða hans var í þessu máli, en á Pál í Árvörðum og aðra þingbændur varð hann mjög að treysta í sjálfstæðisbaráttunni fyrr og síðar. Nú risu þeir úr sætum hver af

öðrum og lýstu sig hans málstað andstæða, en lið hans sjálfs varð hin konungkjörna sveit og tveir embættismenn við sjávarsíðuna.

Hugur Norðlendinga um þessar mundir kom víðar fram en í bænarskrá Eyfirðinga. Á fundi 19. janúar 1859 samþykktu Þingeyingar „ávarp til Húnavetninga“ þar sem hinum síðarnefndu var vottað „alúðlegasta þakklæti fyrir allt það sem þér hafið lagt í sölurnar til að verja ættjörðu vora og börn hennar frá hallæri og hungurdauða“ og þeir beðnir „að láta ekki hugfallast“. Um svipað leyti barst Péttri amtmanni þakkarávarp úr öllum hreppum Húnavatnssýslu, þar sem heitið var á hann að fylgja því fram, að ekki verði gegn vilja Norðlendinga byrjað á „lækningakákinu“ á Norðurlandi. Amtmaður fékk líka ljóðakveðju að sunnan frá fyrrnefndum sr. Gísla, þar sem hann er kallaður „hinn mæti mararsteinn“, og segir í lokin:

*„þú munt sigra í þessu stríði  
og - ef þú fellur, ertu breinn.“*

Slíkt hita- og tilfinningamál var hér um að ræða víða um land.

### Sauðfé fækkaði mjög

Fækkun fjárins á árunum 1857-59 var gífurleg, einkum í Suðuramtinu, að meðtalinni Borgarfjarðarsýslu, bæði af völdum niðurskurðar og sýkinnar sjálfrar. Í Húnavatnssýslu voru skornar niður nálægt 19 þús. fjár. Í Suðuramtinu lifði ekki eftir í árslok 1860 nema mjög lítill hluti þess fjár er þar var 1856 en átti þá að vera heilbrigður. Fjártalan í landinu í heild lækkaði um nálægt 2/5 á hálfum áratug eða svo eða úr ca. 500 þús. fjár í ca. 300 þús. samkvæmt opinberum skýrslum. Því miður reyndist það ekki svo að tekist hefði að uppræta kláðann á árunum 1859-60. Á suðvestanverðu landinu varð hans vart hvað eftir annað og stundum í stórum stíl næstu tvo áratugi. Lög um meðferð kláða voru sett 1866, þótt tjón af hans völdum yrði ekki nærri eins mikið og fyrr. Þing eftir þing var þetta mál til umræðu, m.a. á fyrsta löggjafarþinginu, og enn vildu þá margir „hafa niðurskurðarhnífinn á lofti“, þótt viðurkenning á gildi lækninga væri þá almennari en fyrr. Á þessu þingi (1875) hélt Jón Sigurðsson enn langa ræðu í þessu máli, hélt fram sínum sjónarmiðum og fékk nú sýnilega betri áheyrn en fyrrum. Kláðasvæðið var þá talið „milli Hvítanna“, einkum á Reykjanesi. Þjóðólfur undir stjórn Matthíasar Jochumssonar sagði þá:

„Fyrsta aðferðin er sú að útrýma öllum kláða og öllum grun um kláða á Reykjanesi.“ Hlutu Suðurnesjamennt hart ámæli fyrir að „halda við kláðanum“ og heimtuðu ýmsir óspart niðurskurð þar. Meðferð málsins á þingi varð til þess að landshöfðingi skipaði Jón landritara Jónsson umsjónarmann kláðamála með lögregluvaldi í þeim málum milli Hvítanna. Gekkt hann að verki sínu með miklum dugnaði og strangleika, og beitti bæði böðum og niðurskurði á árunum 1876-78. Varð af því mikill árangur. Svo gerðist það, að kláða varð vart víða um land á næsta áratug, en ekki varð stórtjón að. Hinsvegar var þetta ástand talið mjög varhugavert vegna útflutnings lifandi fjár á þeim tímum.

### **Aðferðir við lækningar -niðurstöður**

Á árunum 1903-1905 var norsk kláðalæknirinn Myklestad hér á landi á vegum stjórnvalda og fór þá fram kláðaböðun um land allt. En svo liðu tugir ára af 20. öld, að ekki tókst að uppræta fjárkláðann að fullu, þótt ekki stæði af honum sami ótti og á 19. öld.

Það tafði eflaust framgang lækninga í öndverðu, að skortur var á baðlyfjum í landinu og lyf þessi ekki eins hentug og áhrifamikil og þau síðar urðu. Stundum var notað kúahland blandað tjöru eða tóbaki, svo og allskonar annar samsetningur er mönnum kom í hug og virtist bera árangur. Hjaltalín landlæknir réð til þess að blanda „völskueitri“ í baðlöginn og var það víst gert, en ekki talið hættulaust.

Böðunarresept Tschernings (og Jóns Sigurðssonar) var sem hér segir:

„Taka skal eitt pund af tóbaki (rjólí, rullu, tóbaksblöðum frá Ameríku eða kavandish-tóbaki), smásaxa og seyða í 24 mörkum vatns að minnsta kosti um 3 stundir, unz 12 merkur aðeins eru eftir. Tvær merkur af seyði þessu skal þynna með öðrum 2 mörkum vatns, þá má hafa gamalt hland í stað fjórðungs eða jafnvel þriðjungs af vatninu. Tóbaksseyðinu má og nú á einstaka bletti án þess að það sé þynnt að nokkru.“

Myklestad notaði einnig tóbaksbaðlög eftir aldamót. Baðker (kassalög) úr tré voru flutt milli bæja.


Ekki mun Jóni Sigurðssyni hafa fallið vel andbyr sá, er hann átti að mæta í kláðamálinu á árunum 1859-60, bæði á Alþingi og eins annars staðar. Hin næstu ár kom hann ekki til Íslands og mætti ekki á Alþingi 1861 og 1863, þótt hann væri til þess kjörinn af Ísfirðingum eins og bæði fyrir og síðar. Á þessum árum, einkum

1861-63, tók hann sér fyrir hendur að rannsaka fjárhagsviðskipti Íslands og Danmerkur á fyrri tímum og skaut þar með stoðum undir fjárkröfur á hendur Dönum, er hann síðan fylgdi fram. - Þegar hann kom aftur til þings 1865, eftir hálfis sjötta árs fjarveru frá Íslandi, var honum í Reykjavík fagnað næstum sem þjóðhöfðingi væri. M.a. fóru stúdentar og latínuskólamenn þá í flokki heim að húsi hans, og var honum flutt kvæði Matthíasar:

„*Snillingur snjalli  
snilla þína skyldi  
lofsælum leyfa  
ljóðstöfum þjóð“*, o.s.frv.

Var kvæðið sungið margraddað þar úti og safnaðist að margmenni, en Gunnar Gunnarsson, síðar prestur að Svalbarði, hafði orð fyrir komumönnum.

Um gildi þeirra skoðana, sem til þess urðu að kveikja það ófriðarbal er hér logaði í landi langa hríð í sambandi við fjárkláðann, skal hér ekki dæmt. Ósjálfrátt koma manni í hug deilur þær,



*Kláðamaur. Latneskt heiti: Psoroptes. Um 0,75 mm að lengd, hér mjög stækkaður.*  
Tekið af netinu.

er urðu um símamálið í byrjun 20. aldar, enda þótt kláðamálið væri í eðli sínu hættulegt mál og þar með viðkvæmara fyrir almenning. Þar var hallærisótti á ferðum, ekki að ástæðulausu, og aðeins 70 ár liðin frá móðuharðindum. Elztu menn mundu vel afleiðingar þeirra af ýmsu tagi. Trúlega er það nærri sanni að báðir aðilar hafi haft mikið til síns máls. Norðlendingum og Austfirðingum tókst með niðurskurði að verja sig fyrir plágunni meðan hættan var mest. En á kláðasæðinu voru lækningar framkvæmanlegar og þær voru eina viðunlega framtíðarúrræðið í því mikla vandamáli, sem hér var um að ræða. Orsök veikinnar var kunn - kláðamaurinn, þótt menn léti sig greina á um hvernig hann væri til kominn. Eftir að þó nokkuð var liðið fram á 20. öld komst þjóðin í kynni við aðra sauðfjárpest voveiflega (mæðiveikina), þar sem engin ráð dugðu nema niðurskurður og fjárskipti. Með tilliti til þessa ættu menn nú á tímum að eiga auðveldara með að skilja mismunandi sjónarmið og skaphita þeirra sem börðust við fjárkláðann á 19. öld og að þess gat varla verið að vænta að allir yrðu sammála um úræðin.

### Helstu heimildir:

Þjóðólfur, Reykjavík 1856-58 og 1875; Norðri, Akureyri 1856; Alþingis-  
tíðindi 1857 og 1859; Páll E. Ólason: Jón Sigurðsson, IV. bindi, Rvík  
1932.

*Björn Teitsson bjó til prentunar.*



MARGARETE HÜTER

## Minningar frá stríðsárunum á Akureyri

*Margarete<sup>1</sup> Hüter (f. Babr, líka nefnd Margrét Eiríksdóttir) var fædd 1911 í þorpinu Königsmühl, nú Szumiaca, í Pommern nærri strönd Eystrasalts, áður í Þýskalandi en nú í Póllandi. Hún var prestsdóttir, gekk í stúlnaskóla í Stettin, en var líka menntuð sem búfræðikennari. Hún bjó rétt við Akureyri 1937-52, eins og hér kemur fram. Fyrri maður hennar Frank Hüter (1909-78), frá Königsberg, bjó eftir stríðið á Lüneborgar-heiði í N.-Þýskalandi og ræktaði veiðihunda og býflugur.*

*Með seinni manningum, Ib Møller, f. 1920 í Kaupmannaböfn, garðyrkjufræðingi, bjó Margarete í Danmörku frá 1952. Hún andaðist 1999. Eldri dóttir hennar, Eva Ísafold, bjó lengi í Ástralíu, en heimsótti Akureyri 1993, hún er nú látin.*

*Yngri dóttirin, Birthe Møller, er á lífi.<sup>2</sup>*

Akureyrarbær var mér ekki með öllu ókunnugur þegar ég kom þangað í maí 1937 til að giftast Frank Hüter, sem var tæknilegur yfirmaður við sápuverksmiðju Kaupfélags Eyfirðinga.<sup>3</sup> Í september 1936 hafði ég nefnilega, eftir þriggja mánaða dvöl á Suðurlandi, komið þangað norður til að sigla heim til Þýskalands með ms. Dettifossi. Þá hitti ég Frank Hüter og eftir hálfan mánuð höfðum við ákveðið að gifta okkur. Síðar kom í ljós að þetta hafði verið mjög djörf og fljótfærnisleg ákvörðun. En ég var hrifin af stór-

<sup>1</sup> Hún skrifaði sjálf nafn sitt svo. Alls átti hún sjö systkini.

<sup>2</sup> Tengsl Margarete við Íslendinga voru meiri en fram kemur hér. Baldur Ingólfsson (1920-2012) þýskukennari í Reykjavík átti að fyrri konu Elisabeth (1926-1965) dóttur Hans-Joachim Bahr prests í Pommern, en Margarete var systir hans. Elisabeth hafði komið til Íslands upp úr stríðinu í heimsókn til Margarete frænku sinnar og ílentist hér. Haft var samband við son Baldurs og Elisabethar, Baldur J. Baldursson í Þýskalandi, sem þekkti Margarete afasystur sína og dætur hennar.

<sup>3</sup> Frank sem var sápuverðarmeistari hafði ráðist 1933 sem verksmiðjustjóri hjá Sápuverksmiðjunni Sjöfn, sem hafði verið stofnuð árið áður.



*Frank Hüter og Margarete að kynnst. Mynd frá 1936.*

fengleik og víðáttu landsins og sú tilhugsun var alltof aðlaðandi að geta komið þarna undir sig fótunum og losna um leið við að verða búfræði- eða heimilisfræðakennari í Þýskalandi. Því kom ég aftur til Akureyrar í maí 1937 með minn húsbúnað eins og vani var í Þýskalandi.

Farangur minn virtist vekja athygli og talað var um að Hüter hefði náð sér í efnaða konu, sem var alls ekki raunin. En það kom samt fyrir í fáein skipti að hann var spurður hvort hann gæti lánað öðrum einhverja peninga úr því að hann hefði nú eignast vel stæða konu.

Við vorum gefin saman af séra Friðriki Rafnar í setustofu hans og næsta dag fluttum við inn í lítið kot um hálf tíma gang suður af kaupstaðnum, við leiðina að Hömrum. Staðurinn hét Vökuvellir<sup>4</sup>

<sup>4</sup> Vökuvellir stóðu norðvestur af Naustabæjunum, norðar og neðar en Brún. Eins og kemur fram hér á eftir var um tíma búið þar í tveimur húsum. Vökuvellir I stóðu þar sem nú er Mýrartún 2 en Vökuvellir II á auðu svæði á milli Mýrartúns og Stallatúns í Naustahverfi (sjá *Byggðir Eyjafjarðar 2010* (Akureyri 2013), bls. 367-368).



*Húsin á Vökuvöllum (löngu horfin) og hliðið.*

og Frank hafði átt hann í fáein ár. Þarna var lítið, grátt hús, nánast í einni lengju, sem var óásjálegt jafnvel miðað við þá tíma. Í öðrum helmingnum var stofa, um 3x3 m, lítið eldhús og borðstofa, um 2,5x2,5 m, auk dálítills gangs sem nefndist forstofa og lá að hinum helmingi hússins, sem var fjós og hlaða, en ég fékkst ekki um þrengslin, því að þetta var mér heimili.

Andspænis húsinu var lítið útihús, í upphafi byggt fyrir kálfa, en nú var þar eitt herbergi og lítil geymsla. Ég man ekki hve margir hektarar okkar lóð var, en henni tilheyrði önnur hlaða ásamt hesthúsi, og í hinum endanum var stórt hús með stórum gluggum, upphaflega byggt sem hæsnahús en nú einnig notað undir sauðfé. Yfir daginn þegar maðurinn minn var í vinnunni í kaupstaðnum, hafði ég nóg að gera við að mjólka kýrnar og setja þær út í hagann, gæta hæсна og kalkúna, ásamt því að vinna við heyskap eða í afgirtum kartöflu- og grænmetisgarði okkar. Sauðféð var komið á fjall þegar ég flutti inn.

Ég kom sjaldan í kaupstaðinn fyrsta árið og kynntist fáu fólki, nema helst kunningjum mannsins míns og svo þeim sem gerðu sér upp erindi og börðu að dyrum til að sjá nýju konuna. Orð manns míns öðru hverju bentu til þess að einhverjum líkaði ekki vel við hann, og þegar hann kom seint heim var ég oft orðin hrædd um að

ráðist hefði verið á hann. Einu sinni snemma dags bönkuðu upp á tveir menn, greinilega drukknir, og ég varð hrædd. Ég sneri inn, náði í riffil mannsins míns, miðaði á þá og hrópaði: „Burtu með ykkur“. Tvímenningarnir stóðu aðeins og göptu en sneru svo frá og hurfu eftir götunni í sínum gamla kassabíl. Ég get enn séð þetta fyrir mér og heyrð skröltið í bílhurðunum sem þeim tókst ekki að loka í flýtinum.

Í júní 1938 fæddist dóttir okkar og því miður urðu föðurnum það mikil vonbrigði að ekki kom sonur.

Til að aðstoða á býlinu fengum við ýmsa unga menn frá Þýskalandi sem vildu vinna sér eitthvað inn og hafa stað að búa á meðan þeir voru í Íslandsferð. Undantekning var Leo, sonur þýsks norrænufræðings og Íslandsvinar, dr. Schweitzer. Leo bjó í kaupstaðnum hjá dr. Kristni Guðmundssyni og hinni þýsku konu hans, Elsu, og hann gekk í Menntaskólann á Akureyri. Leo eyddi miklum tíma hjá okkur og var nánast eins og bróðir. Þegar stríðið kom varð hann að fara aftur til Þýskalands og hann dó ungur.

Ég vil einnig gjarna nefna hér góða vini okkar sem bjuggu í litlu húsi, Kristján Geirmundsson og Helgu konu hans. Kristján gat ekki stundað venjulega vinnu vegna heilsutjóns sem hann hafði orðið fyrir, en hann var iðjusamur, og þar sem fuglar voru hans helsta áhugamál fann hann upp á að vinna við þá og stoppa þá upp. Helga vann á saumastofu en var honum annars mjög hjálpleg og þau voru með ýmsa fugla í stórum glerskápum. Sér á parti var þar risaálka (gervi-geirfugl), fugl sem var útdauður. Kristján hafði sjálfur búið fuglinn til úr venjulegri álku en í svo réttum hlutföllum að fuglaáhugamenn í heimsókn urðu sífellt steinhissa. Kristján var listamaður og nýtti sér þá hæfileika, líkt og Elísabet systir hans sem dó fyrir aldur fram 1959.

Þegar heimsstyrjöldin seinni hófst ruglaði hún áætlanir okkar, því að við höfðum ákveðið að flytja aftur til Þýskalands. Maðurinn minn vissi nefnilega að hann myndi brátt missa vinnuna því að íslenskur maður hafði lokið námi sínu í hans grein og átti að taka við starfinu. Við bjuggum því áfram á Vökuvöllum en maðurinn minn seldi hluta af lóðinni ásamt hesthúsinu og hlöðunni við það til að fá einhverja peninga. Auk þess seldum við mjólk úr kúnum niðri í kaupstaðnum.

Í maí 1940 komu Bretar til Íslands. Fyrst hertóku þeir Reykjavík og aðra staði á Suðurlandi, en við vissum að brátt kæmu þeir til Akureyrar. Við vissum einnig að allir þýskir karlmenn yrðu teknir



*Frank og Margarete með Evu eins árs, við bústörfin á Vökuvöllum 1939.*

til fanga og settir í fangabúðir, jafnvel konurnar líka. Um þessar mundir hafði ég misst fóstur og var veikburða. Hugsunin um að ég yrði kannski að yfirgefa litlu dótturina var mér ofviða. Reyndar hafði vinkona okkar, Anna Rist, gift Þjóðverjanum Jakob Ruckert, boðist til að taka hana að sér, en það var engin huggun. Hjálpin kom þegar læknir okkar, Jón Geirsson, gaf út skriflegt vottorð um að ekki mætti flytja mig vegna vanheilsu.

Áður en Bretar komu til Akureyrar ákvað maðurinn minn að senda dóttur mína og mig til prestsfjölskyldu, sem við þekktum, nærri Dalvík. Ég var því ekki samþykkt, taldi að þetta yrði til hins verra, en allt hafði verið undirbúið, og formaður á báti hafði tekið að sér að sigla með Evu litlu og mig um kvöldið til Dalvíkur. Þegar við komum að skipshlið hafði hann reyndar skipt um skoðun og það skildi ég vel. Nú var það okkar ágæta vinkona frú Vilhelmina Þór, sem tók stjórnina að sér, ekki síst þar sem okkur var ætlað að búa hjá bróður hennar, prestinum.<sup>5</sup> Hún sendi okkur þangað með leigubíl.

<sup>5</sup> Hið rétta er að Vilhelmina Sigurðardóttir Þór og sr. Stefán Kristinsson á Völlum í Svarfáðardal, sem hér er líklega átt við, voru systrabörn.

Mjög vel var tekið á móti okkur en ég var óróleg, og þegar við viku seinna heyrðum að nú væru Bretar á leiðinni til Akureyrar, fór ég til baka þangað. Þetta var fyrirhafnarsöm ferð, fyrst á stórum sleða, svo með hestvagni, þá með áætlunarbíl og loks með leigubíl að Vökuvöllum. Maðurinn minn var ekki heima en þegar ég sá fulla tösku og vekjaraklukku sem átti að hringja mjög snemma morguns skildi ég að hann myndi ætla að fela sig til fjalla. Hann reiknaði með að einhverjir kunningjar hans myndu útvega sér mat. En hver myndi vilja taka slíka áhættu sjálfs sín vegna og sinnar fjölskyldu?

Næsta morgun komu svo Bretarnir í kaupstaðinn og ekki löngu síðar komu átta hermenn ásamt liðsforingja eftir veginum, í fylgd staðkunnugs manns. Þeir voru með byssur undir handleggjum eins og búist væri við mótspyrnu. Margar klukkustundir fóru í yfirheyrslur, rótað var í öllum okkar pappírurum og einnig öllum bókum, og læstar ferðatöskur voru brotnar upp án þess að biðja um lykla. Síðan fóru þeir með manninn minn niður í kaupstaðinn og settu hann í varðhald á Hótel Gullfossi. Næstu tvo daga fékk ég að tala við hann í 15 mínútur að þýskumælandi liðsforingja nærstöddum. Síðan var hann sendur til Reykjavíkur og var settur ásamt öllum hinum föngunum um borð í skip, sem skyldi fara til Kanada. Skipið varð fyrir tundurskeyti og sökk, þá drukknuðu margir skipverjanna.<sup>6</sup> Þeir sem lifðu af og höfðu verið tündir upp voru síðar fluttir til gæslubúða í Victoríu-ríki í Ástralíu. Á meðal þeirra var minn maður. Ég fékk sjálf að vera kyrr, en skyldi gefa mig fram daglega á bresku ræðismannsskrifstofunni hjá Mr. Gook á Sjónarhæð.

Á einum af Naustabæjunum þremur, hjá tveimur gömlum systurum, Önnu og Sænni, bjó einnig þýsk fjölskylda, Berta og Edmund Ullrich. Hann var handtekinn nokkrum vikum síðar og eftir það ákváðum við konurnar tvær að flytja saman, hjá mér. Kunningi okkar breytti litla húsinu á móti þannig að þar urðu tvö lítil herbergi og smátt fordyri. Þangað flutti Berta Ullrich og börn hennar þrjú, 13 ára, 3ja ára og 4ra mánaða gömul. Við héldum heimili saman og þar sem ég var aðeins með eitt barn en hún með þrjú, deildum við útgjöldum jafnt. Skömmu seinna fórum við að fá styrk frá Þýskalandi sem kom í gegnum sænsku ræðismannsskrifstofuna í Reykjavík.

<sup>6</sup> Skipið sem fórst mun hafa heitið Arandora Star.

Lífið gekk nú sinn vanagang, nema við höfðum áhyggjur af fjölskyldum okkar í Þýskalandi. Berta hafði útvarp með sér í húsið svo að við gátum hlustað á fréttir. Enda þótt við byggjum á milli tveggja breskra braggahverfa, annað var við kirkjugarðinn og hitt uppi við leiðina til Hamra, urðum við ekki fyrir óþægindum eða yfirgangi. Ég hafði látið gera gluggahlara svo að gluggarnir voru huldur á kvöldin og þetta gaf okkur líka öryggiskennd. Aðeins einu sinni, um laugardagskvöld, varð ónæði. Ég vaknaði við að það var barið að dyrum og stuttu seinna á hlerana, ég heyrði einhverjar karlmannaraddir, einnig að tautað var: „She wo’nt open“. Auðvitað lét ég ekkert í mér heyra en hins vegar kom hljóð frá litla hundinum mínum, og þeir fóru áður en ég þurfti að nota piparinn sem ég hafði alltaf tilbúinn. Þessa nótt snjóaði mikið en það hætti rétt eftir að hermennirnir fóru. Næsta morgun gat ég því rakið spor þeirra að braggahverfinu við Hamraleiðina og kvartaði við einn af liðsforingjunum. Eftir það fengum við að vera í friði.

Dag nokkurn kom ókunnugur maður eftir veginum. Hann stansaði við garðshliðið og við tókum tal saman. Mér skildist að hann væri Norðmaður en við töluðum ensku. Hann sagði að skip sitt lægi á höfninni og hann bauð mér líka matarleifar handa hænsnunum okkar ef ég vildi sækja þær. Skömmu síðar heyrði ég hann segja: „Ég er ánægður með að hafa fundið húsið.“ Þá varð ég aftur hrædd! Kannski væri þetta Norðmaður sem hefði flúið land, væri reiður yfir þýska hernáminu og vildi nú hefna sín á mér. Ég flýtti mér að segja honum að Bretarnir kæmu vel fram við okkur o.s. frv. Þá sneri hann við og flýtti sér til baka. Síðdegis þennan dag kom í heimsókn til okkar maður frá upplýsingaþjónustunni, það var venjubundin heimsókn sem átti sér stað næstum vikulega. Ég kvartaði við hann yfir bágindum mínum og sagði að þeir ættu að gera svo vel að vernda okkur úr því að þeir hefðu handtekið mennina okkar. Hann rak upp mjög stór augu og flýtti sér niður í bæinn. Þá var skipið farið.

Þrátt fyrir hernámið virtist bæjarlífið lítið hafa breyst. Reyndar mætti maður nokkrum hermönnum, en flestir þeirra voru við skyldustörf. Auðvitað kom fyrir að vinátta hæfist, sem innfæddum ungum mönnum líkaði miður. Á tímabili virtust menn eiga von á þýskri innrás og hermennirnir máttu ekki fara út án byssu. Við sáum að grafin voru nokkur vígi við Hrafnagil<sup>7</sup> og loftvarnaæf-

<sup>7</sup> Líklega er átt við Búðargilið.

ingar fóru fram. Hið litla býli okkar var á mjög opnu og óvörðu svæði og gat lent í skotlínu, svo að við komum okkur upp loftvarnabyrgi. Mjög djúp og þurr gryfja með plankabru yfir henni var upplögð í þessu skyni og við bjuggum þetta þannig út að í neyðartilviki gætum við öll haldist þar við. Brúin var við enda gryfjunnar, mjög nærri rimlagirðingu á milli lands okkar og nágrannanna. Auðvitað þurftu símalíðar hersins að fara að vinna þarna nokkrum dögum seinna og nota girðinguna í sambandi við símalögn. Þeir uppgötvuðu leyndarmál okkar og voru ánægðir með að geta sagt frá því. Mjög snarlega birtust rannsóknarmenn frá upplýsingaþjónustunni. Menn héldu að við byggjum yfir leynilegri vitneskju og vissum eitthvað um væntanlega innrás. Eins og við seinna komumst að, var sent út frá ókunnum stað og það skýrði hvers vegna miðunarbillinn birtist stundum utan við býlið okkar.

Okkur fannst þó hin gamla friðsæld enn ríkja. Uppákomur sem nú myndu ergja fólk og fengju umfjöllun í blöðunum voru þá aðeins til að hafa gaman af. Á björtu sumarkvöldi komum við út um dyrnar og sáum þá bíl í skurði ekki langt undan, og þetta var sjúkrabíll. Hvað var þetta? En svo fundum við út að einn af lögreglumönnum okkar, sem einnig ók sjúkrabíl, var að líta eftir kartöflugarði sínum upp við Hamravegin. Hann og vinur hans fengu sér kvöldferð og einnig eitthvað neðan í því. Þegar þeir óku aftur heim var lögreglumaðurinn til öryggis ekki sá sem sat undir stýri á sjúkrabílnum, heldur vinurinn, sem reyndar hafði aldrei fengið ökuskírteini. Við höfðum gaman af þessu og aðrir líka og þetta kom ekki í blöðunum.

Eitt svokallað þorpsfífl var líka til á Akureyri, en það var fyrir daga hernámsins. Maðurinn var ekki hættulegur en þurfti þó að vera í fangelsinu öðru hverju til að valda ekki of miklu ónæði. Fangelsið var í gamalli byggingu þar sem Hrafnagil<sup>8</sup> endaði, þar var líka fjós Jóns Geirssonar læknis. Morgun nokkurn þegar yfirvaldið vildi hleypa næturgestinum út úr fangelsinu reyndist klefinn tómur. Sængin lá í einu horni rúmsins, og maðurinn var heldur ekki undir rúminu. Lögregluþjónninn fór út fyrir dyrnar og velti þessu undri fyrir sér, en þá skaust fram hjá honum stór vera sem leit út eins og reytt hæna í fjaðraskýi og galaði hátt. Næturgesturinn hafði skorið á sængina og lagt sig inn í hana!

<sup>8</sup> Aftur líklega átt við Búðargilið.



Þar kom að ég hafði selt kýrnar og kindurnar og við keyptum mjólk hjá Jóni og Sæunni á Naustum. Sigurður Eiríksson og Fanney kona hans höfðu keypt stóra hænsna- og fjárhúsið. Þau áttu fjóra syni og höfðu breytt húsinu í íbúðarhús. Að stríðinu loksins loknu yrði ég neydd til að selja Vökuvelli og þau Sigurður fengu forkaupsrétt á okkar húsum og tilheyrandi afgangi lóðarinnar. Þegar að þessu kom reyndist erfitt fyrir Bertu Ullrich og mig að finna hentugan bústað. Við vildum gjarna halda áfram að búa utan við kaupstaðinn, og því keypti ég bragga úr aflögðu braggahverfi á Eyrarlandsholti.

Hér verð ég einu sinni enn að fara til baka í frásögninni. Árið 1942 fóru Bretarnir og Bandaríkjamenn komu í þeirra stað. Bæði braggahverfin í námunda við okkur voru þá lögð af og ég þurfti ekki lengur að gefa Mr. Gook skýrslu, en fór þess í stað einu sinni í viku til bandarísku upplýsingaþjónustunnar niðri á eyrinni. Þar þurfti ég líka að afhenda bréfin mín, ólokuð, svo að hægt væri að ritskoða þau. Þetta síðastnefnda var ekki mjög viðkunnanlegt, en þess utan voru samskipti okkar við Bandaríkjamennina miklu auðveldari. Þegar stríðinu lauk héldum við sameiginlega upp á það í braggahverfi þeirra.

Sumarið 1945 byrjaði ég svo að innrétta braggann, en Berta Ullrich var þá ráðskona hjá dönskum kunningja úti í sveit og hafði tekið börnin með sér. Ég hafði komist í kynni við tvo trésmíða-sveina sem komu eftir vinnu og á sunnudögum og þarna varð til góð lítil íbúð með tveimur herbergjum og stóru eldhúsi með borðkróki. Annar smiðurinn var myrkfelinn og kæmi hann að kvöldlagi einn til vinnunnar bað hann mig í mjög góðu að fylgja sér á eftir niður að fyrsta ljósi í kaupstaðnum, og á meðan skemmti hann mér með draugasögum. Á eftir gat ég svo gengið einsömum í hálf tíma í myrkrinu að Vökuvöllum, afskekktum bænnum.

Í septemberlok fluttum við svo inn í braggann okkar. Auk okkar bjuggu þarna tvær aðrar fjölskyldur í bröggum, en það var rúm-gott á milli og líka í kring. Hestamannafélagið Léttir var einnig með aðstöðu þarna, hesta ásamt hesthúsi og hlöðu. Oft var nokkurt fjör þarna, einkum eftir að flaskan hafði gengið hringinn, áður en farið var á bak.

Þar sem við fengum nú ekki lengur styrkinn, fundum við báðar okkur vinnu, en höguðum því þannig að önnur okkar væri alltaf heima barnanna vegna. Tvö þeirra gengu nú í skóla og voru stundum áreitt af því að þau voru Þjóðverjar. Elsta dóttir Bertu Ullrich

hafði 1944 gift enskum hermanni og flutt með honum til Englands. Tveimur árum seinna var ég orðin ein með Evu því að Berta flutti líka. Hún fékk ráðskonustarf í Skagafirði og taldi að þannig kæmist hún betur af fjárhagslega. Það gekk eftir og hún var þarna í mörg ár, þar til býlið var selt. Ég vann að hluta til heima sem saumakona en starfaði líka við þrif í Gagnfræðaskólanum í nokkur ár. Með þessu móti þurfti Eva sem minnst að vera ein. Þetta breyttist þó þegar ég fékk vinnu í hinni nýju súkkulaðiverksmiðju, Lindu. Þjóðverji nokkur hafði verið ráðinn til að setja upp og stjórna verksmiðjunni og ég skyldi í leiðinni vera túlkur. Kawalki, eins og maðurinn hét, var viðkunnanlegur og ráðvandur eldri herra, en þarna var hann ekki á réttri hillu. Hann hafði eitt sinn átt stóra súkkulaðiverksmiðju í Danzig, en það voru að minnsta kosti 20-30 ár síðan hann hafði annast vélar eða sinnt annarri verksmiðjuvinnu. Hann hafði lent á flóttu og misst nærri allt sitt. Vinnuna á Íslandi sem „all round man“ hafði hann skilið öðru vísi, frekar sem stjórnunarstöðu. Eftir tæp tvö ár var honum skipt út fyrir annan Þjóðverja, yngri mann. Sá var duglegur í starfi, en eins og fyrirrennarinn var hann slæmur á taugum og því ekki auðvelt að vinna með honum.

Tveimur árum áður hafði fyrsti þýski fiskikútturinn birst. Við vorum auðvitað mjög ánægð og fórum að skipinu til að fá fréttir frá Þýskalandi. Við skildum þó skjótt að ekki var komið til að fiska heldur til að skipta á varningi, klæðavöru, úrum, silfri og þvíumlíku í staðinn fyrir matvöru. Áhöfnin sagði reyndar íslensku lögreglunni að ætlunin væri að fiska við Grænland og líka ætti að reyna veiðar á moskusuxum, og sýnd voru einhver veiðarfæri. Síðar komst ég að því að skipið var stöðvað í tollinum í Þýskalandi. Í stórum tunnnum og kössum fundust undir þunnu saltfisklagi alls konar eftirsóttar matvörur. Ég kenndi í brjósti um skipverjana enda þótt eigandi skipsins stundaði smygl.

Í september 1951 hætti ég að vinna í verksmiðjunni. Í millitíð hafði ég skilið við manninn minn og í maí 1952, skömmu eftir brúðkaup mitt með hinum núverandi danska manni, fórum við frá Íslandi, ásamt Evu dóttur minni og hinni litlu sameiginlegu dóttur okkar sem fæðst hafði 1951.

Ísland hafði mikla þýðingu fyrir mig. Þar hitti ég margt ágætis-fólk og mun aldrei gleyma vináttu þess, hjálpfýsi og gestrisni. Enn í dag, eftir 40 ár, á ég í bréfaskiptum við sumt af því, og mig dremmir oft um að fara til landsins í stutta heimsókn, sjá aftur fólk-

ið og finna fyrir hinni ógleymanlegu náttúru – og norðurljósunum! En – nú er ég orðin átræð!<sup>9</sup>

*(Björn Teitsson þýddi úr dönsku og samdi meðanmálsgreinar)*

### Eftirmáli ritstjóra

Frank Hüter var talinn vera sósíalisti þegar hann kom til Íslands. Werner Gerlach ræðismanni Þjóðverja í Reykjavík 1939-40 virðist þó hafa tekist að gera Hüter að trúnaðarmanni sínum nyrðra, því að hann er sagður hafa gengið í Nasistaflokkinn nokkru eftir yfirreið ræðismannsins norður. Sagt er að Margarete kona Hüters hefði verið í flokknum lengur og skrifast á við frú Gerlach um flokksmálefni eftir að kvennadeild nasista hafði verið stofnuð 1939.<sup>10</sup> – Vera kann að Gerlach hafi verið kunnugt um einhverjar ávirðingar eða misferli Franks á Akureyri og í krafti þess getað fengið hann til að styðja málstað þýsku ríkisstjórnarinnar á þessum tíma.<sup>11</sup>

Getið er um Hüter-hjónin í bók Jóns Hjaltasonar um hernámsárin á Akureyri og Eyjafirði. Frank virðist hafa verið handtekinn fyrstur Þjóðverja í bænum. Talið er að ýmsir á Akureyri hafi haft illan bifur á Frank en Margarete var talin andstæða hans, ljúf og skrafhreifin.<sup>12</sup>

Nefnt skal hér að Margarete þekkti eitthvað Kuhn-fjölskylduna sem sagt er frá í þessu hefti Súlna í grein Diðriks Jóhannssonar, Sauðfjárvarsla á Glerárdal. Er vitað að Margarete heimsótti fjölskylduna þegar hún bjó á Kífsá norðan og ofan Akureyrar um 1947.<sup>13</sup>

Baldri J. Baldurssyni, Þór Whitehead prófessor og Jóni Hjaltasyni er þökkúð veitt aðstoð við frágang frásagnarinnar hér að framan, einnig Ragnheiði Gestsdóttur dönskukennara sem yfirfór og lagfærði þýðingu aðaltextans.

<sup>9</sup> Þessa frásögn sína um Akureyrarárin skráði Margarete á dönsku upp úr 1990.

<sup>10</sup> Þór Whitehead, *Ísland í síðari heimsstyrjöld – Stríð fyrir ströndum* (Almenna bókafélagið, Reykjavík 1985), bls. 118.

<sup>11</sup> Sögn Baldurs J. Baldurssonar.

<sup>12</sup> Jón Hjaltason, *Hernámsárin á Akureyri og Eyjafirði* (Bókauktgáfan Hólar, Akureyri 1991), bls. 24-25, 133-134.

<sup>13</sup> Sögn Diðriks Jóhannssonar.

DIÐRIK JÓHANSSON

## Sauðfjárvarsla á Glerárdal

*Diðrik Jóhannsson er fæddur 4. ágúst 1934 í Marburg í Þýskalandi. Hann flúði eftir stríðslokun 1945 með fjölskyldu sinni frá yfirvofandi hernámssvæði Sovétríkjanna til Hamborgar og með móður og bræðrum til Íslands í september sama ár. Fór utan 1949 en sneri aftur til Íslands árið 1954, gekk í Bændaskólann á Hólum og lauk þaðan búfræðiprófi. Starfaði við nautgripasæðingar*



*í Borgarfirði og var síðan framkvæmdastjóri Nautastöðvar Búnaðarfélags Íslands á Hvanneyri til starfsloka. Býr nú á Akureyri. Árið 1955 öðlaðist hann íslenskan ríkisborgararétt og breytti þá nafni sínu eftir að hafa heitið frá fæðingu Dietrich Kuhn.*

Faðir minn, dr. Hans Kuhn (1899 – 1988), áður og síðar prófessor í norrænum fræðum í Kiel í Þýskalandi, komst til Íslands vorið 1947 eftir aðskilnað við móður mína og okkur fimm bræður frá stríðslokun 1945.<sup>1</sup> Móðir mín, Elsa Jensen (1903 – 1974), var dóttir Soffíu, systur Jóhanns Sigurjónssonar skálds frá Laxamýri. Þau giftu sig 1931 og eignuðust fimm syni, Gústav f. 1932, Jóhann 1933, höfund þessarar frásagnar 1934, Wilhelm 1941 og Hermann

<sup>1</sup> Hans Kuhn fæddist í Minden í Westfalen. Hann kom fyrst til Íslands 1922 og dvaldist þá á Akureyri í tvo vetur. Hann var mikill útivistarmaður og ferðaðist gangandi víða um land 1923-24, 1927 og 1929, og safnaði t.d. ýmsum búsmunum, sem eru á safni í Hamborg. Hans og Elsa kynntust vafalítið á Akureyri, hún mun hafa sótt þýskutíma hjá honum. Elsa flutti til Þýskalands til hans 1930. Hans Kuhn er annar aðalhöfundur tveggja fyrri binda verksins *Úr torfbæjum inn í tækniöld I-III* (Reykjavík: Örn og Örlygur 2003). Um ævi þeirra hjóna er einkum rætt í II. bindi ritsins á bls. 19-23 og um gæsluna á Glerárdal sérstaklega á bls. 231-232. Fram kemur að Hans og Elsa gáfu Lögmannshliðarkirkju silfurskál.




*Foreldrar Diðriks við giftingu. Tekið í Þýskalandi.*

í mars 1945. Móðir mín bjó með okkur fimm strákana á jörðinni Kífsá fyrir ofan Akureyri frá því um vorið 1946 til hausts 1949. Faðir minn fékk sem sagt ekki að koma til Íslands fyrr en 1947.

Á árunum 1947 til 1949 stóð Sauðfjárjúkdómanefnd ríkisins fyrir vörslu sauðfjár fremst á Glerárdal. Sumarið 1947 vantaði tvo menn til vörslu á Glerárdalinn til að koma í veg fyrir að sauðfé í hinu svokallaða miðhólfi Eyjafjarðar, sem náði frá norðurmörkum Akureyrar suður í gamla Hrafnagilshrepp, leitaði fram Glerárdal og til suðausturs inn í Eyjafjörð, þar sem mæðiveiki hafði stungið sér niður og breiddist hratt út.

Allt sauðfé hafði verið skorið niður í miðhólfinu haustið 1946 og lömb keypt frá heilbrigðum svæðum og átti hólfið eftir það að heita „hreint“. Glerárdalur er vestast í hólfinu. Jafnframt átti að varna því, að fé kæmist norðvestur úr dalnum í stórt hólf, sem náði yfir svæðið norðan Akureyrar, Hörgárdal, Öxnadal og allt vestur í Skagafjörð að Héraðsvötnum eystri. Á því svæði geisaði garnaveiki. Upphaflega átti að girða Glerárdal af þarna efst en aldrei varð úr því og kom varslan í stað girðingarinnar.

Bæði mæðiveiki og garnaveiki bárust til landsins með Karakúlfe árið 1933 og breiddust hratt út um mestallt landið. Með þessum innfluttu kindum fylgdu vottorð þýskra dýralækna um heilbrigði þessara gripa. Sigurður Sigurðarson dýralæknir hafði árið 1973 tal af bónda á sauðfjársjúki á þessu svæði, sem sagðist muna eftir send-



Íslandskort sem sýnir gönguleiðir Hans Kuhn um landið á árunum 1923-29. Tekið úr ritgerð eftir Hans Kuhn, *Island-Wanderungen* (úr sérprenti *Island-Wanderungen*).

ingunni til Íslands árið 1933. Sá fullyrti, að féð hefði verið fjarri því að vera heilbriggt, öllum vanhöldum var bara leynt með því að urða hræin.<sup>2</sup>

Varðveist hafa starfssamningar þessara tímabila, þ.e.a.s. fyrir sumarið 1947 og nánast samhljóða fyrir árin 1948 og 1949. Þar segir m.a.: „Við undirritaðir Halldór Ásgeirsson f.h. Sauðfjárjúkdómanefndar ríkisins og prófessor Hans Kuhn, Kífsá, gerum með okkur svohljóðandi samning: Ég Hans Kuhn tek að mér, ásamt syni mínum Gústav, vörslu á Glerárdal fyrir Sauðfjárvarnirnar sumarið 1947. Ráðningartími hefst 15. júlí þ. á. og er til 15. sept. þ. á. Þó skal tími sá framlengjast um nokkra daga ef þess er talin þörf [...] Skylt skal varðmönnum að fara eftir fyrimælum varðstjóra í einu og öllu og rækja störf sín af fyllstu samvirkusemi. Matur og olía skal þeim færð á hálfsmánaðarfresti.”

Í samningnum 1948 er Jóhann nefndur til vörslunnar og 1949 undirritaður. Í rauninni var þó Gústav, sá elsti okkar, lungann af sumrunum af ýmsum ástæðum með pabba við gæsluna. Sumarið 1947 héldu þeir feðgar til í tjaldi, reyndist það oft lélegur svefn-

<sup>2</sup>Sigurður dýralæknir (Bókaútgáfan Hólar 2011), bls. 146.



*Tjaldið sem verið var í fyrst á Glerárdal og hundurinn Snati.*

staður, sökum þess að mjög hvöss veður eru þarna fremst á Glerárdal á hinum svokölluðu Söndum, rúmlega 2 km ofan við núverandi sæluhús Ferðafélags Akureyrar, Lamba. Tjaldið var sæmlega stórt og tók á sig mikinn vind, slóst mikið upp og niður og sloknaði þá stundum á eldunarstæði. Tjaldið stóð rétt vestan Glerár og á sama stað reistu Magnús Stefánsson (1907 – 2000) og Bernharð Helgason (1893 – 1976) árið 1948 kofa úr klömburum og torfi. Þakið var með risi, engar stoðir, en sperrurnar lágu á vegg-lægjum, að innan var kofinn klæddur striga. Í bréfi mömmu frá september 1948 til tengdamóður sinnar segir hún, að nú séu Hans og Jóhann fluttir í kofa, sem verði þeim betra skjól en tjaldið hingað til, sérstaklega í hvassviðrum uppi í dalnum. Á kofanum var gluggi á suðurstafni og tvískipt hurð yst að austan. Milli rúmbálka var lítið borð undir glugganum, annað rými var þröngt, innanmál um 2,3 x 3,7 m.<sup>3</sup> Aðkoman að kofanum í miðjum júlí 1949 var afleit, allir veggir gegnsósa af raka og frost enn í gólfi. Kofatóftin stóð vel fram yfir miðja 20. öld.

Þabbi kallaði kofann „Halldórsstaði“ eftir Halldóri Ásgeirssyni, sláturhússtjóra með meiru hjá KEA og festist það nafn fljótt. Í

<sup>3</sup> Úr bréfi Magnúsar Stefánssonar 1988 til Magnúsar Kristinssonar ritstjóra bókarinnar *Úr torfbæjum inn í tækniöld*.



*Hans Kuhn framan við kofann Halldórsstaði á Glerárdal.*

bréfi Ásgeirs, sonar Halldórs í sept. 1950 talar hann um Halldórsstaði og að þeir séu nú komnir í eyði. Það hefði orðið erfitt að þurrka kofann í votviðratíð eins og var á Norðurlandi um sumarið. Nafnið var greinilega notað strax í fjölskyldunni sem og síðan.

Samkvæmt samningi voru vistir fluttar fram í Glerárdal á hálfsmánaðar fresti. Flestar ferðir fór áðurnefndur Magnús Stefánsson á reiðhestinum Mósa og hafði Blesa sem burðarhest undir allan farangurinn. Vilhjálmur Jónasson á Hesjuvöllum leigði klárana til fararinnar. Magnús tók pöntunarseðil til baka, því að panta varð fyrir 3. og 4. viku fram í tímann, m. a. kjöt, fisk og mjólk, sem reynt var að geyma eins lengi og hægt var í köldum læk eða jarðholu. Mest allt vatn, sem notað var, kom úr jöklunum. Þeir umlykja dalsbotninn og gnæfa í allt að 1400 til 1500 m hæð yfir sjávarmál.

Fyrsta sumarið komu pabbi og Gústav sér upp ákveðnum vinnureglum.<sup>4</sup> Þeir skiptust daglega á að ganga vestara og syðra svæðið og fundu ákveðnar leiðir, þar sem best sást yfir brekkurnar og gilin svo hvergi gætu leynst kindur. Þeir ræddu á kvöldin um reynslu dagsins, hvort og hvar kindur sáust. Aðeins var farið út einu sinni á dag og þá verið að mestallan daginn eða eins og nauðsyn krafði. Pabbi var með sjónauka og sá vel yfir mótliggjandi dalshlutann, ef þoka eða snjócoma byrgði ekki sýn. Það snjóaði öll sumrin ein-

<sup>4</sup> Munnleg heimild, Gústav Kuhn. 2014.



Uppkast að pöntun fyrir  
16. ágúst (þýðing úr þýsku):

Kjöt úr frystihúsi  
fiskur  
1 ltr. rjómi  
2 kg skyr  
3 rúgbrauð  
1 stórt hveitibrauð  
1 kg álegg (pýlsur)  
1 kg gróft salt  
1 kg frónkex  
½ kg kaffi  
½ kg þurrmjólk  
1 kg hveiti  
1 kg slátur  
½ kg ostur

Laufhellum (Halleldur) númer 16. Vm.  
Fjörfj (þjófnaðar)  
Fjör  
12 Stofur  
2 kg slátur  
3 þjófnaðar  
1 (þjófnað) þarfiþrot  
1 ½ kg þarfiþrot  
1 kg. gróft salt  
1 kg. frónkex  
½ kg. Stofur  
½ kg. þurrmjólk (þurrmjólk)  
1 kg. þurrmjólk  
1 kg. slátur  
½ " Stofur

Pöntunin er skrifuð með þýsku letri, sem Hans notaði á meðan hann sá til. Hann ritaði afar smáa stafi en mjög læsilega fyrir þá sem gátu lesið þetta letur.

hverja daga þarna framfrá og væntanlega hefur féð ekki leitað til fjalla í snjókomu. Öllu fé sem sást, var stuggað niður Glerárdalinn.

Með þeim feðgum fór heimilishundurinn Snati á Glerárdalinn. Hann strauk heim og var ekki reynt að halda í hann. Snati var ekki vanur að vera notaður sem fjárhundur. Alltaf notuðum við um 130 cm langa stafi til að auðvelda ferðina og komast yfir læki og daglega yfir Glerána. Hún er að vísu venjulega ekki djúp þarna framfrá, en vatnið gat fljótt vaxið í lækjunum og þeir þá orðið misillir yfirferðar frá einum degi til annars, eða jafnvel frá morgni til kvölds. Í strjálum frítúmum lásu þeir feðgar eða skrifuðu sér eitt-hvað til gagns og dægurstyttingar. Pabbi reyndi að skreppa heim í Kífsá í tilefni afmæla þar. Fjarlægðin heim var ekki hindrun fyrir hann, hann gekk ætíð hratt og var léttur á sér.

Pabbi var vanur að ferðast um íslenskt landslag, hafði m.a. gengið einn suður Sprengisand, farið í göngur á Holtamannafrétti og bæði í fjárleitir og hrossasmölun á Vatnsdalsfrétti, auk þess að fara fótgangandi um allt land, þó mest um Norðurland og Vestfirði. Þessi ferðalög hans voru farin á þriðja áratug síðustu aldar.

Einhversstaðar á ferðum sínum um Glerárdal sumrin 1947 til



*Fjölskyldan á Kífsá um 1948. Elsa og Hans aftur, frammar synirnir frá v. Hermann, Gústav, Wilhelm, Jóhann, Diðrik.*

1949 veitti hann athygli einkennilegu jöklafrírbrigði, sem náttúrufræðingar gátu ekki skýrt fyrir honum þá. Sex árum síðar birtist grein fræðimanns, þar sem hann lýsir þessu sérstæða náttúrufrírbrigði sem „grjótjökulum“. Þeir hafa myndast, þegar mikið af grjóti hefur blandast jökulís.

Hjörtur E. Þórarinnsson á Tjörn í Svarfaðardal segir í bók sinni *Saga Sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu* um lok fjárveitinga sýslunnar til sauðfjárveikivarna: „En það góða í svo vondu máli er að sjálfsögðu það, að varnirnar héldu á meðan nauðsynin krafði”.<sup>5</sup> Haustið 1949 var öllu fé slátrað á svæðinu frá eystri Héraðsvötnum og meginhluta Eyjafjarðar, alls um 44.000 kindum og fjárlost var síðan til hausts 1950. Um 21.000 lömb voru þá keypt frá Vestfjörðum og úr Þingeyjarsýslum. Með fáum undantekningum, þar sem sýkt fé á grunuðum bæjum var strax skorið, reyndist þetta svæði eftir það laust við sauðfjárjúkdóma úr Karakúlkindunum.

Fjölskylda Hans Kuhn flutti í októberbyrjun 1949 aftur til Þýskalands. Pabbi tók á ný við stöðu sinni við Norrænudeild háskólans í

<sup>5</sup> Héraðsnefnd Eyjafjarðar gaf út 1991, bls. 76 í síðara bindi.


Kiel, mamma leitaði sér lækninga við bakmeini og við bræðurnir settumst á skólabeck. Pabbi gegndi stöðu sinni þar til hann náði sjötugsaldri. Í viðurkenningarskygni fyrir störf hans að málefnum Íslendinga og rannsóknir á íslenskum fræðum var honum veittur stórriddarakross hinnar íslensku fálkaorðu árið 1956. Þegar Háskóli Íslands varð fimmtugur árið 1961 sæmdi Háskólinn hann heiðursdoktorstitli.

Hann lést árið 1988 á nítugasta aldursári eftir að hafa verið blindur síðustu ellefu árin.

SIGURJÓN SIGTRYGGSSON

## Carl Júlíus Grönvold á Siglufirði

*Sigurjón Sigtryggsson fæddist á Hæringstöðum í Svarfaðardal 2. júlí 1916 og missti ungu föður sinn. Hann var sjómaður á Ólafsfirði um skeið en fluttist til Siglufjarðar 1945. Þar starfaði hann við veiðarferagerð, fiskvinnslu og fræðimennsku. Eftir hann liggur m.a. þriggja binda verkið *Frá Hvanndölum til Úlfdala. A.m.k. sex þættir hafa áður birst í Súlum eftir Sigurjón, síðast 1996. Hann andaðist 10. maí 1993.**



Carl Júlíus Grönvold fæddist á Vopnafirði 7. október 1858. Faðir hans var Carl Johan Grönvold, verslunarstjóri þar, sem dó fertugur að aldri 10. júlí 1866 og lét eftir sig ekkju og fjögur ung börn.<sup>1</sup> Kona hans og móðir Carls Júlíusar hét Herdís María Porvaldsdóttir (1837-1908), bónda á Eyrarlandi í Eyjafirði, Jónssonar bónda á Vöglum á Þelamörk Benediktssonar. Eyrarlandssystur voru margar og mikilhæfar. Frá einni þeirra, Soffíu, er komin Becksætt. Ríkharð Beck prófessor var sonarsonur hennar. Frá Oddnýju er komin Lilliendahlætt, sem átti upphaf sitt í Vopnafirði en varð síðar þekktust á Akureyri og í grannsvæitum.

Alsystkini Carls Júlíusar, öll yngri en hann, voru:

1. Gustav Valdemar Grönvold (1859-1888), verslunarmaður.
2. Octavía Stefanía Grönvold (1861-1886), giftist sr. Jóni Halldórssyni á Skeggjastöðum, dó af barnsförum.

<sup>1</sup> Sbr. Norðanfara, Akureyri 1866, bls. 40. – Faðir Carls Johans Grönvold var tollvörður í Danmörku og hét Carl Christian Grönvold, ættin var að mestu dönsk. Bróðir Carls Johans hét Friðrik Grönvold (1835-1891), sem var verslunarmaður á Djúpavogi og Papósi um skeið og eignaðist börn hérlendis með íslenskrí konu sinni (sbr. *Múlaping* nr. 21, 1994, útg. Héraðsnefnd Múlasýslna, bls. 56-65). Hér er einnig stuðst við upplýsingar frá Nönnu Halldóru Sigurðardóttur hjá Ættfræðilþjónustunni ORG, en hún er afkomandi Friðriks.

3. Þorvaldur Grönvold (1862-1943), beykir, flutti um tvítugt til Gautaborgar, bjó síðan þar, kvæntist sænskri konu.<sup>2</sup>

María Þorvaldsdóttir giftist aftur 1873 og átti þá Vigfús Sigfússon. Foreldrar hans voru Sigfús bóndi í Sunnudal Sigfússon bónda á Hafrafelli Jónssonar og kona hans Dagbjört Arngrímsdóttir frá Víðivöllum í Fnjóskadal. Vigfús var fyrst „borgari“ á Vopnafirði en flutti til Akureyrar og gerðist þar veitingamaður. Þau María áttu nokkur börn sem ættir eru frá:

1. Jóhann Karl, kaupmaður á Akureyri. Framkvæmdamaður mikill en dó langt um aldur fram 9. nóvember 1905. Hann var þá að undirbúa stórútgerð á Siglufirði og hafði keypt þar miklar lóðir og lendur. Ekki fæ ég varist þeirri hugsun að Norðmenn hefðu ekki getað hreiðrað svo um sig á Siglufirði sem raun varð á, ef Jóhanni hefði orðið lengra lífs auðið. Ókunnugt er mér um afkomendur hans.
2. Ágústa Margrét, fyrri kona Olgeirs Friðgeirssonar verslunarstjóra á Vopnafirði. Hún dó að fyrsta barni.
3. Maren Petrea, kona Einars Gunnarssonar verslunarstjóra á Akureyri.
4. Oddný Ólöf, kona Ingólfs Gíslasonar læknis.

Kona Carls Júlíusar Grönvold var Karólína Vilborg Jónasdóttir, fædd 15. mars 1866. Foreldrar hennar voru Jónas Pálsson bóndi í Vatnsdal í Skeggjastaðahreppi og kona hans Karólína Soffía Eymundsdóttir. Þau fluttu til Akureyrar á efri árum. Ættir þeirra hjóna hef ég ekki öruggar.

Líklega er þá nóg komið af ættfræðinni og best að snúa sér að öðru. Raunar er furðu lítið vitað um Grönvold. Ég held þó að hægt sé að fullyrða að hann hafi verið vinsæll af almenningsi, en hinu er ekki að neita að hann fékk vitar frá yfirboðurum sínum fyrir trassamennsku. Til þess lágu viss atvik. Það var 3. október 1892 að gerði stórbrim og sjávarflóð sem færði Eyrina í Siglufirði í kaf. Þetta gerðist alltaf með nokkurra ára millibili þar til settur var varnargarður norðan á Eyrina. Síðasta flóðið kom 1934.

Í þessu flóði, 1892, eyðilagðist mikið af varningi. Í sjóinn fóru 460 lýsisföt, en 370 björguðust aftur úr fjörum víðs vegar við fjörðinn, með ærinni fyrirhöfn og kostnaði. Mikið fór af timbri, tunnnum og alls konar lausagóssi. Nokkrar kjöttunnur töpuðust.

<sup>2</sup> Upplýsingar um þessi þrjú systkini Carls Júlíusar eru frá Karli G. Smith. Hann bætir því við að öll systkinin fjögur hafi verið send til náms í Kaupmannahöfn, sem ekki hafi verið algengt á þessum árum.



*Carl Júlíus Grönvold.*



*María Þorvaldsdóttir, móðir  
Carls Júlíusar.*

Grönvold skrifaði Davíð prófasti Guðmundssyni á Hofi um þetta tjón 18. október en séra Davíð var þá formaður Gránufélags. Christen Havsteen var þá kaupstjóri og sat í Kaupmannahöfn. Hann skrifaði einnig séra Davíð 5. mars 1893 og segir þar: „Ljótt var tjónið sem félagið varð fyrir á Siglufirði í haust, en því miður sýnist mér af lista þeirra Gunnars og Grönvolds yfir vörurnar sem misstust að allt tjónið sé ekki guði að kenna heldur trassamennsku Grönvolds, þar sem borðviður og ýmsar tunnur með meiru er ekki komið í hús í byrjun október... Mér finnst hart ef félagið á að bera þennan skaða að öllu leyti.“ Havsteen hefur talið sig vita hvað hann sagði. Hann var við Siglufjarðarverslun um eða yfir 20 ár. Hvort Grönvold hefur orðið fyrir einhverjum kárinum af þessum sökum veit ég ekki, en trúlega hefur svo ekki verið.

Grönvold fékkst ofurlítið við útgerð fyrir eigin reikning. Hann átti lítið hákarlaskip, minnsta skipið í flotanum, tæpar 10 lestir. Oft fiskaðist þó vel á „Storm“ litla. Hann var síðast gerður út 1905 og eigandi sagður frá Grönvold. Hún virðist því hafa gert Storm út frá Siglufirði þó sjálf væri hún flutt þaðan. Stormur litli var annað tveggja skipa sem gerð voru út til síldveiða með reknet frá Siglufirði 1903. Haustið 1903 keypti Grönvold fyrir eigin reikning norskt skip, kúttur „Róbert“. Honum auðnaðist aðeins að ganga frá þessum kaupum áður en hann dó. Gránufélagið gekk inn í þessi kaup og átti Hektor (svo) í nokkur ár.

Geta má þess að Grönvold hafði einnig nokkurn búrekstur.



*Fjölskyldumynd, frá v. Polly, Kveldúlfur, Vilborg amma með Gunnar Smith, Selma og Octavia.*

Hann keypti jörðina Hól, hér innan við bæinn, 1891 og hafði þar búrekstur á hálfri jörðinni. Um það eru ekki frekari heimildir og ekki vitað um bústofn eða hvernig þessum búskap var varið.

Ein er sú saga um Grönvold sem mér finnst lyfta honum nokkuð upp yfir meðalmennskuna í kaupmannastéttinni. Sumarið 1895 strandaði skip hér utan við fjörðinn vestanverðan. Grönvold var beðinn að útvega menn til að bjarga úr skipinu því sem hægt væri. Hann smalaði saman tólf manna flokki sem fór á vettvang og vann að björgun frá kl. 6 síðdegis, alla nóttina og til kl. 11 næsta dag. Þá komst skipstjórinn að því að Grönvold hafði lofað mönnum 50 aurum á tímann. Þetta blöskraði hinum danska skipstjóra svo mjög að hann lét hætta störfum og heimtaði úrskurð sýslumanns um hvort hann þyrfti virkilega að borga svona svimhált kaup. Grönvold var stífur á sinni meiningu að mennirnir væru ekki ofhaldnir af þessu kaupi fyrir að standa í sjó upp á brjóst og vinna þrælavinnu. Hann hafði sitt fram. Mennirnir fengu sína 50 auru en skipstjóri lét ekki bjarga meiru úr skipinu en komið var. Ég man ekki eftir að hafa lesið um það annars staðar að kaupmaður hafi staðið með verkamönnum í kaupdeilu, eða að kaupmaður hafi viðurkennt ótilneyddur að vinna við óvenju erfiðar aðstæður ætti að greiðast með herra kaup.

### **Viðauki frá ritstjóra**

Frásögnin hér að ofan eftir Sigurjón Sigtryggsson er tekin úr bréfi frá honum til Karls G. Smith dags. 2. desember 1983, en hún hefur

verið lagfærð þó nokkuð. Til fróðleiks skal nú bætt við nokkrum atriðum sem snerta æviferil Carls Júlíusar Grönvold.

Í líkræðu yfir Grönvold segir að hann hafi ekkert mátt aamt sjá, sem virðist mjög sennilegt. Í ræðunni kemur reyndar mjög lítið áþreifanlegt fram um ævi hins framlíðna, enda er hún fremur mæðarfull að þeirrar tíðar hætti. Þó er sagt frá því að Grönvold hafi aflað sér menntunar erlendis.<sup>3</sup> Þar mun hann einnig hafa verið við verslun. Hann var frjálsslyndur í skoðunum og mun hafa stutt Heimastjórnarflokkinn. Að líkamsburðum var hann hraustmenni og einnig íþróttamaður, t.d. orðlögð skytta.<sup>4</sup> Carl kom fyrst við sögu Gránufélagsins á Siglufirði 1883, þá um 25 ára. Síðan var hann verslunarstjóri í Liverpool á Seyðisfirði um hríð. Hann var útibússtjóri Gránufélagsins á Vestdalseyri við Seyðisfjörð á árunum 1886-89. Þá fluttist hann á ný til Siglufjarðar, þar sem hann bjó og annaðist verslun Gránufélagsins til æviloka.<sup>5</sup> Varðveitt eru ýmis bréf sem fóru á milli Grönvolds og Tryggva Gunnarssonar kaupstjóra félagsins frá þessum tíma. Oft var hart í ári. Svo virðist sem Tryggvi hafi talið 1888 að félaginu vegnaði ekki vel á Vestdalseyri undir stjórn Grönvolds, vegna reynsluleysis hans.<sup>6</sup> En 1891 og aftur 1893 fékk Grönvold, nú á Siglufirði, þá viðurkenningu að hann léti bræða ágætt lýsi og frá engum kæmi betur verkaður saltfiskur.<sup>7</sup> Svo virðist sem Tryggvi hafi stundum talið að Grönvold hefði fullmikla samúð með bændum þegar lágt verð var boðið í afurðir þeirra.<sup>8</sup>

Til er vitnisburður um að Grönvold hafi verið gleðimaður og höfðingi í lund, bráðgáfaður, fyndinn og fjörugur. Hann bjó á Siglufirði með fjölskyldu sinni í svonefndu faktorshúsi, þar sem síðar lá Gránugata, beint suður af Norðurgötu 1.<sup>9</sup>

Um Grönvold segir Guðmundur S. Th. Guðmundsson í Siglufjarðarbréfi í blaðinu Norðurlandi: „Faktor Grönvold bauð um 40 börnum á „jólattré“ á jóladagskvöld, og mörgum foreldrum

<sup>3</sup> Líkræða sr. Bjarna Þorsteinssonar, í ljósríti.

<sup>4</sup> Gjallarhorn, 1. töl., Akureyri 1904, bls. 4.

<sup>5</sup> Þorkell Jóhannesson og Bergsteinn Jónsson: Tryggvi Gunnarsson II, Reykjavík 1965, bls. 334, 336, 337. - Bergsteinn Jónsson: Tryggvi Gunnarsson IV, Reykjavík 1990, bls. 57.

<sup>6</sup> Bergsteinn Jónsson, 1990, bls. 186.

<sup>7</sup> Sama heimild, bls. 238, 281.


<sup>8</sup> Sama heimild, bls. 264.

<sup>9</sup> Jón Jóhannesson: Siglufjarðarprestar. Rit Sögufélags Siglufjarðar I, Akureyri 1948, bls. 202.



barnanna, og veitti þeim og börnunum af hinni mestu rausn, eins og þeim hjónum er lagið; sérstaklega lét Grönvold sér ant um að fátækustu börnin fengu sem mest af sælgætinu og gullunum af jólatrénu; var unun að sjá hvað börnin voru glöð og ánægð þegar þau hoppuðu í kringum tréð, syngjandi og hlējandi.<sup>10</sup> Þetta hafði gerst um jólin 1902.

Í bréfi til Tryggva Gunnarssonar dags. á Siglufirði 23. febrúar 1890 segir Grönvold að sóknarnefndin hafi beðið sig að panta hjá Tryggva við til kirkjubyggingar þar á eyrinni, og biður hann um að hann verði við tilmælunum og



*Kirkjan á Siglufirði sem Grönvold pantaði efni í.*

ekki dýrseldur. Með fylgir pöntunarlisti. Lagt er sérstaklega í vald Tryggva að ráða því hvort sent verði járnþak í staðinn fyrir spón.<sup>11</sup> Kirkjan sem um ræðir var byggð haustið 1890 og vígð síðasta sunnudag fyrir jól það ár. Yfirmiður var Bjarni Einarsson skipasmíður. Fullsmíðuð kostaði hún 4000 krónur. Síðast var þar haldin guðsþjónusta í ágúst 1932 og kirkjan rifin um haustið.<sup>12</sup>

Carl Júlíus Grönvold mun hafi verið oddviti hreppsnefndar Hvanneyrarhrepps 1893-98. Hann andaðist úr taugaveiki eftir tólf sólarhringa legu á Siglufirði 23. desember 1903, aðeins 45 ára. Vilborg ekkja hans fluttist þá með börn sín fimm til Akureyrar en þaðan 1912 til Reykjavíkur. Þar andaðist hún 25. febrúar 1926, tæplega sextug.

Börn Carls Júlíusar og Vilborgar voru alls sjö:<sup>13</sup>

1. Octavía Stefanía (Smith) fæddist á Seyðisfirði 15. apríl 1886 og lést í Reykjavík 7. des. 1935. Hún giftist 11. nóvember 1907 Paul W. Smith símaverkfræðingi og fyrsta símsstöðvarstjóra á Akureyri (1906-07), sem kom frá Noregi og var einn

<sup>10</sup> Norðurland, 2. árg. 23. tbl., 28. febr. 1903, bls. 92.

<sup>11</sup> Bréf Grönvolds til Tryggva. Í bréfasafni Tryggva Gunnarssonar í Mynt- og skjalasafni Seðlabanka Íslands.

<sup>12</sup> Siglufirðingabók, I. árg., Siglufirði 1975, bls. 34.

<sup>13</sup> Upplýsingar um þau eru að mestu komnar frá Karli G. Smith.

af verkfræðingum Ólafs Forberg sem komu til Íslands upp úr 1900 vegna lagningar landsímans. Þegar Octavía og Paul voru gefin saman af sr. Geir Sæmundssyni á Akureyri, orti sr. Matthías Jochumsson til þeirra brúðkaupskvæði, sem hefst svona:

*Þú sönggyðja, vígðu nú vongláða stund,  
og vorbuga syng yfir hjartanna lund,  
að sumar og sólstöður dreymi!  
Vér vitum að lífið er skin eftir skúr;  
og skoðið nú sveinar og meyrar og frúr:  
Hann Eros er enn hér á sveimi!*

Paul og Octavía fluttust til Reykjavíkur strax í árslok 1907. Þeirra synir voru Gunnar, faðir Karls G. Smith starfsmanns Seðla-bankans, Erling og Thorolf (1917-69) sem var kunnur útvarpsmaður og rithöfundur.

2. Karl Jóhann, fæddur á Seyðisfirði 1887 en dó 23. apríl 1898.

3. María Polly (Ólafsson) fædd á Siglufirði 21. mars 1890, giftist Gísla Ólafssyni land-símastjóra. Þeirra börn voru Helga Ólafsson, ekkja Jóns G. Nikúlássonar lækni sem er látinn, og Nanna, ekkja Halldórs Dungal (bróður dr. Níelsar lækni). María Polly lést 1934.

4. Gustav Grönvold fæddur 28. júní 1892. Hann var síldar-spekúlant, ásamt fleirum með síldarstöð á Ingólfsfirði, sbr. bókina Hrundar borgir eftir Þorstein Matthíasson. Hann er talinn hafa verið einn af þremur mönnum sem hugðust láta gera höfn í Höfðavatni í Skagafirði með því að láta grafa sund í gegnum eiðið, en einn þeirra var Jóhann Sigurjónsson skáld. Heyrst hefur að álög séu á staðnum, enda dóu þeir allir



*Paul W. Smith verkfræðingur,  
tengdasonur Carls Júlíusar.*

fljótlega sem hugðu á þessa framkvæmd. Gustav varð bráðkvaddur um borð í skipi hér við land 1919. Kona hans var Margrét Magnúsdóttir, sem seinna giftist Ólafi Gíslasyni stórkaupmanni. Börn þeirra Gustavs voru tvö, Karl (1915-80) lögreglumaður í Reykjavík kvæntur Rögnu Ragnars, þau áttu fjögur börn, og Stella (d. 1977) sem giftist Hilmari Norðfjörð loftskiptamanni.

5. Karl Jóhann, f. 25. sept. 1899, d. 25. okt. 1900.

6. Kveldúlfur, f. á Siglufirði 12. mars 1901, d. í Reykjavík 24. apríl 1962. Hann lauk prófi frá Verzlunarskóla Íslands og starfaði um skeið á skrifstofum í Kaupmannahöfn og Reykjavík. Síðan vann hann við kaup og sölu á rafmagnsvarningi og rak heildsöluverslun með þær vörur frá 1940 í Reykjavík. Hann sat í stjórn Félags raftækjaheildsala. Kona hans var Emelía Halldórsdóttir, ættuð úr Borgarfirði. Synir þeirra eru Karl Gústav jarðfræðingur og Halldór félagsfræðingur hjá Alþýðusambandinu.



*Kveldúlfur Grönvold, mynd af málverki eftir Gunnlaug Blöndal.*

7. Selma Henrietta, f. 30. janúar 1903. Hún flutti til Ameríku 1920 og var um tíma eins konar verslunarstjóri hjá fataverslun í New York. Maður hennar hét Ragnar (Pjetursson) Ólafsson, en þau voru barnlaus.

Hér skal því að lokum haldið til haga að það er kannski ekki tilviljun að sonarsonur Carls Júlíusar sem svo vel stóð forðum með verkamönnunum í kaupdeilunni á Siglufirði gerðist síðar verkaleysisleiðtogi, og er þá átt við Halldór Grönvold.

*(Karli G. Smith og Karli G. Grönvold er hér með þakkað fyrir úttegundir sínar, m.a. myndir, og ýmsa hjálpi, sömuleiðis er Nönnu Halldóru Sigurðardóttur þökkveð aðstoð).*

MAGNÚS ADALBJÖRNSSON

# Miðbæjarlíf á Akureyri um miðja síðustu öld

(minningabrot)

*Magnús Adalbjörnsson fæddist 1941 á Syðri-Brekkunni á Akureyri en flutti 5 ára gamall í Skipagötu 4. Stúdent frá MA 1963, fékk kennsluréttindi 1979, stundaði nám í íslensku, uppeldisfræði og þjóðháttufræði við HÍ og KHÍ 1984-85. Starfaði við grunn-skóla Akureyrar, mest í Gagnfræðaskóla Akureyrar, þar af aðstoðarskólástjóri síðustu 16 starfsár hans. Sumarbúðastjóri*



*Þjóðkirkjunnar við Vestmannaavatn sumrin 1971-73. Hefur verið vel lið-tækur í félagsmálum og virkur á vinstri veng stjórn mála.*

Það er einkennilegt hvað það er gaman að rifja upp ýmislegt frá gamalli tíð. Ég þykist sjá atburði ljóslifandi þótt liðin séu rúm 60 ár. Ég man það eins og gerst hafi í gær þegar Kaldbakur EA 1 lagðist að nyrðri Torfunefsbyggjunni þann 17. maí 1947. Bryggjan var troðfull af fagnandi fólki. En ég skil það miklu betur nú hvers vegna fólkíð var svona glatt og með vonarhýrar brár. Þannig er það með bernskuminningarnar. Þær lifa einar og sér en það kemur kjöt á beinin með vaxandi þroska en gamla myndin er skýr. Það var miklu flóknara fyrirbæri þegar við strákarnir vorum að ærslast og einhver kallaði: „Skáldið er að koma,“ og Davíð Stefáns-son gekk þungstígur hjá. Allt datt í dúnalogn en þegar skáldið hafði horfið fyrir næsta horn, byrjuðu ærslin aftur. Við höfðum skynjað, þótt ungir værum, að við skyldum sýna skáldinu virðingu. Þannig held ég að uppeldið hafi virkað í þá daga.

Ég ætla nú að leyfa ykkur lesendum að skyggast inn í hugarheim 7 – 10 ára barns eftirstríðsáranna í miðbæ Akureyrar



*Kaldbakur EA 1 við bryggju. Ljós. Gíslí Ólafsson í Minjasafnið á Akureyri.*

og lýsa nærumhverfi mínu og okkar drengjanna í Skipagötunni, en leiksvæði okkar var allur miðbærinn og Skátagilið að auki á veturna.

Ég vil byrja á því að lýsa hinum skemmtilegu karakterum sem sprönguðu um ómalbikaðar götur miðbæjarins og hellulagðar gangstéttar. Fyrsta ber að nefna þá Ægi Hjartarson blaðsöllumann og Árna rúgbrauð. Já, og Randa gamla.

Ægir var ákaflega sjónþapur gamall maður, með þykk gleraugu. Hann seldi blöð í miðbæ Akureyrar um miðja síðustu öld og var fyrstur blaðasala til að taka tæknina í sínar hendur. Hann lét smíða sér forláta vagn til að geyma blöðin í, og var raunar langt á undan sinni samtíð. Hann var svo sjónþapur að hann varð að bera myntina upp að auganu til að greina verðgildi hennar. Þegar ég man fyrst eftir honum var hann líklega kominn dálítið á sjötugsaldurinn, 75% öryrki og hefði verið á örorkubótum í dag. En því var ekki að heilsa á því herrans ári 1950. Öryrkjar voru upp á náð fátækrafulltrúa komnir og Sveinn Bjarnason í númer 3 við Brekkugötu hefur áreiðanlega gaukað að honum einhverri hýru mánaðarlega. Ægir bar einkennilegan hatt á höfði og minnti stundum á skátahöfðingja, jafnvel Baden Powell. Ægir var hrekklaus sómamaður og engum datt sú ósvinna í hug að hrekkja hann. Hann var vinur okkar drengjanna í miðbænum.



Ægir blaðasali.

Ljós. Gisli Ólafsson / Minjasafnið á Akureyri.

Árni rúgbrauð var annar gamall einstæðingur sem leitaði gjarnan í miðbæinn til að virða fyrir sér mannlífið. Hann var fámáll og stóð gjarnan á horninu við Hamborg eða á sjálfu kaupfélagshorninu sem var jú merkilegasta götuhornið á Akureyri. Þar mátti sjá hann í snjáðum jakka með hendur í vösum en þó þannig að þumlarnir stóðu út í loftið. Hann lyfti sér upp á tánum og aftur niður á hælana og rórillaði sér fram og til baka. Sumir sögðu að hann hefði verið giftur á sínum yngri árum og eignast eina dóttur, og tvíbura sem voru miklir menn og lærðir í útlöndum. Eitt er víst að hann virtist stundum dálítið mæddur, gamli maðurinn. Ég heyrði að hann ætti það til að stökkva upp á nef sér og gæti orðið illur ef honum var misboðið.

Ekki vissi ég hvar Árni átti heima. Þó líklega einhvers staðar við Glerárgötuna, hugsanlega hefur hann leigt herbergi í einhverri kjallaraholu með aðgangi að klósetti undir stiga. Og ég trúi því að mataræðið hafi ekki verið mjög fjölbreytt og síst af öllu staðist viðmið manneldisráðs í dag. Ég heyrði þá sögu að um tíma hefði hann haft þann starfa að losa kamra Oddeyringa og það gerði hann seint á kvöldin og fyrri part nætur. Kristján Jónsson bakari tók eftir því að Árni lauk venjulega starfa sínum um það leyti sem



Árni rúgbrauð í vegavinnu á Öxnadalshéiði.

rúgbrauðin hjá honum voru fullbökuð. Hann samdi því við Árna að koma í áframhaldandi vinnu til sín og bera rúgbrauðin til fastra viðskiptavina og það hefur hann áreiðanlega gert af stakri samviskusemi. Ég sel þessa sögu ekki dýrara en ég keypti hana.

Randi gamli heilamálið var þriðji einstæðingurinn sem setti svip sinn á miðbæ Akureyrar. Fullu nafni hét hann Randver Pétursson og var vanur að svara viðmælendum sínum þegar hann samsinnti þeim með orðunum: „það er heila málið, drengir.“ Randi var móðurbróðir Péturs og Valdemars Jónssona frá Hallgilstöðum sem ráku alkunnugt flutningafyrirtæki, en allir Akureyringar þekktu þá af góðu einu. Randi var að því leyti öðruvísi en þeir Ægir og Árni að hann var oftast fullur. Við sáum hann sjaldnast öðru vísi. Þó var hann stundum í vinnu. Gekkt oft um í vinnulúnungum samfestingi. Hann var miklu glaðværi en Ægir og Árni. Ekki veit ég nákvæm deili á manninum en við strákarnir höfðum gaman af því að tala við hann og stundum varð hann fyrir aðkasti illa innrættra götustráka úr öðrum hverfum. Hann hefur áreiðanlega átt samastað í fátæglegri vistarveru í innbænum því þangað lá leið hans oft að kvöldi dags.

Ég veit fyrir víst að honum þótti vænt um fjölskyldu sína og reyndi að sýna henni ræktarsemi með þeim hætti sem í hans valdi stóð. Randi fékk jólakort með fyrirbænum og frómum óskum um



*Randi gamli.*

gleðileg jól sem hver annar. En þar sem rýrir veraldlegir sjóðir hans voru nýttir til kaupa á vökvanum glæra brá hann á það ráð að endurnýta gömul jólakort, strikaði yfir gömlu handskrifuðu árnaðar-óskirnar og skrifaði nýjar til handa vinum og vandamönnum. Þessi nýtni er guði áreiðanlega meira að skapi en óráðsía og bruðl nútíma-mannsins.

Á síðustu ævidögum Randa kviknaði í herberginu hans og var slökkviliðið kallað til. Okkar vösku slökkviliðsmenn voru fljótir að kæfa eldinn. Þegar síðasta glóðin slokkaði spurði einn viðstaddra Randa gamla hvernig í ósköpunum kviknað hefði í og svaraði Randi:

„Ég er svo mikið ljóssins barn, það er heila málið, drengir.“ Einnig heyrðu menn hann tauta fyrir munni sér: „Margt býr í þokunni ... og það munu margir iðrast.“

Til er sú saga að Randi hafi verið við jarðarför vinar síns og setið mjög framarlega í kirkjunni. Allt gekk kristilega fyrir sig fyrri part athafnarinnar en svo steig klerkur fram og flutti líkræðu eins og gengur og byrjaði á því að greina frá ætt og uppruna hins látna. En þegar kom að því að lýsa hinum betri kostum mannsins heyrðist í Randa: „lygi, lygi.“ Prestur vonaði að enginn hefði heyrt athugasemd Randa og hélt ótrauður áfram. „Helber lygi“ heyrðist aftur í Randa og svo aftur og aftur. Nú sá Dúi kirkjuvörður að eitt-hvað yrði að gera í málunum og gekk til Randa, lét hann hafa peninga og bað hann lengstra orða að fara niður í apotek og kaupa tvö glös af kogara, hann mætti eiga annað glasið, þeir þyrftu svo nauðsynlega á spritti að halda. Randi lét ekki segja sér þetta tvisvar og málunum var bjargað.

Á góðum degi heyrðist Randi tauta fyrir munni sér: „Fátt er til í koti karls og börnin grétu sitt á hvað / labbaði gamli þá af stað og hugði á barna fylli. / Hitti hann fyrir seggi tvo, fulla af landsins byggi. / Vigtuðu þeir honum kíló tvö og nokkur pund að auki, / létu hann hafa rotinn bóg og úldið hræ.“





*BSA, Bifreiðastöð Akureyrar, þangað þyrptust Akureyringar þegar von var á sunnanrútum með dagblöðin.*

*Ljós. Jón og Vigfús / Minjasafnið á Akureyri.*

Eitt sinn á manndómsárum Randa hlustaði hann á rökræður um gang himintunglanna og snúning jarðar um möndul sinn. Þetta taldi Randi afar ósennilegt og færði þau rök fram í málinu að dyrnar á íbúðarhúsinu á Svartingsstöðum hefðu alltaf snúið í vestur.

Á þessum árum höfðu sjálfstæðis- og framsóknarmenn þann sið að efna til héraðsmóta á sumrin víða um land til að stappa stálinu í liðsmenn sína og fylla þá pólitískum eldmóði með ræðum foringjanna. Einnig var viðstöddum boðið upp á brauð og leika - eins og hjá Rómverjum til forna. Sjálfstæðismenn í Eyjafirði höfðu komið sér upp aðstöðu á sléttum völlum vestan við Kaupang og byggðu sér þar timburskúr þar sem þeir geymdu eitt og annað tilheyrandi þessum samkomum. Þaðan seldu þeir þátttakendum gos og sælgæti og annað smálegt. Eitthvað fór þessi starfsemi í taugarnar á Randa og kveikti hann í skúrnum. Sjálfstæðismenn, þessir þrúðu og glaðsinna drottinnar lýðsins, urðu æfir og kærðu Randa til yfirvalda og kröfðust harðra refsinga og þess jafnframt að blessaður karlinn færi í geðrannsókn því að enginn karlmaður með réttu ráði færi að kveikja í eignum Flokksins. Þetta gekk eftir og Randi var fluttur suður á Klepp til Helga Tómassonar í strangri gæslu lögreglunnar. Helgi gerði það sem fyrir hann var lagt, skoðaði Randa



*Ráðhústorg. Kolaport Ragnars Ólafssonar sést greinilega í Skipagötunni.  
Ljós. Jón og Vigfús / Minjasafnið á Akureyri.*

í krók og kring og lagði fyrir hann þrautreyndar spurningar geðlæknisfræðinnar. En það kom út á eitt og var maðurinn úrskurðaður andlega heill og fékk hann sitt bevis upp á það. Randi hélt sem frjáls maður norður og fór beint til sýslumannsins, Sigurðar Eggerz, og veifaði bréfinu um sitt andlega heilbrigði framan í Sigurð sem hafði gaman af. Þeir ræddu saman í mesta bróðerni nokkra stund en þegar þeir skildu spurði Randi: „Heyrðu lagsmaður, átt þú ekki svona bréf?“

En víkjum þá að heimilisfeðrum og fjölskylduhögum okkar drengjanna í Skipagötunni fyrir 60 árum.

Fyrstan ber að nefna merkilegan mann, nefnilega Konna hjólhesta, eða Konráð Kristjánsson í Skipagötu 8. Hann var hrein hetja sem hafði fengið lömunarveiki og bæklast verulega en hann stóð svo sannarlega fyrir sínu og komst betur af en margur annar sem hraustari taldist á krepputímunum eftir heimsstyrjöldina síðari. Hann átti 3 syni með henni Láru sinni, þá Bjarna, Helga og Konráð (1952-2013), - örverpið, sem varð læknir í Svíþjóð. Öndvegisdrengir allir saman. Lára gaf mér einu sinni heilan kepp af rúsínuslátri í sláturtíðinni. Ég fór heim með keppinn og það varð til þess að elsku mamma bjó til slátur upp frá því en hún hafði ekki vanist slíkri iðju á sínu æskuheimili, enda missti hún foreldra sína



*Skipagata 8 – hús Konráðs Kristjánssonar. Gullsmíðir Sigtryggur og Eyjólfur voru þar til húsa. Ljós. Magnús Aðalbjörnsson.*

ung að árum. Móðir mín vildi ekki láta það um sig spyrjast að sonur hennar væri að bera heim mat úr öðrum sóknum.

Konni rak verslun með reiðhjól. Hann fékk þau ósamansett frá Bretlandi og púslaði þeim saman sjálfur á verkstæðinu sínu. Í bak-húsi við númer átta var bílskúr og þar geymdi Konni glæsilegasta bíl bæjarins sem hann fékk á árabílinu 1954-5 að mig minnir, og var hann af gerðinni Ford Fairline, grænn að lit með einkennis-númerið A-353. Bíllinn var bara notaður spari, hann var alltaf ný-bónaður enda Konni mikið snyrtimenni í hvívetna. Bíllinn var sem nýr þegar hann var seldur áratugum seinna og sást hvergi á honum feira.

Næst ber að nefna Baldur Eiríksson frá Dvergsstöðum en hann var faðir þeirra Villa og Stebba. Baldur var skrifstofumaður hjá KEA en honum var margt til lista lagt. Hann var bæði málari og hagræðingur fyrir utan það að vera góður bókhaldari. Pabbi keypti af honum málverk af Akureyri sem prýddi stofuna heima. Líkt og Konni átti Baldur bíl, Willys jeppa með íslensku húsi. Hann var ekki oft hreyfður. Bílar á þessum tíma voru háðir innflutningsleyfum og pólitískum úthlutunum en gárungarnir sögðu að Baldur hefði sent úthlutunarnefndinni svo mergjað kvæði að erfitt hefði verið að hafna beiðninni.

Baldur var rólegur maður og gæflyndur og trúi ég því að Laufey, sú elskulega og góða kona, hafi talað fyrir þau bæði. Þótt ekki hafi farið mikið fyrir Baldri var hann mikill grínisti eins og mörg kvæði hans og vísur bera með sér. Hann hefur sem sé verið launfundinn.

Að lokinni smalamennsku (kveðið eftir alþingiskosningar):

*Atkvæðasmölinin  
er nú fyrir bí,  
og (póli)tíkin lögst  
fram á lappirnar á ný.*

*Ferleg voru umsvif  
í fjallgöngum heim,  
ýmsir komu sauðirnir  
áttavilltir heim.*

*Allir reyndu að húa  
allra manna hæst  
og brífsa hvern ómerking  
sem hendi var næst.*

*Ræddu þeir af drýldni  
um hver ríkastur var.  
Ekki var barlómur  
í búmönnum þar.*

*Þeir vildu allir þakka sér  
verkin þörf og stór,  
en enginn gekkst við hinu  
sem aflaga fór.*

*Núna eru fjallkóngar  
flokkanna sex  
að meta það hvort hjörðin  
mínnkar eða vex.*

*Síðan undir réttarvegg  
þeir setjast við stauþ,  
og hafa þar í bróðerni  
brossakaup.*



*Hús Benna málara.*

*Ljósmynd. Magnús Aðalbjörnsson.*

Í Skipagötu númer 5 bjó Benni máleri, eða Benedikt Ólafsson eins og hann hét fullu nafni. Benni máleri var virðulegur og hversdagsprúður rólyndismaður. Hann átti Óla, Stebba og Sigga. Öndvegis drengir. Benni rak málningarverslun á jarðhæðinni en það vakti snemma athygli mína og olli miklum heilabrotum hvernig í ósköpunum hann gat farið að því að sjá heilli fjölskyldu farborða og eiga svona stórt hús. Mér fannst nánast aldrei neinn fara inn í búðina til að kaupa málningu og þaðan af síður að einhver kæmi út úr búðinni með málningardós í hendi. Mjög oft komu sömu mennirnir og sátu langtímum saman að spjalli við Benna yfir kaffibolla en þeir keyptu ekkert. Ég skildi það ekki fyrr en löngu seinna að hann var verktaki með stórum staf og hafði menn í vinnu. Hann útvegaði þeim málningu og fékk vitaskuld einnig meistara-launin. Á meðan vinirnir töluðu hrærði Benni í málningardósum og blandaði mjöðinn með sínu alþekkta blíðubrosi, en fór sér að engu óðslega. Staðkunnugur sagði mér eitt sinn seinna að Benni hefði rekið vísi að athvarfi fyrir menn í vanda. Vansæll eiginmaður, sem ekki mátti staupa sig heima fyrir sakir skilningslúttillar eigin konu, geymdi veigarnar hjá Benna og kom alltaf á sömu tímum dags til áfyllingar. Bokkuna geymdi hann bak við kalktunnu úti í horni.

Í númer 4 við Skipagötu bjó Jónas Stefánsson með henni Bjarnveigu sinni og syninum Stefáni. Jónas fæddist á bænum Kotá ofan Akureyrar, en ungur fór hann til Kanada, lærði þar smíðar og efnæðist vel. Kom síðan heim með fullar hendur fjár þ.e. dollara og hlaut fyrir það viðurnefnið Dollara – Jónas. Hann nýtti fjármuni sína vel og byggði Skipagötu 4 upp á fjórar hæðir, bjó fyrst á þeirri efstu en leigði út hinar hæðirnar og var verslunin Hafnarbúðin á jarðhæðinni ásamt innrömmunarverkstæði er Jónas rak um árabíl. Hafnarbúðin var heimur útaf fyrir sig. Þar réðu ríkjum ekki ómerkari menn en Heiðrekur Guðmundsson skáld frá Sandi, Kristján Sigtryggsson og Páll Pálsson (Palli hrefnuskytta) sem var þekktur borgari. Páll stundaði hrefnuskytteri grimmt á vorin og sumrin en sinnti búðinni í hjáverkum. Heiðrekur og Palli réðu til sín sem búðarsvein ungan, fjallmyndarlegan sveitastrák með há kollvik, Ingva Loftsson, nýfluttan austan úr Bárðardal með móður sinni Nönnu Ingjaldsdóttur og Gunnari bróður sínum. Þeir félagar Heiðrekur og Páll ætluðu að ala upp drenginn til að verða alvöru kaupmaður en auk þess hafði Palli hugsað sér að nýta drenginn til sjósóknar á álagstímum á hrefnuveiðatímabilinu. Ætlaði að kenna Ingva siglingafræði, taka kúrsinn, mæla dýpi, gá til veðurs, hlaða byssuna og vera til taks og hjálpar þegar hrefnan var tekin í tog. En Ingva var ekkert um sjómenskuna gefið, gaf frat í sjómenskuna hjá Páli en fór sjálfur að stunda Hrefnuveiðar á þurru landi og það með ótrúlegum árangri. Ingvi keypti þá féлага út úr rekstri Hafnarbúðarinnar í fyllingu tímans og átti að lokum einna lengstan starfsferil kaupmanna hér á landi. Ingvi var þekktur fyrir hlýlegt viðmót og einstaka gjafmildi í garð þeirra er höllum fæti stóðu. Mér finnst það með ólíkindum að ekki skuli vera búið að heiðra hann sérstaklega af rétt kjörnum bæjaryfirvöldum.

Foreldrar undirritaðs voru þau Jóhanna Aðalsteinsdóttir sem átti ættir að rekja til Strandasýslu og Suðurnesja og Aðalbjörn Austmar, innfæddur Akureyringur. Pabbi réð sig til Rafveitunnar árið 1946 og þá flutti fjölskyldan úr Möðruvallastrætinu niður í Skipagötu 4. Annars var faðir minn farmaður á sínum yngri árum en réð sig svo til Stefáns Reykjalin og var jarnamaður eins og það var víst kallað. Pabbi las af mælum hjá RVA og innheimti reikninga, drakk kaffi hjá húsmæðrum, reykti Lucky strike og skemmdi í sér maga og æðakerfi og dó langt fyrir aldur fram. Ég var svo heppinn að eiga bestu foreldra í heimi, umburðarlynda, ástríka og hæfilega stranga og ég veit að sama gildi um leikfélaga mína alla.



*Ingvi Loftsson í Hafnarbúðinni.*

*Ljósmynd: Magnús Aðalbjörnsson.*

Eg man eftir því á fallegum morgni að fjölskyldan fékk sér göngutúr, mamma í pelsinum sínum sem frænka hennar í Reykjavík hafði gefið henni ásamt viðeigandi höfuðfati og pabbi með Battersby hattinn sinn. Systir mín var í kerrunni sinni og við gengum framhjá bókabúð Gunnlaugs Tryggva á horni Hafnarstrætis og Ráðhústorgs. Gunnlaugur, stuttur og digur, sem reyndi að vinna upp smæðina með myndarlegum hatti, var eitthvað að bjástra utan-dyra á þessum kalda en fallega morgni föstudagsins langa og þegar hann sá glæsilegu pelsklæddu konuna hneigði hann sig djúpt. Í sömu andrá varð honum litið upp í Brekkugötu og sá að þar var flaggað í hálfu. Það kom á hann spurnarsvipur og nokkurt fát og hann stundi upp: „Hver skyldi nú hafa dáið í nótt?“

Austan við bókabúð Gunnlaugs Tryggva var annar kaupmaður, stuttur og digur, nefnilega Indriði Helgason í kóinu. Fyrirtæki hans hét Elektro Co., og var hann kenndur við seinni lið þessa heitis. Hér með fylgir mynd af honum og búðinni. Hann verslaði með rafmagnsvörur og var verktaki eins og Benni málari. Hins vegar hafði hann víðari heimssýn því að hann, auk raflagnaefnis, flutti inn fyrstu matchbox-bílanu sem til Íslands komu eftir stríð. Hann magnaði upp spennu hjá ungu kynslóðinni og auglýsti djásnin með viku fyrirvara. Flestir sveinar bæjarins, félagar í hinum



*Indriði fyrir framan Raftækjaverzlunina Elektro Co.*

*Ljósmynd. Hallgrímur Einarsson / Minjasafnið á Akureyri.*

ýmsu glæpafélögum svo sem Eiturtönninni og Ljónshjartanu af Eyrinni, ásamt okkur saklausu drengjunum úr miðbænum, voru saman komnir fyrir utan hjá Indriða hinn tiltekna dag. Ég skrökva því ekki að það ríkti styrjaldarástand við Ráðhústorgið téðan morgun og ástandið síst betra en þegar Bretar hernámu Ísland. Löng biðröð hafði myndast framan við Kóið og stimpingar miklar með drengjum sem reyndu að troða sér sem næst dyrum. Fagnaðaróp mikil brutust út þegar Indriði sjálfur opnaði dyrnar og lýðurinn ruddist inn.

Indriði var merkur maður, sat í bæjarstjórn Akureyrar, gaf góð ráð við svefnleysi en var ef til vill þekktastur utan Akureyrar fyrir að vera faðir Margrétar, fréttastjóra útvarpsins, og þar með tengdafaðir júdókappans og rithöfundarins Thors Vilhjálmssonar. Fullyrða má að Indriði hafi engum rutt um koll ævídaga sína á enda. Hann leið um búðina á hraða snigilsins enda orti einn samborgari Indriða þessa vísu um kaupmanninn:

*Indriða ég inna vann:*

*„Er nú þessi lampi dýr?“*

*Daginn eftir ansaði hann:*

*„átta krónur sjötú og þrír.“*



Á horninu á mótum Skipagötu og Ráðhústorgs var Hljóðfærahúsið hennar Eyju. Hún var afskaplega hliðholl okkur drengjunum og var óspör á að gefa okkur kassa utan af píanóum og öðrum stórum hljóðfærum. Ur þessum viði smíðuðum við kassabíla, kofa og ýmislegt fleira, meira að segja haffæran bát að við töldum. Þegar við ætluðum að sjósetja fleyið kom lögreglan aðvífandi og skipaði okkur að mөлva bátinn í mөл, hverju við tókum afar illa en yfirvaldið réð. Með Eyju vann í búðinni Irene Gook. Þessar tvær heiðurskonur voru mjög umburðarlyndar við okkur drengina. Eyja dó langt fyrir aldur fram og var öllum harmdaði.

Við Ráðhústorg númer eitt fyrir ofan Hljóðfærahúsið bjó Steingerður Árnadóttir sem rak verslunina Skemmuna við Hafnarstræti. Hún var systir Ingimundar Árnasonar söngstjóra og kaupfélagsmanns. Steingerður átti son, Atla Örn Einarsson, eldrauðhærðan og renglulegan eins og við margir vorum á þessum árum. Hann var kallaður Bokki eða Byssu-Bokki, væntanlega eftir teiknimyndarpersónu sem þekkt var á þessum árum. Nafnið á sér merkilega sögu. Bokki átti sér nefnilega frænda í Ameríku og sá góði frændi hafði sent honum hvellhettubyssur sem litu út nákvæmlega eins og byssurnar sem við sáum Roy Rodgers handleika af mikilli fimi í Cowboy-myndunum. Svona byssur átti enginn nema Bokki enda notfærði hann sér þessa eign sína til að kaupa sér vinsældir og ómælda vináttu og aðdáun okkar drengjanna í miðbænum. Hann staðhæfði að „Sam” frændi í Bandaríkjunum ætlaði að gefa sér 164 byssur og hann myndi gauka þessum byssum að góðum vinum sínum. Ég man að ég átti að fá áttundu byssuna og fannst mér mikið til þess koma að vera svo framarlega í vinaröðinni. Bokki var fæddur 1939 og var í eldra genginu í miðbænum en ég var fæddur 1941 og tilheyrði frekar því yngra en oftast blandaðist þetta saman. Það er ekki að orðlengja það að byssurnar voru alltaf að koma. Ef ekki með næstu ferð þá eins fljótt og auðið yrði. Það liðu vikur, mánuðir og ár en alltaf hafði Bokki svar á reiðum höndum. Reiðir drengir úr öðrum sóknum voru farnir að hafa í hótunum við Bokka ef hann færi nú ekki að standa við gefin loforð. Smám saman fjarði byssuáhuginn út og Bokki flutti suður með móður sinni og sást ekki mikið á Akureyri eftir þetta. Ég frétti síðan frá Helga Konn, mínum gamla félagi og vini, að Bokki hefði flust til Svíþjóðar, gerst pólitíkus og setið í sveitarstjórn í sínu héraði og gerst hinn virðulegasti Sví. Ekki veit ég fleira um lífshlaup hans í Svíaríki en hitt veit ég að hann spilaði með okkur drengina í mið-



Ráðhústorg á 7. áratugnum, fyrir hægri umferð.

Ljós. Sverrir Pálsson / Minjasafnið á Akureyri.

bænum og hafði á okkur ómæld tök meðan hann hélt trúverð-  
ugleikanum.

Margir merkir persónuleikar settu svip sinn á miðbæ Akureyrar um þetta leyti. Sýslumaðurinn Sigurður Eggerz, dæmigerður embættismaður af gamla skólanum, hafði á sér höfðingsbrag. Bæjarstjórinn Steinsen held ég hafi verið vænsti karl, en aðgerðalíttill. Tímarnar voru erfiðir, litlar framkvæmdir, og illar tungur sögðu að að það eina sem gert hefði verið á Steinsentímabilinu hefði verið að kaupa krana sem staðsettur var nálægt höfninni og kallaður Steinsen. Hann sást sjaldan í „aksjón” enda ólían dýr.

Virðulegasti ráðamaðurinn var án vafa Knútur Otterstedt eldri, höfðinglegur svo af bar, teinréttur, hár og grannur og minnti á marskalk. Hann minnti mig reyndar á Gústaf Adolf en hann þekkti ég af frímerkjum sem ég safnaði þá. Knútur var fenginn til að koma og stjórna rafvæðingarmálum Akureyringa í Glerárgili. Hann kallaði ekki allt ömmu sína, klifraði sjálfur upp í ljósausturana, stakk fingrum upp í ljósaustæðin til að athuga strauminn og sagði: „Alt í orden, ström paa“.

Bankastjórnarnir Ólafur Thorarensen og Bernharð Stefánsson voru höfðinglegir með harða hatta og gengu hægum skrefum með

hendur fyrir aftan bak, þögulir og hugsí með allar heimsins áhyggjur á herðunum og virtu eingöngu verðuga viðlits. Þriðji bankastjórinn var Svafar í Útvegsbankanum. Hann var faðir Þormóðs og Guðmundar (Móða og Dunda), sem áttu stórt dúfnabú í gamalli hlöðu uppi í Bankabrekku fyrir ofan Útvegsbankann en brekkan var vetrarleikvangur, nokkurs konar Holmenkollen okkar drengjanna í miðbænum. Þar fórum við einnig í landaparís. Svavar átti glæsilegan bíl, Ford junior árgerð 1946, allan leðurklæddan að innan. Ég finn enn lyktina rúmum sextíu árum seinna eftir að ég fékk að vera þriðji farþegi með þeim bræðrum og bankastjóranum inn í Fjörð einn fagran sunnudag í sumarbyrjun. Ógleymanlegt ævintýri.

Þegar eftirstriðsárin eru rifjuð upp skjótast upp í kollinn myndir af skömmtunarseðlum og löngum biðröðum fyrir framan verslanir þegar von var á einhverri nytjavöru. Kaffi, sykur, hrísgrjón og fleiri vörur voru skammtaðar og fengu fjölskyldur skömmtunarseðla og fylgdi fjöldi þeirra fjölskyldustærð. Líklega hefur þessum seðlum verið úthlutað mánaðarlega. Stundum gengu þeir kaupum og sölum. Kaffi var dýrt og sóttust vel stæðir kaffisvelgir eftir aukamiðum.

Í Skipagötu númer átta hjá Konna leigðu gullsmiðirnir Sigtryggur og Eyjólfur, öndvegismenn, en gallharðir kommúnistar. Þeir trúðu því að hinn endanlegi sannleikur hefði verið fundinn upp í Rússlandi og þar væri stéttaskipting engin og gæðum lands skipt bróðurlega milli landsins þegna, auk þess sem Stalín væri hin styrka hönd réttlætis og allra dyggða. Hjá þeim félögum, Sigtryggi og Eyjólf, var ungur, fjallmyndarlegur nemi, sem Pétur heitir Freysteinnsson - móðurbróðir Baldvins vinar míns Bjarnasonar og þeirra systkina, og gerðist hann félagi Sigtryggs þegar Eyjólfur flutti suður. Þessir þremmenningar létu þau boð út ganga til okkar strákanna að þeir keyptu alla auka kaffimiða hæsta verði. Þetta varð okkur drengjunum í Skipagötunni uppspretta vasapeninga í svolitlum mæli því kaffi var dýrt fyrir fátækar fjölskyldur og miðar stundum afgangs í mánaðarlok. Eyjólfur Árnason var eitt af stóru nöfnunum í heimi kommúnismans á Akureyri og reyndi hann að boða trú sína lítillaga á fyrirheitna landinu í austri hjá okkur drengjunum. Stundum bauð hann okkur að horfa á rússneskar áróðursmyndir í Mír-salnum inni í Hafnarstræti. Einu sinni þekktist ég þetta boð, fékk meira að segja hlutverk, og var beðinn um að lesa af blaði skýringar með myndinni. Ég vildi ekki særa Eyjólf

með því að neita. Hann lét mig sitja með lítinn leslampa við sýningarvélinu. Geislinn frá vélinni lýsti upp salinn og ég gat fylgst með sanntrúuðum. Þar mátti sjá Elísabetu Eiríksdóttur og Áskel Snorrason sitja hlið við hlið. Og það birti yfir ásjónu þeirra þegar frelsishetjan knáa frá Georgíu með yfirvararskeggið birtist á skjánum og þau hnippu hvort í annað með aðdáunarbrosi þegar kornskurðarvélar slógu ónefnda bleika akra í Rússía með bylgjandi korni. Já, þannig skyldi Sovét - Ísland verða.

Ég þekktist aldrei svona boð aftur enda skammaðist ég mín hálfpartinn fyrir að láta sjá mig í þessum félagsskap. Ég var þá þegar farinn að mynda mér pólitískar skoðanir og Alþýðuflokkurinn var minn flokkur og hann var svo sannarlega ekki í neinum vináttutengslum við kommana.

En Sigtryggur átti merkilegan hund sem bar það virðulega heiti Sólon, líklega í höfuðið á hinum eina sanna Sóloni Íslandus. Sólon fór í manngreinaralit og gerði upp á milli manna. Honum var mjög í nöp við alla embættismenn einkum ef þeir voru borðlagðir og báru einkennismerki. Lögreglan átti ekki upp á pallborðið hjá Sóloni. Einnig var honum illa við Færeyinga sem er raunar með öllu óskiljanlegt, beit þá gjarnan í þeirra víðu buxur og sleppti ógjarnan takinu. Við Pétur gull rifjuðum upp gömul kynni ekki alls fyrir löngu og þá sagði hann mér góða sögu af Sóloni og gerðist hún á seinustu metrum seinna stríðs þegar bandarískir hermenn sprönguðu um götur Akureyrar. Pétur, sem þá var lærlingur hjá Sigtryggi, var sendur út í mjólkurbúð til hennar Jóhönnu í Brekkugötunni til að kaupa mjólk og brauð og var á bakaleiðinni með vini sínum Sóloni sem fylgdi honum alltaf af bæ. Þegar þeir félagar voru komnir að Pöntunarfélaginu í Brekkugötu 1 og ætluðu yfir Hafnarstrætið, tók þá ekki seppi á rás, hljóp yfir götuna að torginu og beint að amerískum hermanni sem þar hafði varðstöðu og gerði sér lítið fyrir og meig upp við hann. Sólon kom svo með dillandi rófunu til Péturs sem þótti vanlegra að láta líta svo út að hundurinn væri honum alls óviðkomandi og flýtti sér í vinnuna.

Ég minntist að framan á vöruskort þessara eftirstríðsára. Líklega um mitt ár 1947 frekar en 1948 fréttist að von væri á garni í Verslun Eyjafjörð. Þar sem móðir mín átti ekki heimangengt vegna veikrar litlu systur það hún drenginn sinn að fara inn í Verslun Eyja og kaupa garn í peysur handa okkur systkinunum. Ég fór tímanlega af stað og var framarlega í röðinni og sífellt fjölgaði þeim húsmæðrum sem hugsuðu sér gott til glóðarinnar. En þegar

búðardyrnar voru opnaðar breyttust þessar gæflyndu akureyrsku húsmæður í ofstopakvendi, ruddust inn í búðina og ég 7 ára þjakkurinn, sem taldi mig bærulega settan í slagnum, var nánast troðinn undir. Þegar ég náði áttum sá ég þann kost vænstan til að ná fyrri stöðu að fara á fjóra fætur og skríða gegnum þéttan frumskóg fótleggja, misjafnlega sverra, að búðarborðinu. Það stóð á endum að þegar ég loksins náði athygli einnar búðarkonunnar voru bara tveir litir eftir, blátt og grænt. Að sjálfsögðu keypti keypti ég umbeðinn fjölda hespa og ég fór heim hróðugur. Þegar móðir mín kær sá þessa tvo liti varð henni að orði að ekki væri hægt að hafa þessa tvo liti eina og sér, bláan og grænan í sömu flík, þeir pössuðu engan veginn saman, og það varð þess vegna nokkur bið á þrjónaskapnum eða þar til þriðji litur fékkst.

Við drengirnir í miðbænum vorum heppnir að því leyti að þar var aðal samkomustaður bæjarins þ.e. Nýja bíó. Oft myndaðist mikið glens og gaman framan við bíóið um helgar en fjárráðin voru lítil og fátt til bjargar þó að löngunin væri mikil að sjá hetjurnar á hvíta tjaldinu. Ég var tiltölulega vel settur þar sem Gunnar Loftsson, bróðir Ingva í Hafnarbúðinni, átti heima í sama húsi og ég, í númer fjögur. Hann var dyravörður í Nýja bíói og var hagstæður okkur drengjunum. Hleypti okkur frítt inn ef laus sæti voru á barna- og unglingamyndir. Einnig var Ragnar Mar Cesarsson dyravörður hliðhollur okkur en þriðja dyravörðinn Stjána (Kristján Guðmundsson) þurfti að reyna að plata sem ekki var svo auðvelt enda var hann húsbóndahollur með afbrigðum og trúr sínum vinnustað. Stundum hlupu dyntir í dyraverðina og þeir hleyptu okkur ekki svo auðveldlega inn nema þeim sem voru í sérstakri náð. Hafa líklega fengið tilskipanir frá Oddi Thorarensen, eiganda bíósins. Þá gripu þeir hugrakkari til þess ráðs að stela tómum gosflöskum frá apótekarinum Oddi, sem hann geymdi í porti bak við Akureyrarapótek, seldu síðan Oddi sjoppueiganda flöskurnar og síðan keyptu þeir sig inn hjá bíóeigandanum Oddi, en það var einn og sami maðurinn sem átti alla staðina. Þetta jók veltuna hjá karlinum og hefði líklega verið kallað hagstætt fjárstreymi og veltuaukning í dag en enginn skaðaðist á ódæðinu.

Ekki get ég látið hjá líða að segja frá leikjum okkar drengjanna. Akureyrarhöfn var vinsælt leiksvæði enda komu ungir sveinar oft blautir heim. Við veiddum fisk við bryggjuna en á vorin fórum við niður á Oddeyartanga til að veiða alvöru fisk í soðið. Það voru of margir sjáanlegir brúnbelgir við Torfunefsbyggjuna til að við gæt-



*Torfunefið og höfnin. Ljóm. Gumlaugur P. Kristinsson / Minjasafnið á Akureyri.*

um boðið mæðrum okkar upp á fisk til neyslu frá þeim stað. Stundum hertum við fiskinn.

Rottuveiðar voru vinsælar í portinu milli húsanna við Skipagötu og Hafnarstræti. Stundum lágu milli tuttugu og þrjátíu rottulík í valnum eftir vel heppnaða veiðiferð. Það var ekki fyrr en Maggi Binna skíðakappi fór að eitra að eitthvert lát varð á.

Við lékum okkur oft í símaportinu, sunnan við Skipagötu númer átta eða í stærra símaportinu neðan Skipagötu ef við fórum í löggú- og bófaleik. Ég man einkar vel eftir einu skipti. Ég var í bófahópnum en foringi lögreglumanna var Böðvar Bragason Eiríkssonar sem seinna varð lögreglustjóri í Reykjavík. Í símaportinu voru geymdar stórar trérúllur sem höfðu að geyma svera kapla, alls konar kassa, staura, stangir, varahluti allra handa og ýmslegt annað sem ég kann ekki upp að telja. Í þetta umrædda skipti hafði stórri bómu af krana verið komið fyrir milli tveggja stórra trérúlla og var bóman í andlits hæð. Hófst nú leikurinn og varð atgangur mikill þegar löggurnar reyndu að klófesta bófana.

Eg var á harða hlaupum undan lögguforingjanum Böðvari Braga og átti fótum fjör að launa en var orðinn mæddur nokkuð. Sá ég allt í einu góða leið til björgunar. Án umhugsunar skutlaði ég mér undir bómuna á síðustu stundu. –Lögreglustjórinn var

þungur á skriðinu enda stór og stírdur og alls enginn íþróttaálfur og er ekki að orðlengja það að hann hljóp á fullu skriði á bómuna og steinrotaðist. Blóðið spýttist út um nef hans og hann varð alblóðugur.

Það var mín fjallgrímma víska að ég hefði orðið manns bani og ég sá fyrir mér setu í fangelsi bak við rimla og fengi ekki annað til næringar en rúgbrauð og vatn það sem eftir væri ævinnar. Gott ef ég fór ekki að kjökra. Samviskubitið var yfirþyrmandi. Skátarnir í hópnum gripu strax til aðgerða, kölluðu á fullorðinn mann sem átti leið hjá og lét hann okkur umsvifalaust kalla á lækni en læknastofur voru við Ráðhústorgið. Það stóð á endum að „sjeriffinn“ Böðvar var að rakna úr rotinu þegar Pétur læknir kom aðvífandi og leysti málin, leiddi lögreglufoðringjann upp á stofu og lét hann liggja þar fram eftir degi. Mér létti mikið þegar ég sá Böðvar á lífi, og það allsprækan næsta dag.

Einnig var vinsælt að fara í „kjöt í pottinn“ og var höfnin á stéttinni fyrir framan verslunina Asbyrgi í Skipagötu 2. Einn var valinn til að grúfa. Fóru þá hinir í felur. Sá sem gréri (akureyrsk beyging) átti síðan að ná fórnardýrunum og geyma þau í pottinum. Gekk leikurinn út á að frelsa þá sem þar voru. Þessi leikur var hinn eiginlegi vorboði ásamt stíkinu sem var afar skemmtilegur kastleikur þar sem peningum var kastað að línu. Sá sem næst línunni var tók peningana í lófann og hristi nokkrum sinnum og lét þá síðan detta á jörðina og átti viðkomandi alla þá peninga er sneru kórónunni upp. Svona gekk þetta koll af kalli. Slagbolta stunduðum við í portinu hjá Símanum og var þar verulega skemmtilegt útivistarsvæði eins og ég lýsti hér að framan. Einnig stunduðum við landaparís í Bankabrekkunni fyrir ofan Útvegsbankann. Flestir drengir eignuðust skeiðahnífa 9-10 ára gamlir. Knattspyrna var stunduð á litlum velli sunnan við Zion og vestan Borgarbíós en boltarnir voru ekki alltaf burðugir, enda ákaflega dýrir. Þórarinn B. Jónsson var eini strákurinn á svæðinu sem átti alvöru fótbolta.

Eins og menn vafalaust muna var á miðju Ráðhústorgi hringlaga gróðurblettur afgirtur með háu grindverki og mátti enginn stíga fæti þar inn fyrir, heldur einungis horfa á blómin sem mynduðu krans utan um gróðurblettinn. Við girðinguna voru bekkir og þar safnaðist fólk saman á góðviðrisdögum, sérstaklega á vorin. Hjálpræðisherinn kom á sunnudögum, söng og spilaði og kapteinninn fór með hugvekjju og las upp úr Ritningunni. Einnig man ég eftir

karlinum á kassanum sem flutti magnaðar ræður um vonsku þessa heims og hve fátt væri til bjargar voluðu mannkyni.

Alræmdustu slagsmálahundar og drykkjurútar bæjarins komu einnig á torgið til að reyna með sér og sýna færni sína í bardagalistum. Oftar en ekki voru riddararnir blóðugir, spýttu rauðu og með glóðaraugu og illa til reika þegar þeir dröttuðust heim.

Ég ætla að enda þessa fátæklegu frásögn með því að minnst sérstaklega þeirra Akureyringa sem ég hóf frásögnina með:

Árni, Ægir og Randi voru áreiðanlega ekki mikils metnir af almanningi en þeir voru heiðarlegir, grandvarir, nægjusamir, lausir við hroka og yfirdrepskap. Þeir voru vinir vina sinna, hallmæltu engum en tóku með jafnaðargeði því sem að höndum bar. Þeir voru áreiðanlega himnaföðurnum þóknanlegir. Ég reikna ekki með því að þeirra hafi verið minnst með löngum minningargreinum við andlátíð eða stórir kransar fylgt kistum þeirra í kirkju-garðinn en einhvern veginn eru þeir kærari í minningunni en margir þeir er töldu sig herra setta í mannfélagsstiganum.

Blessuð sé minning þeirra og alls þess góða fólks er bjó í miðbæ Akureyrar um miðja síðustu öld og kvatt hefur þetta jarðlíf.

*(Þessi frásögn er að stofni til erindi sem höfundur flutti á aðalfundi Sögufélags Eyfirdinga 9. apríl 2014.)*




FRÍÐRIK RAFNSSON

## Þekkingarleitinn eilífa

### Franski landkönnuðurinn, leiðangursstjórinn og lækurinn Jean-Baptiste Charcot á Íslandi

*Höfundur er fæddur 1959. Hann er franskmenntaður bókmenntafræðingur og hefur starfað sem leiðsögumaður hér heima og erlendis, verið dagskrárgerðarmaður á RÚV, ritstjóri Tímarits Máls og menningar og vefritstjóri HÍ, en er nú sjálfstætt starfandi þýðandi og ráðgjafi erlendra fjölmíðla.*

*Fríðrik var forseti Alliance française í Reykjavík 2007-2012 og situr nú í verkefnisstjórn sýningarinnar Heimskautin beilla.*




#### 1.

Franski landkönnuðurinn, leiðangursstjórinn og lækurinn Jean-Baptiste Charcot (1867–1936) var einn þeirra merkismanna sem fyrstir könnuðu og kortlögðu haf- og landsvæðin umhverfis heimsskautin í byrjun síðustu aldar, en meðal annarra þekktra heimskautafara þessa tíma má nefna Amundsen, Scott, Norden-skjöld, Peary og Vilhjálmi Stefánsson.

Í byrjun 20. aldar stóð Charcot fyrir og stjórnaði tveimur leiðöngrum til að kanna suðurskautið, hafði þar vetursetu fyrstur Frakka árið 1903 og fór þangað aftur árið 1906. Eftir fyrri heimsstyrjöldina stjórnaði hann síðan fjölmörgum þverfaglegum vísindaleiðöngrum á norðurslóðir, til Færeyja, Íslands, Jan Mayen og Grænlands.

Þekktasta skip hans var *Pourquoi-Pas?* (nafnið þýðir „Af hverju ekki?“), sérútbúið rannsóknaskip með þremur rannsóknastofum og bókasafni, allra fullkonnasta rannsóknaskip heims á þessum tíma. Í ferðum þess voru gerðar margvíslegar vísindarannsóknir sem þykja stórmerkar enn þann dag í dag.

Þann 16. september 1936 lenti skip hans, *Pourquoi Pas?*, í



*Pourquoi-Pas? kemur inn til Rúðuborgar í Frakklandi 1910.*

miklu og óvæntu óveðri út af Reykjanesi, hraktist upp í Borgarfjörð og fórst á Hnokka út af Álftanesi á Mýrum. Alls létust 40 manns, 23 fundust láttnir, 17 var saknað og fundust aldrei og einn áhafnar meðlimur komst lífs af.

Charcot eignaðist hér fjölmarga vini og hélt góðu sambandi við þá allt þar til yfir lauk. Þegar minningarsamkoma um hina látnu var haldin í Kristskirkju, áður en líkin voru flutt til Frakklands, var öllum verslunum í Reykjavík lokað. Það mun vera einsdæmi í Íslandssögunni að erlendum manni sé sýndur viðlíka sómi.

## 2.

Ísland kemur nokkuð oft fyrir í bók eftir Serge Kahn um Charcot, *Jean-Baptiste Charcot – heimskautafari, landkönnuður og leknir*, sem kom út árið 2006. Hann segir til dæmis á einum stað: „Strax í fyrstu siglingunum sínum heillaðist Charcot af þessu landi birtunnar. Hvítir jöklar, blá fjöll, grænar grundir, brúnir gígar, svartir sandar og tærir gufuhverir, allt er þetta síkvikt vegna stöðugs samspils andstæðna. Birtan slær taktinn í deginum í þessari örlátu og skapandi náttúru.“<sup>1</sup>

<sup>1</sup> *Jean-Baptiste Charcot – heimskautafari, landkönnuður og leknir* (JPV - úgáfa, Reykjavík, september 2006, Friðrik Rafnsson þýddi).



*Dr. Charcot.*

Charcot þekkti vel til á Íslandi og hann þekkti fjölmarga Íslendinga. Hann fór allmörgum sinnum til Íslands frá 1902 til 1936, einkum eftir að fyrri heimsstyrjöldinni lauk, árið 1918. Fyrst fór hann þangað að sumarlagi í sinni fyrstu ferð á norðurslóðir, til Færeyja, Íslands og Jan Mayen. Hann fór síðan sem kunnugt er í sína hinstu för þrjátíu og fjórum árum síðar. Þetta tímabil norðurslóðasiglinga spannar því þrjátíu og fjögur ár af ævi hans, næstum helming ævi hans og stóran hluta starfsævi hans.

Samkvæmt áður nefndri bók eftir Serge Kahn komu Charcot og hans menn alls fjórtán sinnum til Íslands, höfðu viðkomu í Reykjavík og á Akureyri, auk annarra staða sem taldir eru upp í bókinni, en samkvæmt þeim sömu upplýsingum höfðu þeir alls fjörutíu sinnum viðkomu á ýmsum stöðum hérlendis. Yfirleitt höfðu þeir stuttan stans hér til að taka vistir, vatn og kol, en líka til að hvílast aðeins og hitta fólk. Stundum stöldruðu þeir lengur við og gafst þá færi á að skoða landið, skreppa inn í Eyjafjörð, á Þingvöll eða austur í Haukadal og skoða goshverina þar.

### 3.

Frakkar voru nokkuð umsvifamiklir á Íslandi á þessum tíma og Alliance française í Reykjavík var stofnuð strax árið 1911, sama ár



*Thora Friðriksdóttir við hliðina á dr. Charcot.*

og Háskóli Íslands. Charcot leit svo á að honum bæri skylda til að styðja við starfsemi Alliance française í Reykjavík og þegar hann átti þess kost hélt hann fyrirlestra þar um ýmis efni, þeim hópi Frakka og Frakklandsvina sem hér voru þá til ómældrar gleði. Fyrirlestrar Charcots töldust til stórtíðinda í menningarlífi bæjarins á þessum tíma og þeirra var oft getið í blöðum. Þannig varð nafn Charcots smátt og smátt kunnuglegt í eyrum Íslendinga, hann varð það sem seinna var farið að kalla Íslandsvinur.

Meðal bestu vina hans hérlendis var Thora Friðriksson (1866–1958) einn stofnenda Alliance française í Reykjavík og forseti félagsins frá 1932–1936. Vilmundur Jónsson landlæknir kallaði Thoru Friðriksson „síðasta aristókratann“ í minningargrein um hana árið 1958. Hún var merkiskona á sínum tíma sem barðist fyrir réttindum kvenna, var afar virk í menningarlífi Reykjavíkur, listræn verslunarkona með meiru en líka virk í menningarstarfi milli Frakklands og Íslands. Hún kynntist Charcot vel, var langdvölum í París á fyrri hluta 20. aldarinnar og komst fyrir tilstuðlan hans inn í innsta hring menningarlífsins þar.

Þegar hið glæsilega skip Jean-Baptiste Charcot, Pourquoi-Pas? kom siglandi inn í höfnina var það stórviðburður í hvert sinn: stórt og glæsilegt seglskip með mikilfenglegri seglabúnað en fólk hafði



## Guðmundur Kr. Jóhannsson og Ingibjörg Kristjánsdóttir

*Guðmundur Kristján Jóhannsson fæddist í Reykjavík 29. júní 1922, en ólst upp í Grýtubakkahreppi. Foreldrar Guðmundar voru Jóhann J. Kristjánsson héraðslæknir, f. 7.6. 1898, d. 3.10. 1974, og Inga Guðmundsdóttir húsmóðir, f. 30.3. 1896, d. 22.10. 1970, þau bjuggu á Ólafsfirði 1937-61. Guðmundur lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri árið 1942 og cand. oecon-prófi frá Háskóla Íslands árið 1950. Guðmundur kvæntist 5.6. 1948 Ingibjörgu Dan Kristjánsdóttur húsmóður, f. 15.6. 1925. Guðmundur varð löggiltur fasteignasali árið 1963. Hann var lengi mjög virkur í tónlistarlífinu, var söngstjóri og organisti við Ólafsfjarðarkirkju frá 1950 til 1960 og söngstjóri Karalakórs Ólafsfjarðar frá 1954 til 1960. Hann var söngstjóri Karalakórs Akureyrar frá 1966 til 1970 og aftur frá 1978 til 1984 og organisti við Möðruvallakirkju í Hörgárdal frá 1971 til 1975 og frá 1978 til 1990. Guðmundur var bæjargjaldkeri í Ólafsfjarðarþingum frá 1950 til 1960, skrifstofustjóri hjá K. Jónsson & Co hf. á Akureyri 1960-61, stundaði skrifstofustörf hjá Akureyrarbæ frá 1961 til 1964, var bæjargjaldkeri á Akureyri frá 1964 til 1977. Hann var stofnandi og meðeigandi Fasteignasölu á Akureyri 1971 og framkvæmdastjóri Tölvvangs hf. á Akureyri frá 1977 til 1991. Hann var síðan með bókhaldshjónustu fyrir ýmsa aðila. Hann lést á dvalarheimilinu Hlíð fimmtudaginn 27. nóvember 2008.*

augum litið. Og allir vissu að þarna fór frægur maður, leiðangursstjóri sem hafði siglt alla leið til Suðurskautslandsins, mikill heimsmaður sveipaður ævintýraljóma, fágaður Frakki sem kom með allan heiminn í farteskinu, en um leið maður sem gerði sér engan mannámun, var afar hógvær og hlýr í viðmóti.

Íslendingum, sem ævinlega hafa verið forvitnir um það sem gerist í heiminum, fannst Charcot vera holdgervingur vísinda og þekkingar, rannsóknar og ævintýra, og þeim fannst skipið hans stórglæsilegt, svo tignarlegt að það var ævintýri líkast.

#### 4.

Ég ræddi þetta fyrir nokkrum árum við tengdaföður minn, Guðmund Kr. Jóhannsson á Akureyri. Hann var þá áttatíu og fjögurra ára og mundi enn þann dag í dag eins og það hafi gerst í gær þegar hann var strákur og sá Charcot og Pourquoi-Pas? Hann var ellefu eða tólf ára og bjó ásamt foreldrum sínum á Grenivík í Þingeyjar-sýslu, yst í Eyjafirði austanverðum, þar sem faðir hans, Jóhann J. Kristjánsson, var héraðslæknir. Fyrir drenginn unga var það alla jafna heilmikið ævintýri að fara í kaupstað til Akureyrar, en þennan dag var þetta enn meiri lífsreynsla, því þá fór hann niður að höfn með föður sínum að skoða Pourquoi-Pas?, þetta fræga skip, sem lá þar við akkeri. Þeir feðgar fóru niður á bryggju til að dást að skipinu, það var sólskin og stafalogn og uppi á þilfari sáu þeir rosinn mann „með afskaplega franskt nef og skegg“, eins og hann sagði, sem sat þar við borð og var að skrifa eitthvað. Faðir hans sagði honum að þetta væri Charcot leiðangursstjóri, eða doktor Charcot eins hann var yfirleitt kallaður og hann útskýrði fyrir honum að nafnið á skipinu fallega þýddi: hvers vegna ekki?

Guðmundur minntist þess líka að hafa séð annan mann á skipinu, akfeitann, sem honum fannst stórmerkilegt því hann hafði aldrei séð svo feitan mann áður, en hann veit ekki hver það var. Sjötíu árum síðar stóð þetta honum ljóslifandi fyrir hugskotssjónum.

#### 5.

Sumir viðburðir marka svo djúp spor í líf fólks, jafnvel heilla þjóða eða menningarsvæða, að allir sem reyndu þá muna hvar þeir voru staddir þegar þeir fengu fréttir af þeim. Svo nokkur slík fræg dæmi séu tekin má nefna morðið á Kennedy, ferð manna til tunglsins, morðið á John Lennon eða hryðjuverkin í New York þann 11. september 2001.



*Séð til Pourquoi-Pas? á Akureyrarhöfn, nær sést flugvél.*

Þótt vitaskuld sé ekki hægt að jafna áhrifum þess þegar Pourquoi-Pas? fór út af Mýrum þann 16. september 1936 við þessa heimsviðburði, sýnist mér engu að síður að strandið hafi öðlast viðlíka sess í hugum Íslendinga, í það minnsta í hugum Íslendinga sem muna þetta og eru nú komnir á efri ár. Margir sem ég hef rætt við og lesið um muna nákvæmlega hvar þeir voru staddir og hvað þeir voru að gera þegar þeir fréttu af þessum hörmungaraburði. Svo ég leyfi mér enn og aftur að taka dæmi af fólki sem er mér nákomið: tengdafaðir minn var staddur í sínu litla afskekktu þorpi, en lækurinn faðir hans átti það merka tæki, útvarp, það eina í sveitinni á þessum tíma. Þangað kom síðan fólk af öðrum bæjum til að hlusta á herlegheitin. Þannig var það einmitt, bóndi af nágrennabæ heyrði fréttina tilkynnta í útvarpinu, hann var djúpt snortinn af tíðindunum, fannst þau raunar það merkileg að hann stökk á bak hrossi sínu og reið um alla sveitina til að færa bændum þessi válegu tíðindi.

## 6.

Nokkrum dögum síðar var ellefu ára dama sem síðar varð eigin kona Guðmundar, Ingibjörg Dan Kristjánsdóttir, stödd í Austurstræti í Reykjavík og varð vitni að því þegar líkfylgdin fór hjá, allar líkkisturnar með franska fánann breiddan yfir sem verið var að



Líkfylgdin í Reykjavík eftir að skipið fórst 1936.

flytja upp í kaþólsku kirkjuna. Og þótt ung væri fann Ingibjörg greinilega þá miklu og þungu sorg sem hvíldi yfir borginni, sársaukann og samúðina og þetta hafði svo djúp áhrif á hana að hún man þetta vel enn þann dag í dag. Öll Reykjavík, allt Ísland syrgði þessar frönsku sjóhetjur.

Til marks um mikilvægi framlags Charcots til vísindasögunnar má nefna að nýjasta hafrannsóknaskip frönsku hafrannsóknastofnunarinnar, Ifremer, nefnist *Pourquoi-Pas?* en með því vill franska vísindasamfélagið heiðra minningu Charcots og manna hans á fyrri hluta 20. aldarinnar.

Í Þekkingarsetri Suðurnesja er lítið safn tileinkað minningu Charcots og óslökkvandi þekkingarþrá og sýning sem ber yfirskriftina „Heimskautin heilla“. Sjá nánar á vefnum: [http://stofnanir.hi.is/sudurnes/charcot verkefnið](http://stofnanir.hi.is/sudurnes/charcot_verkefnið). Þar er sögulegt safn og nútímalagar vísindarannsóknir stundaðar undir einu þaki og unnið að öflun nýrrar þekkingar á lífríkinu í hafinu, allt gert í anda Jean-Baptiste Charcots og samstarfsmanna hans sem lögðu lífið í sölurnar fyrir þekkingarleitina.




EIÐUR GUÐMUNDSSON

## Fénaðarfellir í Skriðuhreppi 1801-03 og 1822

*Eiður Guðmundsson bóndi  
á Þúfnavöllum fæddist 1888  
og andaðist 1984.*

*Um æviatriði hans vísast að öðru  
leyti m.a. til Súlna XXXIX. árg.  
nr. 52, 2013, bls. 148.  
– Þátturinn hér á eftir  
befur verið lagferður lítið eitt.*



### Árferði fyrir og um 1800

Eftir að Móðuharðindunum létti af var árferði oftast fremur gott til aldamótanna átjánhundrað og stundum ágætt, svo sem árin 1793, 1797, 1799 og 1800, síðasta ár aldarinnar. Hvað búpeningur var mikill í Skriðuhreppnum á haustnóttum 1784 er ekki vitað. En hitt er víst að nærri þriðjungur hreppsþúa dó á árunum 1784 og 1785, og að meginþorri þeirra sem dó féll úr hor og hungursóttum.

Árið 1790 var lausafjártíund í hreppnum komin upp í 517 hundrað auk kúgilda, sem töldust með jarðarverði og voru eign landeigenda. Eftir það til aldamótanna var tíundin svipuð frá ári til árs, þó með nokkrum sveiflum upp og ofan, en aldrei miklum þó, og 1800 var tíundin 539 hundrað. Á næsta ári fellur hún svo niður í 400 hundrað og 1802 var hún 358 hundrað og enn árið eftir var hún aðeins 342 hundrað. Eftir það hraðóx hún aftur og árið 1807 var hún komin upp í 571 hundrað.

Sem að ofan greinir voru síðustu ár átjándu aldar ágæt, en á

öndverðum marsmánuði 1801 skipti mjög um veðráttu til hins verra. Þann 11. mars geisaði fádæma grimmi ísrekahríð um landið, að minnsta kosti að norðan, vestan og austan. Vestfirðir og norðurhafnir fylltust af hafis og Austfirðir skömmu síðar, allt til Reyðarfjarðar. Síðan voru frosthörkur og stórbyljir með skömmu millibili til 13. apríl. Einkum var Góuþrælsbylurinn 23. mars minnisstæður lengi, vegna stormofsa, fannkomu og frosthörku.

Þó að veðráttu stilltist heldur og drægi úr frostgrimmidinni er á apríl leið, voru sífelldir kuldar og algert gróðurleysi fram í júní. Verulegur sumarbatí kom ekki fyrir en úr sólstöðum. Síðan var sumarið hlýtt og þurr og góð veðráttu til veturnóta. Í nóvember og desember var veðráttu stöðug með umhleyplingum og rosum. Beit nýttist illa, þó enn væru jarðbönn ekki komin.

Með ársbyrjun 1802 hófust stórharðindi á ný. Varð þá einn hinn grimmasi og snjófelldasti vetur sem í mannaminni var. Var svo talið, að enginn stórvetra átjándu aldar hefði komist til jafns við hann með frostgrimmid og fannalög. Stóðu harðindin enn lengra fram á sumar en árið áður. Sumarið var kalt, grassprettu lítil, enda lá hafis fyrir landi langt fram í ágúst, og af Eyjafirði hvarf hann ekki fyrir en eftir þann 20. ágúst.

Síðsumarið og haustið voru í betra lagi og þægileg veðráttu allt til þorrakomu 1803, en þá hófust harðindin enn og sviði ekki til fyrir en á sumarmálum. Í harðindakafla þessum varð stórfellir um allt norðanvert landið og fór Skriðuhreppur þar ekki varhluta af. Fyrsta harðindaárið féll þar miklu meira en hin árin tvö, sem eftir fóru, enda var þá af færri að taka.

Bústaðaskipti og uppflosnanir voru þá mjög tíðar. Hefur það og jafnan verið á harðinda- og fellisárum. Efnabændur, sem bjuggu á góðum jörðum, komust betur yfir fellinn og misstu verulega færra en fátæklingarnir á kotunum, sem kolfelldu sumir. Nokkrir bændur héldu bústofni sínum óskertum öll fellisárin þrjú, en hinir voru margfalt fleiri, sem misstu meira eða minna af skepnum og þá einkum sauðféð, eins og venjulegast er á fellisárum.

Peir sem ekkert munu hafa misst, eða þá mjög lítið, voru: Sveinn Daníelsson á Steinsstöðum, Þorlákur Þorláksson í Engimýri, Sigurður Símonarson Beck á Bakka, Bjarni Magnússon í Staðartungu, Magnús Þorsteinsson í Saurbæ, Þórður Erlendsson á Öxnhóli, Þorsteinn Guðmundsson í Lönguhlíð og Þorlákur Hallgrímsson í Skriðu.

## Fellirinn 1801-1803

Peir sem mest afhroð guldu voru:

Alexander Jónsson Grímseyingur. Hann bjó þá á Neðstalandi. Síðasta fellivorið missti hann flest féð. Þangað til hafði hann bjargast sæmilega, en rétti aldrei efnalega við eftir fellinn.

Annar var Eiríkur Sveinsson í Hólum. Hann missti miklu meira en helming fjárins. Eiríkur var áður efnabóndi með gott bú. Eftir þetta var hann alltaf í fátækt, tapaði heilsu, dó ekki gamall og börn hans fóru á hreppinn.

Flóvent Árnason á Geirhildargörðum kolfelldi féð. Sömuleiðis þeir Ívar Sveinsson á Gili og Guðmundur Jónsson á Varmavatns-hólum. Allir þessir þrír voru fátækir áður og máttu ekki við miklu efnatjóni. Ívar flosnaði upp 1802, enda aldraður nokkuð, en Guðmundur og Flóvent þraukuðu áfram og komu sér upp fénaði aftur.

Ólafur Jónsson í Þverbrekku, síðar á Skjaldarstöðum, og Jón faðir hans (Háagerðis-Jón) í Hálsi og annar Jón Sigfússon (Miðlands-Jón) misstu meiri hluta fjárins 1802. Ólafur var þá ungur og rétti við fljótt og vel. Jónarnir voru báðir fátækir fyrir og voru það áfram. Börn beggja fóru á hreppinn.

Sigfús Jónsson á Hraunshöfða kolfelldi. Hann var blásnaður, en gafst aldrei upp og bjó áfram á Hraunshöfða fram yfir 1820, er hann þraut heilsu og krafta til fulls.

Magnús múrari Jónsson á Skjaldarstöðum missti meginhluta fjárins. Fáum árum síðar hrökklaðist hann frá Skjaldarstöðum vegna reimleika sem stefnt var að konu hans Guðbjörgu Daníelsdóttur frá Steinsstöðum.

Árni Bjarnason á Einhamri stráfelldi féð vorið 1802 og Gunnlaugur Jónsson á Nýjabæ varð þá sauðlaus eða sama sem.

Jón eldri Björnsson frá Hillum var þá nýlega farinn að búa í Flöguseli. Hann missti hverja sauðkind vorið 1802. Ekki lét hann hugfallast því að hann byggði upp bæinn Nýjabæ, er tók af í skriðu haustið 1805, og þangað fluttist Jón svo árið eftir. Nokkrum árum síðar byggði hann Framland og byrjaði að rækta þar tún.

Flögubændur, þeir Jón og Þorsteinn, feðgar, misstu flest fé sitt 1801. Árið eftir fluttust þeir þaðan báðir. Þorsteinn fór að Myrkárdal og bjó þar lengi síðan.

Vorið 1802 voru allir bændur, sem bjuggu fyrir framan Myrká,

orðnir sama sem sauðlausir eða alveg, nema Guðmundur Rögnvaldsson á Ásgerðarstöðum, faðir Vatnsenda-Rósu. Hann hélt búi sínu að mestu. Hann fluttist að Fornhaga þá um vorið.

Í Stóragerði bjó Sigurður Bjarnason gamli. Hafði hann sitt af hverju séð í langri búskaparsögu, hordauða Móðuharðindanna, niðurskurð vegna kláðans og fleira þess háttar. Það höfðu og margir fleiri reynt sem þá lifðu. Sigurður missti miklu meira en helming fjáris 1801.

Tómas Jónsson á Barká var nokkuð efnaður. Hjá honum féll meira en helmingur fjáris 1802. Lenti hann þá í fátækt í bili, en rétti þó fljótlega við.

Í Hallfríðarstaðakoti bjó Jóhannes Árnason, barnmargur fátækl-ingur. Hann varð sauðlaus vorið 1802.

Mikill fellir varð hjá þeim bræðrum Jóni í Brakanda og Þorsteini í Hólkoti, Grímssonum. Jón Sveinsson í Hátúni kolfelldi fé.

Litlu skárna var það í Þríhyrningi hjá Gísla syni Gunnars pósts.

Hroðafellir varð vorið 1801 hjá séra Þórarni Jónssyni skáldi, sem þá bjó í Auðbrekku.

### Árferði framan af 19. öld

Tvo fyrstu tugi nítjándu aldar var árferði í lakara lagi. Byrjunin var aldamótaharðindin 1801 til 1803. Illært var 1812 og aftur 1815 til 1818. Var nokkur fellir annað veifið, en þó ekki svo, að tíund lækkaði, nema árið 1812, er hún féll úr 507 hundruðum árið 1811 niður í 420 hundruð árið 1812. Á þessum fyrstu tuttugu árum aldarinnar komu líka góð ár og sum ágæt. T.d. 1813, 1814 og aftur 1819 og 1820.

Árið 1821 byrjaði vel og veturinn var góður, en miklir kuldar um vorið. Sumarið var óþurrkasamt. Gekk þá erfiðlega með heyskap og hey urðu úti um haustið. Vetur féll á um fyrstu göngur. Sunnudaginn 16. september, sem var fyrsti gangnasunnudagur, brast á grenjandi norðaustan stórhrið. Hélt hún þann dag allan og fram á næsta dag. Göngur fórust alveg fyrir og miklir erfiðleikar urðu með fjallskil um haustið sakir illviðra og snjóa. Ekki er þess þó getið, að fé fennti að ráði, þó má vel vera að svo hafi verið og er reyndar líklegt. Svo áköf var hriðin þennan umrædda sunnudag, að gangnamenn, sem á leið voru í göngur, tepptust og náðu ekki áfangastað um kvöldið.

Haustið allt var hið versta, svo og veturinn fram til miðs ein-

mánaðar. Ekki leysti snjóinn úr gangnabylnum fyrr en þá. Mikill fellir varð um vorið. Vond og lítil hey frá undangengnu sumri og vetrarharðindi reyndust mörgum þung í skauti. Þó að féð skrimti þar til vorbatinn kom, var það víða orðið svo langdregið, að því var ekki lífs von.

Miklu fleira féll í Öxnadal en Hörgárdal, enda er Öxnadalur veðraverri og snjófelldari þegar illa árar. Hins vegar var talið, að þar væri fullt svo gott að búa sem í Hörgárdal, þegar árferði var gott.

Vorið 1821 voru framtalin lausafjárhundrað í Skriðuhreppi forna 629 hundruð á landsvísu (kúgildi á jörðum eru ekki talin þar með). Vorið eftir voru þau 478. Hafði þeim fækkað um 151 á árinu og ekki komst tíundin aftur í sömu hæð og áður var fyrr en árið 1829, en þá var hún 651 hundrað.

Frá fellisvorinu 1822 og til 1835 var árferði oftast gott og stundum einstök veðurlíða, svo sem 1828, 1829 og 1833. Enda var tíundin vorið 1834 orðin 792 hundruð.

### Fellir bænda í Öxnadal 1822

Á Syðri-Bægisá bjó Tómas Egilsson frá Hjálmsstöðum í Eyjafirði. Meðal sona hans voru Egill í Bakkaseli og Andrés á Syðri-Bægisá. Tómas bjó áður á Hallfríðarstöðum og þaðan fluttist hann að Syðri-Bægisá vorið 1803. Tómas var vel efnaður og átti jörðina, 1821 tíundaði hann 16½ hundrað, en 12½ hundrað árið eftir. Auðsjáanlega hefur fellir verið þar mikill.

Á Neðstalandi bjó Sigfús Jónsson frá Efstalandi. Hann hafði víða búið og oft við allgóð efni. Hann var þá gamall orðinn og hætti að búa um vorið. Hvort eitthvað féll hjá honum verður ekki vitað.

Þá fluttist frá Gili að Neðstalandi Jónatan Þorfinnsson, sá er síðar bjó á Silfrastöðum og kunnur er frá þjófnaðarmáli Bólu-Hjálmars. Jónatan var mikill atgerfismaður og skólagenginn. Meðan hann bjó í Öxnadal, naut hann mikilla vinsælda. Hjá honum féll mjög margt.

Á Miðlandi var Jón Sigfússon, Miðlands-Jón. Hann var ör-snaður. Hafði eina kú og eitt ásauðarkúgildi. Þessar fáu skepnur hans lifðu harðindin.

Á Efstalandi var Sigfús Þorleifsson frá Gili, einhleypur efnaður. Þar féll meiri hluti fjárins og tíund hans lækkaði úr 8½ hundraði í 4½. Þetta vor fluttist frá Saurbæ að Efstalandi, í mót-býli við Sigfús, Jóhannes Jónsson móðurfaðir Sigurðar á Öxnhóli.



*Horft norður eftir hlaðinu á Hrauni í Öxnadal 1929.*

*Ljós.:* Adolf Schröter.

I Efstalandskoti bjó Páll Eiríksson, faðir Þorkels, sem hvarf í Þverbrekku. Páll var fátækur, en mun ekki hafa misst neitt að ráði. Hann fluttist um vorið að Hraunshöfða, en að Efstalandskoti kom frá Þverbrekku Jón Hermannsson. Hann hafði áður á Kotinu búíð og mun hafa átt það. Jón missti margt af fénu og tíundin féll úr 15 hundruðum niður í 9½.

Rannveig Jónsdóttir, ekkja séra Hallgríms Þorsteinssonar, bjó á Steinsstöðum. Hjá henni féll tíundin úr 13 niður í 8½ hundrað. Þá um vorið fór Tómas Ásmundsson tengdasonur hennar að búa á móti henni og hafði talsvert bú. Er með öllu óvíst hvort þar hefur nokkur fellir orðið.

Á Þverá bjó Hallgrímur Þorleifsson Hann hafði búíð þar frá því fyrir aldamót og búíð vel. En þetta vor féll tíund hans úr 13½ hundraði niður í 8½.

Á Hólum bjó Guðmundur Ólafsson frá Þverbrekku, Jónssonar. Guðmundur hafði lengi búíð í Sörlatungu áður en hann fluttist að Hólum. Hann var búiöldur mikill og frábær dugnaðarþjarkur. Var hann gamall orðinn, búinn að vera við bú frá því fyrir Móðuharðindi og hafði marga hrinuna af sér staðið. En nú varð stórfellir hjá honum og tíundin lækkaði úr 17½ hundraði niður í 8 hundruð, eða meira en um helming. Um vorið byggði Guðmundur Þorlák Þorlákssyni í Engimýri tvo þriðju hluta Hóla og fluttist Þorlákur þangað. Hafði hann misst talsvert um vorið.

Í Engimýri var Ólafur Jónsson frá Hrauni, þá nýkvæntur Hrauns-Jóku. Hann hafði búíð í mótbýli við Þorlák Þorláksson.

Vorið næsta fluttist Ólafur að Hrauni við lát föður síns. Ólafur var búmaður mikill og bjargaði fé sínu öllu.

Á Geirhildargörðum var Halldóra Flóentsdóttir, Árnasonar. Vegna margendurtekinna hörbrota var hún skilin með dómi frá manni sínum, Árna Guðmundssyni frá Mógili á Svalbarðsströnd. Halldóra var bláfátæk og missti þessar fáu skepnur sem hún átti. Vorið eftir hrökkladist hún frá Geirhildargörðum og dó ekki löngu síðar, hálfertug að aldri.

Bjarni gamli Bjarnason, sem þá var kominn á níraðisaldur, bjó í Fagranesi. Var það hans síðasta búskaparár. Hafði hann þá búið meira en hálfá öld, lifað þrjú stórfellistímabil áður og oft í krappann komist. Tíund hans lækkaði úr 9 hundruðum í 6½. Sonarsonur Bjarna gamla var Bjarni Pétursson á Efstalandi.

Í Gloppu bjó Kristján Steinsson, afi þeirra Jóns Steinssonar í Staðartungu og Friðbjörns Steinssonar bóksala á Akureyri. Kristján var þá roskinn. Hann var dugnaðarbóndi og í talsverðum efnunum. Hjá honum féll margt og tíundin fór úr 12½ hundraði niður í 8½.

Jónatan Þorfinnsson fluttist um vorið frá Gili að Neðstalandi eftir mikinn felli, sem fyrr getur. Að Gili fór Guðmundur Jónsson frá Varmavatnshólum. Hann hafði nærri kolfellt um vorið. Það hafði einnig hent hann í aldamótaharðindunum. Að Varmavatnshólum fluttist þá Magnús sonur Féeggsstaða-Gunnlaugs. Það var upphaf að farsælum búskap hans.

Á Bessahlöðum hokraði Guðmundur Sigurðsson og var sárfátækur. Hann átti fjölda barna. Sum þeirra voru alin upp á hreppnum. Guðmundur missti um helming skepnanna.

Þeir bræður, Stefán sveri og Magnús Jónssynir frá Ási, báðir örsnauðir, fluttust um vorið að Þverbrekku, en Jón Hermannsson fór þaðan að Efstalandskoti.

Í Hálsi bjó Árni Jónsson, móðurfaðir Myrkár-Helgu, roskinn þrifabóndi. Hjá honum féll tíundin úr 11 hundruðum niður í 8 hundruð og er það minna hrun en hjá flestum Öxndælingum öðrum.

Jónas Jónsson, Ólafssonar – Steinsstaða-Jóns – bjó stórbúi í Hrauni og var þá mestur bóndi í hreppnum annar en Þorlákur í Skriðu. Árið 1821 tíundaði Jónas 22 hundruð, en árið eftir 14½ hundrað. Þar varð því stórfellir. Jónas dó þetta ár og Ólafur sonur hans fluttist að Hrauni frá Engimýri 1823. Ólafur bjó þar síðan til æviloka 1831 og farnaðist ágætlega.

Guðmundur sonur Guðmundar í Hólum, Ólafssonar, var þá

ungur bóndi á Auðnum. Hann var mikill atorku- og gróðamaður, eins og faðir hans hafði verið. Varð Guðmundur seinna einn af mestu bændum hreppsins, er hann bjó í Staðartungu. Hann átti mörg börn, öll léleg að gerð þrátt fyrir gott móðerni. Eitt þeirra var Sigurður hróið mitt, faðir Sigmundar í Bási. Tíund Guðmundar lækkaði úr 14 hundruðum niður í 10 hundruð.

Þorsteinn Jónsson frá Silfrastöðum, Erlendssonar úr Málmei, bjó þá á Bakka og hafði gott bú. Hann fluttist um vorið vestur til Skagafjarðar, en að Bakka komu Egill, síðar kenndur við Bakkasel (þáttur um hann eftir Bernharð Haraldsson er í Súlum 2014, bls. 72-93), og Bólu- Hjalmar. Hvort Þorsteinn varð fyrir skepnumissi er óvíst. Síðar bjó hann á Gilhaga í Tungusveit. Frá honum er ágætt fólk komið.

Sigfús Jónsson á Hraunshöfða, gamall og snauður, kolfelldi þá í annað sinn, flosnaði upp og fór á hreppinn.

Að Hraunshöfða kom Páll í Efstalandskoti, sem fyrr getur.

Á Skjaldarstöðum bjó Ólafur Jónsson frá Þverbrekku. Hann hélt búi sínu áfallalaust.

Annar Öxndælingur sem það tókst var Ólafur Jónsson frá Hrauni, er þá bjó í Engimýri.

Jón Jónsson hússi frá Silfrastöðum var á Miðhálsstöðum. Hann hafði talsvert búhokur. Jón fluttist vestur með Þorsteini bróður sínum þá um vorið. Óvíst er hvort eitthvað féll hjá honum.

### Fellirinn 1822 í Hörgárdal

Þá er förlinn um Öxndal lokið og komið yfir í Hörgárdal. Þaðan er miklu skárri sögu að segja, þó ekki sé hún góð.

Í Staðartungu bjó Bjarni Magnússon frá Bakka. Var hann búinn að vera bóndi þar síðan 1790. Hann bjó ágætlega og hafði hvers manns traust og lof. Hjá honum varð enginn horfellir fremur en endranær.

Í Búðarnesi bjó Halldór Jónsson prests á Myrká, Jónssonar og bjó vel. Hann hélt sínu stóra búi óskertu.

Gísli sonur Gunnars pósts Rafnssonar, bjó þá í Bási við mikla fátækt og ómennsku, að því er talið var. Hann missti ekkert svo að teljandi væri.

Bjarni Árnason, sem bjó á Einhamri eftir föður sinn, fluttist burtu um vorið. Bjarni hafði fátt búsmala og var fátækur. Hvort hann missti úr hor þá um vorið er óvíst.





*Horft inn Hörgárdal frá Bjargarmelum.*

*Ljós m.: Hans Kuhn, 1938.*

Kristján Sigurðsson, sá er seinna bjó í Stóragarði og best orð gat sér fyrir hjálpssemi blóðvorið 1859, var þá frumbýlingur á Nýjabæ. Hjá honum varð mikill fellir og tíundin lækkaði úr 8 hundruðum niður í 5 hundruð. Það var í fyrsta og síðasta skipti sem Kristján drap úr hor.

Framlands-Jón Björnsson missti ekkert, þó var búið miklu stærra en sem svaraði til jarðarinnar.

Flögusels-Björn Sigfússon missti helming eða meira af áhöfninni, var hún þó lítil.

Jón Björnsson í Ásgerðarstaðaseli varð og fyrir miklum skaða, þó að þrífinn bóndi væri.

Á Ásgerðarstöðum bjó Rósa Þorsteinsdóttir frá Stærra-Árskógi, ekkja séra Jóns á Myrká. Hjá henni lækkaði tíundin úr 11½ hundruði niður í 7½ hundruð.

Í Flögu bjuggu þeir Tómas Jónsson og Jónas Björnsson frá Hillum, tengdafaðgar. Voru þeir báðir með smábú. Hjá þeim féll eitt-hvað, en ekki margt. Tómas fluttist að Einhamri um vorið.

Hjá Friðfinni Loftssyni í Stóragarði, Þorsteini Jónssyni í Myrkárdal, séra Gamalíel Þorleifssyni á Myrká, Sigfúsi Rögnvaldssyni í Gerði, Jóhannesi Jónssyni í Saurbæ og sambýlismanni hans



*Staðartunga séð norðanfrá, ull til þerris á hlaðinu.*

*Ljós. : Úr torfbæjum inn í tækniöld.*

Jóni Jónssyni, Steingrímssonar, féll fátt eða ekkert. Þar hafa vor-gæðin í suðurhlíð Slembimúla orðið til bjargar.

Á Þúfnavöllum bjó Sigurður Halldórsson, faðir Kristjáns í Stóragerði. Túnd hans féll úr 14 hundruðum í 11 hundruð.

Þá var Féeggsstaða-Gunnlaugur Magnússon í Baugaseli. Hann var búmaður mikill. Hjá honum lækkaði túndin úr 17½ hundraði ofan í 13½ hundrað.

Sigurður gamli Björnsson á Féeggsstöðum missti ekkert.

Ekki heldur Björn Jónsson í Sörlatungu. Hann hafði gott bú.

Á Barká bjó Halldór Jónsson, gamall orðinn og fátækur. Hjá honum varð fellir nokkur.

Erlendur Þórðarson á Öxnhóli missti margt. Túnd hans féll úr 12 hundruðum niður í 8½ hundrað.

Jón eldri Þorláksson frá Skriðu bjó á Hallfríðarstöðum. Þar varð nokkur fellir, eða úr 11 hundruðum niður í 8 hundruð.

Í Hallfríðarstaðakoti bjó Ingibjörg Arnfinnsdóttir, ekkja eftir Jóhannes Árnason, er þar bjó lengi við sára örbirgð. Hún var tuttugu barna móðir og hafði horft á eftir þeim flestum niður í gröfina. Hún hélt öllum sínum fáu skepnum. Sonarsonur hennar var Arnfinnur Stefánsson, faðir Jóns í Litla-Dunhaga.

Guðmundur Þorsteinsson í Lönguhlíð missti margt og Björn Hallsson á Starrastöðum sem þá var orðinn gamall, kolfelldi og flosnaði upp.

Þorlákur Hallgrímsson í Skriðu, sem þá var mesti bóndi hreppsins, varð fyrir einhverju tjóni. Tíund hans lækkaði úr 33 hundruðum í 28 hundruð.

Í Dagverðartungu bjó Jón Steingrímsson, Skagfirðingur. Hann hafði gott bú. Þar bjargaðist allt áfallalaust.

Sveinn Stefánsson frá Flatatungu bjó í Fornhaga. Hann missti margt. Tíund hans lækkaði úr 9½ hundraði niður í 6½ hundrað. Sveinn bjó seinna á Silfrastöðum og var dugnaðarbóndi.

Jón Grímsson í Brakanda, faðir Gríms pósts berhenda, og Þorsteinn, bróðir hans í Hólkoti, faðir Barðs-Elínar, báðir fátækir kotungar, misstu ekkert, en Magnús sæti Þórðarson í Hátúni missti allt. Hann er í hreppsþókninni kallaður bóndanefna.

Séra Árni Halldórsson, sem þá var Möðruvallaprestur, bjó í Auðbrekku. Tíundin féll hjá honum úr 24 hundruðum niður í 17 hundruð. Drjúgt hefur fallið þar.

Þórður Jóhannesson frá Hallfríðarstaðakoti var Þríhyrningsbóndi. Hann var fátækur og hafði lítið bú. Kindurnar munu flestar hafa fallið.

Jón Flóventsson í Stóra-Dunhaga hélt búi sínu öllu. Honum brugðust aldrei vitsmunir, fyrirhyggja og úrræði.

Í Dunhagakoti hokraði Jón Ásmundsson með örfáar skepnur. Þær lifðu allar.

## Lögmannshlíð – óvenjulegt minningarmark

Jörðin Hlíð í Kræklingahlíð kemur snemma við sögur, en var þó ekki landnámsjörð. Hún er nefnd í Ljósvefninga sögu, og er talið að þá hafi búið þar Þorkell nokkur, sem virðist hafa verið friðseldarmaður. Hlíð er nefnd í Íslendingasögu í Sturlungusafninu, en þangað komu menn Gissurar jarls snemma árs 1254 í leit að brennumönnum eftir Flugumýrabrennu. Þá virðist hafa búið í Hlíð Grímur Einarsson skegg.

Seint á 13. öld bjó í Hlíð Sigurður Guðmundsson, sem nefndur er bæði í sögu Árna biskups Þorlákssonar og sögu Laurentius biskups í sambandi við deilur Jörundar Þorsteinssonar Hólabiskups og Sigurðar vegna Möðruvalla í Hörgárdal. Sigurður var lögmaður norðan lands og vestan árið 1292. Þá var hann sennilega farinn að eldast eitthvað en ekki er vitað hvenær hann dó. Sonur hans var Guðmundur, sem var lögmaður norðan lands og vestan 1302-16 en sunnan lands og austan 1321-40, og um allt land 1338-40. Hann hefur sennilega dáið upp úr því, enda vafalítið farinn að eldast. Guðmundur var útnefndur riddari 1316, enda einn helsti fyrirmaður þjóðarinnar á sinni tíð. Hann bjó í Hlíð eftir föður sinn. Kona Guðmundar var Gróa dóttir Odds riddara Þorvarðssonar hirðstjóra Þórarinssonar, og var hún því stórættuð.

Sonur Guðmundar og Gróu var Sigurður yngri Guðmundsson sem var lögmaður norðan lands og vestan 1358-60, en sunnan og austan 1376-77 og um allt land 1380. Sigurður bjó eitthvað í Lögmannshlíð en síðan á Silfrastöðum, og virðist Þorvaldur bróðir hans aðallega hafa búið í Lögmannshlíð um og upp úr miðri 14. öld. Sonur Sigurðar yngri var Guðmundur (d. 1380), líklega föðurfaðir Teits lögmanns hins ríka Gunnlaugssonar í Bjarnanesi, en lögmannstíð hans á 15. öld var löng.

Fullvíst má telja að á 14. öld hafi verið farið að nefna bæinn Lögmannshlíð vegna búsetu lögmannanna þriggja þar. Nafnbreyting bæjarins hefur sennilega gerst á þó nokkrum árum.

Nafnbreytingar bæja á þessum tíma voru ekki óþekktar, og má nefna að bærinn Tungja í Blöndudal fékk nafnið Finnstunga, sennilega eftir Finni nokkrum sem þar bjó að því er virðist æðilengi um 1360 eða svo. Um nafn þessarar jarðar segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1708: „Sølvatunga, almennilega



Lögmannshlíðarkirkja 2013.

Ljós. Björn Teitsson.

um lánan aldur kölluð Finnstunga“. Hermt er að nafnið Sölvatunga hafi verið dregið af nafni Sölva nokkurs sem hafi fengið jörðina að gjöf, líklega um miðja 15. öld. Síðar nefnist jörðin þó oftast Finnstunga. Nóg um það.

Á 15. öld er í heimildum stundum talað um Hlíð en stundum um Lögmannshlíð, og fram eftir 16. öld er í Íslensku fornbréfasafni talað um Hlíðarkirkjusókn (í stað Lögmannshlíðarkirkjusóknar), sem er þá stytting. Í Jarðabók Árna og Páls, gerðri 1712, er Lögmannshlíð lýst sem öðrum jörðum. Dýrleiki heimajarðarinnar er sagður 60 hundruð, þ.e. 60 kúgildi, en með afbýlunum er öll jörðin tóttu hundruð (100 kúgilda virði). Afbýli eða hjáleigur í byggð voru þá Esjuvellir, Titlingur, Kollugerði og Rangárvellir, en Bandagerði er nefnt sem eyðiból. Þrúbýli var í sjálfri Lögmannshlíð og einn ábúandinn, Jón Vigfússon, átti alla jörðina. Kirkjan í Lögmannshlíð átti jörðina Kífsá, 10 hundruð, og landnámsjörðina Glerá, 40 hundruð. Lögmannshlíð var mjög landmikil jörð, átti land á Glerárdal og niður með ánni að sjó á norðanverðri Oddeyri eða norðan hennar. Farvegur Glerár hefur ekki ávallt verið hinn sami neðst.

Enginn vafi er á að snemma eftir kristnitöku hefur verið byggð kirkja í Lögmannshlíð. Í kaþólskri tíð var hún helguð Ólafi konungi hinum helga eða digra. Jörðin var hins vegar aldrei í eign kirkjunnar, heldur ávallt í einkaeign, og eigandi jarðarinnar taldist líka eiga kirkjuna og átti þá að halda henni við. Kirkjan var þannig svokölluð bændakirkja, en bændakirkjur gátu átt eigin eignir, og þannig átti Lögmannshlíðarkirkja sem sagt lengi jarðirnar Glerá og Kífsá.

Eftir siðaskipti var Lögmannshlíð í Glæsibæjarprestakalli, og var kirkjuvegurinn frá Glæsibæ að Lögmannshlíð talinn vera rösklega tveggja stunda gangur. Þegar illa viðraði þótti rétt að fara nær sjónum, sem var lengri leið. Glæsibæjarprestur þjónaði einnig Svalbarði, handan Eyjafjarðar, og hafði því þrjár kirkjur á sínum snærum. Árið 1873 í janúar varð ungur Glæsibæjarprestur úti á leiðinni frá Lögmannshlíð að Glæsibæ, hann hét Jón Jakobsson.

Sóknaskiptingin var þannig í Kræklingahlíð að bæirnir Steintún og Blómsturvellir og byggð þaðan inn til Glerár tilheyrðu Lögmannshlíðarsókn, en ytri bæirnir heyrðu undir Glæsibæjarsókn.

Þá vikur sögu að mjög sérkennilegu minningarmarki, eða legsteini, sem nú er að finna í kirkjugarðinum við Lögmannshlíðar-



*Minningarmark yfir Braga Skarphéðinssyni.*

*Ljós. Björn Teitsson.*

kirkju. Þar undir hvílir Bragi Skarphéðinsson. Hann fæddist í Reykjavík 24. nóvember 1933 og andaðist á dvalarheimilinu Hlíð á Akureyri 20. október 2007. Faðir hans Skarphéðinn Vémundsson var verkamaður. Kona Braga hét Esther Vagnsdóttir og þau eignuðust saman synina Egil, Skúla og Snorra. Bragi lærði járnsmíði í Reykjavík og lauk prófi frá Iðnskólanum þar. Hann starfaði á Akureyri við járnsmíði og vélgæslu 1972-81 og bjó þá í Glerárhverfi, sem löngum hefur heyrt undir Lögmannshlíðarsókn. Hann átti líka heima víðar um land en flutti á ný til Akureyrar 1999. Hann var tónelskur og einn af stofnendum Lúðrasveitar verkalýðsins í Reykjavík sem hann lék með. Hann var róttækur sósíalisti að lífsskoðun, félagi í Sósíalistaflokknum og Alþýðubandalagi.

Bragi var jarðsettur í kirkjugarðinum í Lögmannshlíð 2007 og yfir hann var að ósk hans sjálfs sett minningarmark eða legsteinn, ofanvert með rauðri stjörnu þar sem eru innfelld hamar og sigð. Sonur Braga, Skúli sem býr á Sauðárkróki, er járnsmiður og vélstjóri eins og faðirinn og kom að uppsetningu minningarmarksins, sem er sennilega einstætt hérlendis en hæfir lífsskoðun Braga heitins ágætlega.

Skúla Bragasyni er þökkuð aðstoð við samningu þessa pistils.

*Björn Teitsson tók saman*

## Skýrsla stjórnar fyrir árið 2014

Stjórn félagsins skipa: Jón Hjaltason formaður, Hermann Óskars-son varaformaður, Guðmundur Steindórsson gjaldkeri, Birgir Þórðarson ritari og Birgir Sveinbjörnsson stjórnarmaður. Var-menn í stjórn eru Lára Agústa Ólafsdóttir og Bernharð Haralds-son. Endurskoðandi, Karl Gunnlaugsson. Ritstjóri Súlna, Björn Teitsson (netfang, banna@simnet.is). Í ritnefnd með honum sitja Ása Marinósdóttir (asamar02@gmail.com) og Jón Hjaltason (jonhjalta@simnet.is).

Enn er unnið að Eyfirðingum. Jóhann Ólafur Halldórsson hyggst ljúka við nafnaskrána í vor (2015) og er mál að hefja enn eina fjársöfnunina til að standa straum af útgáfunni. Árangur þeirrar baráttu mun ákvarða hvenær ritverkið kemur út. Við erum enn að fá ábendingar um eitt og annað sem betur má fara í verkinu stóra og fögnum þeim og þökkum.

Á árinu var keyptur stór og mikill listi yfir Eyfirðinga 45 ára og eldri – líka brottflutta – í því skyni að kynna þeim félagið og Súlur í þeirri von að fjölga mætti félögum. Ennþá hefur þetta þó ekki skilað þeim árangri sem að var stefnt, skiljanlega, því úthringjarinn hefur varla hafið störf þegar þetta er ritað. Hann hefur þó gefið góðar vonir um að söfnun nýrra félagsmanna geti senn hafist og bindum við miklar vonir við að hafa erindi sem erfiði.

Í þessu sambandi viljum við skora á alla félagsmenn að leggja okkur lið, kynna ritið og afla nýrra félaga. Þið megið netja af-raksturinn á formann eða gjaldkera, Guðmund Steindórsson (gudps@simnet.is).

Munið svo að njóta lífsins – og ef ykkur kemur eitthvað í hug sem á erindi í Súlur þá endilega heyrið í Birni ritstjóra.

Með kærri þökk fyrir árið.

*Stjórn Sögufélags Eyfirðinga*



